

Breytti reglum tískunnar  
**FRANSKI HÁTÍSKU-  
HÖNNUÐURINN YVES  
SAINT LAURENT LÁTINN**

46



## Í MINNINGU DJASSISTA

Árni Scheving hefði orðið sjötugur á morgun. Fréttablaðið rifjar upp feril þessa merka tónlistarmanns.



34

# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

7. júní 2008 – 153. tölublað – 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## LAUGARDAGUR



### VANDINN AÐ VELJA SÉR LIÐ

EM í knattspyrnu hefst í dag og margir Íslendingar munu neyðast til að velja sér nýtt lið til að styðja. Fréttablaðið skoðar málin á hreinskilinn og hlutlausan hátt.

HELGIN 36-38



## VEÐRIÐ Í DAG



**HVESSIR MED RIGNINGU** Í dag verða austan 8-18 m/s sunnan til, hvassast allra syðst en 5-10 annars staðar. Fer að rigna sunnan til um hádegi. Rigning víða um land í kvöld, sist norðaustan til.

VEÐUR 4

## Boðið að stofna nýtt félag í jarðhitaútrás

Guðmundi Þóroddssyni var boðið að stofna jarðhitafyrirtæki í samstarfi við bandarískan fjárfestingarsjóð. Stofnfé telur hann um tuttugu milljarða. Hann segir Vilhjálm P. ekki hafa séð lista um kaup á hlutafé í REI á stjórnarfundum OR.

**ORKUMÁL** Guðmundur Þóroddsson, fyrrverandi forstjóri Orkuveitunnar og REI, fékk tilboð frá bandarískum fjárfestingarsjóði um að stofna nýtt jarðhitafyrirtæki á þeirra vegum. Hann telur að Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, fyrrverandi borgarstjóri, hafi sagt rétt frá þegar hann fullyrti að hann hefði ekki séð lista yfir nöfn þeirra sem áttu að fá að kaupa hlutafé á stjórnar- og eigendafundi Orkuveitunnar í upphafi REI-málsins.

Í ítarlegu viðtali við Fréttablaðið segir Guðmundur að áður en honum var sagt upp störfum sem forstjóra Orkuveitunnar og REI

hafi bandarískur fjárfestingarsjóður leitað til hans um stofnun jarðhitafyrirtækis. Spurður um peningahlíð þessa máls segir Guðmundur að enginn fari af stað með nýtt jarðhitafyrirtæki með minna stofnfé en um það bil tuttugu milljarða króna. „Þessi verkefni eru einfaldlega svo stór að það er ekki farið af stað fyrir minna.“

Guðmundur rifjar upp stjórnar- og eigendafund Orkuveitunnar þar sem það var tilkynnt að REI og Geysir Green Energy yrðu sameinuð. Hann segir að Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, þáverandi borgarstjóri, hafi sagt rétt

frá varðandi það að hafa ekki séð nafnalista á fundinum yfir þá sem áttu að fá að kaupa hlutafé í REI. Vilhjálmur var hins vegar rengdur um þetta og upphaf REI-málsins er oft rakið til fundarins. „Ég var spurður um þetta einu sinni og svaraði því. En ég hafði ekki hugmynd um það á þeim tíma að Vilhjálmur hefði ekki fengið listann,“ útskýrir Guðmundur. Hann telur Vilhjálm ekki bera ábyrgð á málalyktum í REI-málinu.

Guðmundur segist hafa rætt við Kaupþing um grundvöll þess að stofna félag starfsmanna um fjármögnun á verkefnum REI.

- shá / sjá síður 30-32



MIKHAIL GORBATSJOV Varð síðasti leiðtogi Sovétríkjanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mikhail Gorbatsjov:

## Vill safn um Sovétgrimm

**RÚSSLAND, AP** Mikhail Gorbatsjov, sem var síðasti leiðtogi Sovétríkjanna áður en þau liðu undir lok fyrir tæpum tveimur áratugum, vill að stofnað verði nýtt safn í Rússlandi sem yrði helgað grimmdarverkum Sovétstjórnarinnar og fórnarlömbum þeirra.

„Sigrast þarf á gleyskunnni, styrkja þarf lýðræði og frelsi,“ sagði Gorbatsjov í yfirlýsingu, þar sem hann kynnir þessa hugmynd.

Hann varaði sérstaklega við nýlegum tilraunum fólks í Rússlandi til að sýna Jósef Stalín í góðu ljósi, sem „snjallan framkvæmdastjóra“ frekar en blóðþyrstan harðstjóra.

- gb

Olíuverð aldrei hærra:

## Olían í 150 dali innan mánaðar

**OLÍUVERÐ** Enn hækkar olíuverð og fór fatið af hráolíu í 139 dollara í gær. Það var hækkun um 11 dollara og hefur olíuverð aldrei verið hærra. Gengi hlutabréfa á Bandaríkjamarkaði tók mikla dýfu í gær í kjölfar olíuhækkunarinnar.

Bandarísku bankarnir Morgan Stanley og Goldman Sachs spá því að verð á olíufati fari í 150 dollara innan mánaðar. Bankarnir draga línuna við 4. júlí, þjóðhátíðardag Bandaríkjanna.

Nokkuð hefur borið á því að fjárfestar hafi flúið yfir í olíuna til þess að verja sig fyrir lækkuð dollarans.

- kóp



**ÞJÁÐST FYRIR LISTINA** Menn leggja ýmislegt á sig fyrir listina og svipurinn á Amber ber með sér að húðskeytingar eru ekki sársaukalausar. Hún lét sig þó hafa það og Mindy, sem mundar húðflúrpenann, rýnir í fyrirmyndina. Það er líka eins gott að vanda sig því erfitt er að stropa út ef vitlesur eru gerðar. Íslenska tattúrastefnan er nú haldin í þriðja sinn. Hún fer fram á Tunglinu og stendur til morguns.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Dragana Zastavnikovic flúði átök í fyrrum Júgóslavíu:

## Öðlaðist nýtt líf á Íslandi

**FLÓTTAFÓLK** „Við hjónin vorum flæmd frá Júgóslavíu fyrir það eitt að ég er Króati en hann Serbi. Á þessum árum gat blandað hjónaband verið dauðasök,“ segir Dragana Zastavnikovic. Fjölskylda hennar var í hópi flóttafólks sem kom til Ísafjarðar 1996.

„Koman til Íslands veitti mér

annað tækifæri og hér hef ég öðlast nýtt líf. Við eigum að veita fleirum það tækifæri sem Íslendingar voru svo góðir að veita mér,“ segir hún.

Hún segir umræðu um flóttafólk vera á villigötum. „Þetta er mannúðaraðgerð og snýst um að hjálpa fólki. Fólk sem talar um

mikinn kostnað veit ekki hvað það er að tala um. Vissulega getur einhver heilbrigðiskostnaður fylgt fólki sem hefur verið lengi á flóttu.

Flóttafólk er hins vegar ekki að biðja um einhvern lúxus, aðeins færi á að lifa öruggu lífi með fjölskyldu sinni.“

- kóp/ sjá síðu 16

# OPIÐ

til **20**  
alla daga

**HAGKAUP**  
Ein færð betra verð

**NÆSTUM NÝIR  
NOTAÐIR BÍLAR**

www.bilathing.is

**BÍLAPING HEKLU**

Númer eitt í notuðum bílum

Klettháls 11 | Laugavegur 174

muundu  
eftir  
mjólkinni!





Guðjón, er þetta ekki alveg agaleg nefnd?

Jú, það eru orð að sönnu. Þetta er alveg agalegt.

Aganefnd KSÍ dæmdi Guðjón Þórðarson, þjálfara Skagamanna, í eins leiks bann fyrir ummæli sín eftir leik gegn Keflavík.

Hollendingur í varðhaldi: Kókaínið loks á leiðinni niður

**LÖGREGLUMÁL** Hollenskur karlmaður sem setið hefur í fangelsinu á Suðurnesjum undanfarna daga hefur nú losað sig við tíu til fimmtán fíkniefnapakka. Samkvæmt röntgenmyndum er gert ráð fyrir að enn leynist 40 til 50 pakkar í iðrum mannsins. Þeir eru komnir neðarlega í meltingarveginn, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins. Líkur eru taldar á að nokkur hundruð grömm af kókaíni séu í þökkunum.

Maðurinn var handtekinn á fimmtudagskvöld fyrir rúmri viku í Leifsstöð. Hann var að koma frá Amsterdam.

- jss



**FRÉTTABLAÐSKASSINN** Þeim, sem óska eftir að setja upp Fréttablaðskassa eða vilja dreifa blaðinu, er bent á að senda fyrirspurnir á dreifing@posthusid.is eða hringja í síma 585-8300.

Dreifing blaðsins í sumar: Fréttablaðið á vegum landsins

**FRÉTTABLAÐIÐ** Dreifing Fréttablaðsins verður aukin í sumar. Blaðið verður lagt fram í sérstökum kössum á ferðamannaslóðum. Fyrsti kassinn hefur nú þegar verið settur upp við afleggjarann að Hallkels-hólum í Arnassýslu.

Dreifing á blaðinu á þennan hátt í mörgum af helstu sumarþáttum byggðum bæði á Suður- og Vesturlandi. Blöðin verða endurnýjuð daglega og ósott blöð fjarlægð. Fréttablaðið verður áfram aðgengilegt hjá sölu- og þjónustufyrirtækjum víðs vegar um landið.

- hþj

Kostnaðarsamri úttekt á húsum við Laugaveg er lokið:

## Dýrt að meta Laugavegshúsin

**SKIPULAGSMÁL** Borgaryfirvöld hafa sent húseigendum við Laugaveg tæplega 300 bréf þar sem þeim er tilkynnt niðurstaða úttektar á húsum þeirra. Verktakar voru ráðnir til starfana. Dýrustu framkvæmdir sem kallað er eftir hlaupa á milljónum.

Húseigendur eru hvattir til framkvæmda fyrir 17. júní, í síðasta lagi 1. ágúst, annars sé gripið til dagsekta. Þetta á ekki við um eignir borgarinnar sjálfar við Laugaveg 4 og 6, en þar fer nú fram deiliskipulagsvinna. Hún verður kynnt á næstu vikum, en ferlið tekur einhverja mánuði.

Dagur B. Eggertsson borgar-

fulltrúi sagði í samtali við Fréttablaðið fyrir nokkru að hann teldi rétt að borgin beitti sjálfa sig dagsektum eins og aðra.

Magnús Sædal byggingarfulltrúi segir kostnaðinn við úttektina á Laugavegi ekki liggja fyrir. „Hann safnast saman á ýmsum stöðum í kerfinu og ekki enn ljóst hver hann er. En þessu fylgir gífurlegur kostnaður og einnig aðgerðum varðandi veggjakrot.“

Magnús segir hreinsunarstarfið við Laugaveg hafa gengið þrýðilega og starfsemi vera komna í hús sem áður stóðu auð. Hvað varðar dagsektir verði tekið tillit til umfangs framkvæmda.



**UNDANSKILIÐ** Borgin mun ekki sekta sjálfa sig líkt og aðra húseigendur við Laugaveg.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Við erum að gefa fólki skikkulegan tíma til aðgerða. Í ákveðnum tilfellum er ekki óeðlilegt að umfangsmiklar aðgerðir geti tekið allt að eitt ár.“

- kóp

## Ekki verið að stofna nýja íþróttarás RÚV

Formaður menntamálanefndar er ósáttur við þá þróun að Ríkissjónvarpið ætli að sýna leiki á EM í knattspyrnu á hliðarrás. Aukin umsvif RÚV hafi ekki verið ætlunin með hlutfélagavæðingu. Útvarpsstjóri segir íþróttarás ekki á dagskrá.

**FJÖLMIDLAR** „Ég er nú ekki sáttur við þessa þróun mála,“ segir Sigurður Kári Kristjánsson, formaður menntamálanefndar Alþingis, um þá ákvörðun Ríkissjónvarpsins að nýta RÚV+ rás sína til að geta sjónvarpað frá tveimur íþróttaviðburðum samtímis. „Að mínu viti var ekki ráðist í breytingar á rekstrarformi og hlutverki Ríkissjónvarpsins með það að markmiði að auka umsvif ríkisins á fjölmíðlamarkaði.“

Á morgun verður fyrirkomulagið nýtt til að geta sýnt bæði frá leik Íslands og Makedóníu í handknattleik og Þjóðverja og Pólverja á Evrópumótinu í knattspyrnu, en leikirnir tveir skarast. Sami háttur verður hafður á í lokaumferð riðlakeppni Evrópumótsins, þar sem tveir leikir munu fara fram samtímis daglega í fjóra daga. Alls verða því fimm leikir í mánuðinum sýndir í beinni útsendingu á hliðarrás Ríkissjónvarpsins.

Páll Magnússon segir að til hafi staðið að vera í samstarfi við Stöð 2 Sport þegar leiknir verða tveir leikir samtímis. „Það reyndust hins vegar á því samningsréttarlegir annmarkar gagnvart þeim aðilum sem við keyptum sýningarréttinn af; að útsendingarnar þyrftu að vera undir okkar formerkjum en ekki annarra. Því varð niðurstaðan að gera þetta með þessum hætti,“ segir Páll.

Sigurður Kári segir ekki sannað gagnaert einkaaðilum að Ríkissjónvarpið, sem þegar sé í ójafnri samkeppni við þá, gefi í frá því sem nú er. „Ég leyfi mér nú bara að vona að þetta sé eina skipt-



**KNATTSPYRNU** í lokaumferð riðlakeppninnar á Evrópumótinu verða tveir leikir sýndir samtímis.

NORDICPHOTOS/AFP



SIGURÐUR KÁRI KRISTJÁNSSON



PÁLL MAGNÚSSON

ið sem þetta gerist og muni ekki eiga sér framhald.“

„Við erum ekki að setja á fót neina íþróttarás með þessu,“ áréttar Páll, og segir erfitt að segja til um það hvenær hugsanlega kæmi til ráðstafana af þessu tagi aftur.

Spurður hvort Ríkissjónvarpinu sé heimilt að sjónvarpa á tveimur rásum samtímis segist Sigurður Kári ekki geta sagt til um það með vissu. „En mér finnst ólíklegt að þetta stangist á við lög,“ segir hann.

„Við skoðuðum það hvort það kynnu að vera einhverjir annmarkar á þessu og við fundum þá ekki,“ segir Páll. Hann segist ekki hafa leitað til útvarpsráðgjafar vegna málsins.

Benedikt Bogason, formaður útvarpsráðgjafar, hafði heyrt af málinu þegar Fréttablaðið hafði samband við hann, en ekki kynnt sér það. Hann sagði nefndarmenn ekki myndu tjá sig um málið fyrr en eftir helgi.

stigur@frettabladid.is

Kynferðisbrotamál:

## Hefur játað sök

**LÖGREGLUMÁL** Háskólakennarinn sem situr í gæsluvarðhaldi vegna gruns um kynferðisafbrot hefur gengist við hluta af þeim ásökunum sem á hann eru bornar sagði Oddgeirs Einarssonar, lögmaður hans, í samtali við Fréttablaðið.

Á fréttavefnum Vísi er haft eftir Oddgeiri að skjólstæðingur hans vilji koma því á framfæri að hann iðrist gjörða sinna og vonist til að geta beðið konu sína og börn afsökunar.

Að sögn Björgvins Björgvinssonar, yfirmann kynferðisbrotadeildar lögreglunnar, hafa nú ákærur borist á hendur honum. Gæsluvarðhaldið rennur út 7. júlí næstkomandi.

- jse



**Í FARPEGAFLUGI** Þyrla Landhelgisgæslunnar sinni farþegaflugi fyrir Þyrluþjónustuna í gær. Afilar gæslunni tekna.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þyrla Landhelgisgæslunnar:

## TF-LÍF í farþegaflugi

**LANDHELGISGÆSLAN** Þyrla Landhelgisgæslunnar, TF-Líf, var í gær leigð út í farþegaflug. Samkvæmt upplýsingum frá Landhelgisgæslunnar var um að ræða flug fyrir Þyrluþjónustuna.

Flogið var með þýska ferðamenn að Laxnesi í Mosfellsdal. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem þyrlan er leigð út til einkaaðila. Önnur þyrla er til taks ef útkall kemur upp á sama tíma.

Sigríður Ragna Sverrisdóttir, upplýsingafultrúi Landhelgisgæslunnar, sagðist ekki þekkja til málsatviks í gær. Ærin ástæða hljóti að hafa verið fyrir þessu flugi.

- kóp

Utanríkisráðherra:

## Verða að læra af Baugsmálinu

**STJÓRNMÁL** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra segir óhjákvæmilegt að stjórnvöld dragi lærdóm af útkomu Baugsmálsins sem leitt var til lykta í Hæstarétti í fyrradag.

Í tilkynningu sem Ingibjörg sendi frá sér segir hún bersýnilegt að dómstólar kveði upp úr um að umfang rannsóknarinnar, sem stóð í sex ár og kostaði ógrynni fjár, sem og ákæranna sem gefnar voru út upphaflega hafi alls ekki verið í samræmi við tilefnið.

- jse

Fyrsta skóflustunga tekin að álveri í Helguvík:

## Segir þá hafa jarðað nýsköpun

**ÍÐNADUR** Fyrsta skóflustungan var tekin að kerskála fyrirhugaðs álvers Norðuráls í Helguvík í gær eftir að skrifað hafði verið undir samning Norðuráls og Íslenskra aðalverktaka sem reisa skálann.

Á sama tíma höfðu mótmælendur sig í frammi og voru tveir þeirra handteknir.

Í fréttatilkynningu frá Norðuráli segir að heildarkostnaður vegna fyrsta áfanga álversins verði á bilinu 70 til 80 milljarðar en hann verður tilbúinn í árslok 2010. Áætluð útflutningsverðmæti miðað við álverð í dag verða um 35 milljarðar á ári. Um 400 manns munu starfa við álverið og segir að afleidd störf verði um 600.

„Það er táknrænt að þeir hafi verið að grafa því þarna var verið að jarða ferðaþjónustu og nýsköp-



ELVAR GEIR SÆVARSSON

un á Reykjanesi,“ segir Elvar Geir Sævarsson, íbúi í Reykjanesbæ, sem mætti til að mótmæla. „Það á að taka alla orkuna í þessa starfsemi svo ekkert annað mun þrífast nema það sem snýr að álframleiðslu og þjónustu í kringum það. Svo hefur reynslan sýnt að þeir kaupa um síðir rekstur allra þeirra sem þjónusta þá í stað þess að þurfa að kaupa af þeim þjónustuna.“ Af þessu tilefni mættu mótmælendur með líkkistur sem áttu að tákna útför ferðamannaþjónustu og nýsköpunar á Reykjanesi.

- jse



**MÓTMÆLANDI HANDTEKINN** Tveir voru handteknir við mótmælin sem stóðu yfir þegar fyrsta skóflustungan var tekin að álveri í Helguvík.

MYND/VÍKURFRÉTTIR

TAKTU ÞÁTT!



SJÓVÁ KVENNAHLAUP ÍSÍ  
7. JÚNÍ 2008

SJÓVÁ

# Pallaefni

Gagnvarin fura

Fura hefluð og fúavarin.  
28 x 95, lengdir 0,9 - 4,5 metrar.  
Nr. 628601

179  
kr/lm

Gildir 5. - 9. júní

## BESTA VERÐIÐ

Í HÚSASMÍÐJUNNI

**Sterkt  
og gott**

**Útileguset**  
2 bekkir og borð,  
3899360

**8.990**  
~~10.500~~



**9.490**  
~~12.500~~

**Garðborð**

Oregon,  
harðviður, 110 sm  
3899112

**Garðstóll**


Oregon, harðviður,  
stillanlegir armar  
3899088

**6.490**  
~~7.300~~



**4.499**

**Rafmagnsorf,  
B&D**  
300W,  
klippir 25 sm.  
5083655



**18.999**

**Orf, Texas**

Tvigengismotor,  
30CC, 40 sm  
sláttubreidd, 4 tanna  
blað fylgir.  
5085598



**OUTBACK**

**Omega 200**  
6.2 Kw, grillflötur  
50x36cm, tvískiptur  
brennari  
3000235

**12.900**

Gildir 5. - 9. júní



**Trooper**  
7.87Kw, grillflötur 48x40 sm,  
tveir ryðfrír brennarar  
3000236

**28.790**  
~~31.990~~

**My Bonnie**  
12"-16"



3899962-3

**12"**  
**10.990**  
~~14.000~~



3899960-1

**Bob the builder**  
12"-16"

**16"**  
**12.990**  
~~16.000~~

  
HÚSASMÍÐJAN

x blómaval

Frábær saman

GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	75,72 76,08
Sterlingspund	148,13 148,85
Eura	118,03 118,69
Dönsk króna	15,822 15,914
Norsk króna	14,86 14,948
Sænsk króna	12,647 12,721
Japanskt jen	0,7129 0,7171

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR  
152,0602  
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

## Ríkisstjórnin lækkar lágmark eigin áhættu vegna tjóns á innbúi: Lægri sjálfsábyrgð vegna skjálftans

**JARÐSKJÁLFTI** Lágmark eigin áhættu þeirra sem einungis urðu fyrir tjóni á innbúi í Suðurlandsskjálftanum á dögnum hefur verið lækkað úr 85 þúsund krónum í tuttugu þúsund krónum. Bráðabirgðalög þess efnis voru samþykkt á ríkisstjórnarfundum í gær.

Breytingin nær til þeirra sem aðeins urðu fyrir tjóni á innbúi. Þeir sem urðu fyrir tjóni á húseign, eða húseign og innbúi, þurfa eftir sem áður að greiða sjálfir allt að 85 þúsund krónum úr eigin vasa. Eigin áhætta er fimm prósent af öllu tjóninu umfram þá upphæð.

Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra segir að ráðist hafi



**BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON**

ábyrgðarupphæð á mannvirkjum er 15 prósent og þak í öðrum löndum. Hér er það fimm prósent og ekkert þak, og er það lægsta sem þekktist. Ef sú upphæð yrði læk-

kerið í breytinguna vegna þess að fyrra lágmarkið hafi þótt of hátt.

Ekki hafi verið unnt að lækka eigin áhættu af tjóni á húseignum. „Meðalsjálfs-



**TJÓN** Gríðarmikið var um tjón á innbúi í skjálftanum. FRÉTTABLAÐIÐ / STEFÁN

uð þá myndu iðgjöld af þeirri skyldutryggingu sem er á mannvirkjum hækka mjög mikið,“ segir hann. Slíkar hækkanir yrðu illviðráðanlegar fyrir flesta. -sh



**HREFNA Á DEKKI** Þær hrefnur sem veiðst hafa í ár eru betur á sig komnar en þær sem veiðst hafa undanfarin ár.

## Félag hrefnuveiðimanna: Hrefnurnar afar vel í holdum

**SJÁVARÚTVEGUR** Í fimmtudagsmorgun var fimmtu hrefnunni sem veiðst hefur á þessu ári landað. „Það er mikill munur á þessum skepnum og þeim sem veiðst hafa síðustu ár,“ segir Gunnar Bergmann, formaður Félags hrefnuveiðimanna. „Þær eru afar vel í holdum og það er mikið af sandsfli í þeim en þær sem við höfum veitt undanfarin ár hafa verið afar magrar. Eins er mun meira af þeim núna. Áður urðu menn varir við þær kannski fimm saman en nú eru jafnvel fimmtán til tuttugu dýr í hóp.“ -jse

## HVALVEIÐAR

**Hvalkjötið í gíslingu í Japan**  
70 tonn af íslensku hvalkjöti sem sent var út í síðasta mánuði fær ekki tollafgreiðslu í Japan og liggur nú í frystigeymslu þar í landi. Þetta kemur fram í frétt á Reuters. Samkvæmt starfsmanni japanska sendiráðsins í Ósló hefur yfirvöldum ekki borist nein umsókn um innflutning á kjötinu.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Fimm fóru of hratt

Lögreglan á Borgarnesi stöðvaði fimm fyrir hraðakstur í fyrakvöld. Einn ók á 129 kílómetra hraða á klukkustund.

## LEIÐRÉTTING

Rangt var farið með föðurnafn leikskólastjóra Krakkakots á Höfn í Hornafirði á fimmtudag. Snæfríður er Svavarsdóttir.

# Áhugi á miðbænum rekur eigendur áfram

Húsið á horni Bankastrætis og Þingholtsstrætis er afar illa farið vegna skorts á viðhaldi. Endurbygging er að hefjast og mun húsið fá sem næst upprunalegt útlit. Áhugi á miðbænum rekur eigendur til framkvæmdanna.

**SKIPULAGSMÁL** „Þessi gömlu hús eru dálítið vandmeðfarin,“ segir Gestur Ólafsson, arkitekt og skipulagsfræðingur hjá SAV ehf., um húsið við Þingholtsstræti 2 til 4 sem nú stendur til að lagfæra.

Húsið er á horni Bankastrætis og Þingholtsstrætis og hefur í seinni tíð verið kennt við skemmtistaðinn Nelly's sem það hósti um tíma. Síðan sá staður lokaði hefur húsið staðið autt og verið til lítils sóma.

Gestur segir húsið vera ansi illa farið vegna skorts á viðhaldi og breytinga þar sem lítið tillit hafi verið tekið til upphaflegrar gerðar þess. Húsið er bárujárnsklætt timburhús, byggt árið 1884 en hefur síðan verið stækkað í áföngum. Í því er nú kjallari, tvær hæðir og ris.

Árið 1908 var byggt við húsið og skúr byggður við það þremur árum síðar. Þá var önnur viðbygging byggð árið 1912 og kvistur settur á húsið árið 1922. Útliti hússins var svo mikið breytt árið 1954. Gestur segir húsið, þrátt fyrir þetta, að mestu hafa haldið sínum sveitserstíl.

Segir Gestur útlit hússins verða að miklu leyti fært til upprunalegs horfs og það gert í samráði við Húsafríðunarnefnd. Jafnframt verði húsið talsvert endurnýjað, risið hækkað og kjallarinn dýpkaður. Húsið verði klætt að nýju með bárustáli ásamt því að gluggar og hurðir færast í fyrra horf.

„Við höfum langa hefð fyrir því að gera upp svona gömul hús,“ segir Gestur en hjá fyrirtæki hans,



**ÞINGHOLTSSTRÆTI 2 TIL 4** í húsverndarskrá Reykjavíkur er lagt til að húsið verði friðað ásamt öðrum timburhúsum við Þingholtsstræti milli Bankastrætis og Skálholtsstígs þar sem húsaröðin sé talin ein merkasta og best varðveitta heild timburhúsa í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

SAV ehf. voru breytingarnar hannaðar. Nefnir hann breytingar á Unuhúsi og Fálkahúsinu við Hafnarstræti sem dæmi um fyrri verk efni.

„Við höfum gríðarlegan áhuga á miðbænum og teljum að hann eigi eftir að dafna,“ segir Páll Kolbeinsson, stjórnarformaður og einn eiganda verslunar Sævars Karls, en þar á bæ er unnið að uppbyggingunni með eiganda hússins, Íslenska eignafélaginu.

Hann segir það á stefnukránni að flytja hluta af starfsemi yfir götuna. Ætlunin er að verslunarrekstur verði í öllu húsinu, utan efstu hæðarinnar þar sem verða skrifstofur.

Segir hann að unnið hafi verið í því frá því í júlí síðastliðnum að fá teikningar samþykktar og að tak-



**TEIKNING AF ÁETLUÐU ÚTLITI HÚSSINS** Upphaflegur hönnuður hússins er ekki þekktur þó margir hafi síðar meir komið að hönnun þess. MYND/SAV EHF

markað byggingaleyfi hafi fengist á miðvikudaginn.

Næst verði hafist handa við uppsetningu á vinnuþöllum og að grafa út kjallarann. „Við vonumst til að verklok verði í upphafi árs 2009,“ segir Páll en vegfarendur ættu að fara að sjá einhverjar breytingar á næstu dögum. olav@frettabladid.is

## Sprengiefni í Pakistan: Komið í veg fyrir hryðjuverk

**PAKISTAN, AP** Lögregla kom í veg fyrir hryðjuverkaárás í borginni Rawalpindi í Pakistan á fimmtudag.

Þrjár sjálfsmorðsárasmenn og að minnsta kosti þrjár aðrir voru handteknir. Að auki voru þrjár bifreiðar með um tonn af sprengiefnum gerðar upptækar. Lögregla gaf hins vegar engar upplýsingar um hver skotmörk hryðjuverkamanna hafa verið.

Aðeins eru nokkrir dagar frá því að hryðjuverkaárás var gerð á sendiráð Dana í Pakistan. Al-Kaída hryðjuverkasmáttök lústu yfir ábyrgð á þeim á fimmtudag. -þeb

## Feministafélag Íslands Lýsa furðu á héraðsdómi

**DÓMSMÁL** Feministafélag Íslands hefur sent frá sér harðorða yfirlýsingu sem fordæmir dóm Héraðsdóms Reykjavíkur í máli Ásgeirs Þórs Davíðssonar gegn Jóni Trausta Reynissyni og Ingibjörgu Dögg Kjartansdóttur. Þau voru dæmd til að greiða Ásgeiri tæplega tvær milljónir króna í miskabætur auk málskostnaðar vegna greinar um tengsl hans við mansal á Íslandi.

Í yfirlýsingu segir að Feministafélagið telji ljóst að litíð hafi verið fram hjá alþjóðlega viðurkenndri skilgreiningu á mansali og því að hugtakið mansal sé „almennt skilgreint sem verslun með fólk, með eða án samþykkis þess, ef salan byggist á varnarleysi viðkomandi“. -þbj

## Í fyrsta sinn í Noregi: Ákærð fyrir að limlesta dætur

**NOREGUR, AP** Hjónin í Noregi hafa verið ákærð fyrir að limlesta fimm dætur sínar. Hjónin létu umskera dæturnar, sem eru á aldrinum fimm til fjórtán ára. Fjórar þeirra búa nú í Gambíu hjá öðrum eiginkonum föður síns. Lögregla vill að þær snúi aftur til Noregs.

Umskurður kvenna var bannaður í Noregi árið 1996 og varðar allt að þriggja ára fangelsi, en átta ár ef umskurðurinn veldur dauða eða alvarlegum heilsufarsvandamálum. Þetta er í fyrsta skipti sem ákæra af þessu tagi er gefin út í landinu. -þeb

## VIÐSKIPTI

### DeCODE aldrei lægra

Gengi DeCODE, móðurfélag Íslenskrar erfðagreiningar, lækkaði um 8,33 prósent á mörkuðum í gær og fór í 1,10 dollara í gær. Gengi hlutabréfa félagsins hefur aldrei verið lægra.

**Pú sparar á Orkustöðvunum**  
Net Orkustöðvanna umhverfis landið þéttist sífellt til enn frekari hagsbóta fyrir almenning. Kynntu þér hvar Orkustöðvarnar eru og hvað bensínið er ódýrt þar.

[www.orkan.is](http://www.orkan.is)

**ORKAN**  
SPÁDU Í HVAD ÞÚ SPARAR!

## VEÐURSPÁ

**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**VATNSVEÐUR**  
Nú með morgninum er myndarleg lægð að taka land. Henni fylgir hvassviðri á syðstu annesjum síðdegis í dag en svo lægir í kvöld. Þegar líður á daginn fer að rigna sunnan til og vestan en þegar líður á kvöldið verður víða rigning, síst norðaustan til. Á morgun verður rólegheitaveður með smáskúrum.

**Á MORGUN**  
Yfirleitt hæg, breytileg átt.

**MÁNUDAGUR**  
5-10 m/s

HEIMURINN	°C
Kaupmannahöfn	23°
Billund	25°
Ósló	29°
Stokkhólmur	23°
Gautaborg	25°
Helsinki	19°
Eindhoven	26°
Amsterdam	22°
London	21°
Berlín	27°
Frankfurt	26°
Friedrichshafen	17°
París	18°
Basel	18°
Barcelona	21°
Alicante	24°
Algarve	28°
Tenerife	18°

Vindhraði er í m/s.  
Hitastig eru í °C.  
Gildistími korta er um hádegi.

HRINGAR

J

A

FÖT

I

SKREYTINGAR

K

Ó

MATUR

D

R

K

K

I

R

OPIÐ Í DAG

11-18

ALLT FYRIR  
BRÚÐKAUPIÐ

Í Smáralind færðu allt sem þig vantar til brúðkaupsveislunnar, allt frá matnum til hringanna. Sparaðu þér sporin, verslaðu í Smáralind.



Verlanir opnar mán-mið 11-19, fim 11-21,  
fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18  
smaralind.is / 528 8000

## KJÖRKASSINN



Hver sigraði í Baugsmálinu?

Ákærvaldið	20,9%
Baugsmenn	79,1%

## SPURNING DAGSINS Í DAG:

Á að slaka á reglum um veðmál hér á landi?

Segðu skoðun þína á vísir.is



Heilbrigðisnefnd Suðurlands veitir fiskþurrkun Lýsi í Þorlákshöfn starfsleyfi:

## Lýsi fær starfsleyfi til tólf ára

**HEILBRIGÐISMÁL** „Það var samþykkt að gefa út starfsleyfi til tólf ára,“ segir Elsa Ingjaldsdóttir, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, um starfsleyfi fiskþurrkunar Lýsi í Þorlákshöfn. Starfsleyfið, ásamt innsendum athugasemdum var tekið fyrir á fundi Heilbrigðisnefndar Suðurlands á föstudag.

Sjö athugasemdir bárust heilbrigðiseftirlitinu vegna starfsleyfisins en frestur til athugasemda rann út 29. maí síðastliðinn. Elsa segir athugasemdirnar þær sömu og þegar starfsleyfið var síðast auglýst og almennt sé því mótmælt að starfsleyfið verði gefið út.



**FISKÞURRKUN LÝSI Í ÞORLÁKSHÖFN** Mikill styr hefur staðið um rekstur fiskþurrkunar Lýsi í Þorlákshöfn. MYND/GKS

Hún segir þetta ákvörðun nefndarinnar en ef einhver þeirra sem gerðu athugasemdir óski nánari skýringa þá verði við því brugðist.

Sveitarfélagið Ölfus hefur ekki veitt Lýsi leyfi til uppsetningar hreinsiturna við verksmiðjuna og

vísað til þess að breyta þurfi skipulagi. Elsa segir turnana inni í starfsleyfisskiylröðum og það sé skilningur nefndarinnar að ef ekki fáið tilskilin leyfi til uppsetningar þeirra falli ákvæðið um sjálfst sig. Það standi því upp á sveitarfélagið að veita leyfið.

„Ég bara trúi þessu ekki,“ segir Ólafur Áki Ragnarsson, bæjarstjóri í Ölfusi. Hann segir umhverfisráðherra og Umhverfisstofnun hafa lofað að skoða málið. „Ég trúi ekki að menn séu svona ósvífir. Það getur ekki verið að hægt sé að leggja þetta á fólk í Þorlákshöfn, að rétturinn til að vera til, sé einkis metinn.“

- ovd

Hæstiréttur:

## Refsing árásmanns milduð

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur mildað dóm yfir erlendum manni sem réðst með barsmiðum á lögreglumann með þeim afleiðingum að hann kjálkabrotnaði og hlaut sár. Atvikið gerðist í fangaklefa mannsins. Hann hafði þá verið handtekinn vegna gruns um innbrot í bíl. Hann reyndist mjög ólvaður þegar lögregla tók hann og þá strax mjög ógnandi í framkomu.

Héraðsdómur hafði dæmt árásmanninn í tíu mánaða óskilorðsbundið fangelsi. Hæstiréttur stytta refsinguna í átta mánuði, þar af fimm mánuði skilorðsbundna.

- jss

Gassprengingin í Grindavík:

## Drengurinn á batavegi

**SLYS** Drengurinn sem brenndist í sprengingu í húsbíl í Grindavík á föstudagskvöldið í síðustu viku er á batavegi að sögn læknis. Hann var útskrifaður af gjörgæsludeild í gær og færður á barnadeild Landspítalans.

Drengurinn er á þriðja ári og var með afa sínum í húsbílnum þegar slysið varð. Hann brenndist illa á höfði og höndum. Afi hans, maður á sjötugsaldri, slasaðist einnig en ekki alvarlega.



**JOEL FITZGIBBON** Varnarmálaráðherra Ástralíu talar í Canberra í gær. Angus Houston, yfirmaður Ástralíuhers, í baksýn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hernaðurinn í Afganistan:

## Segir mikils liðsauka þörf

**ÁSTRALÍA, AP** Joel Fitzgibbon, varnarmálaráðherra Ástralíu, segir að þörf sé á 10.000 hermönnum til viðbótar til Afganistans ef unnt á að reynast að knésetja skæruliða talibana. Að hans sögn er tregða Evrópuríkjanna til að leggja til fleiri hermenn líkleg til að verða til þess að Bandaríkjaher verði að axla þetta verkefni.

Í viðtali við AP sagði Fitzgibbon að baráttan gegn talibönnum myndi sækjast of seint með þeim takmarkaða liðsafla sem ISAF-fjölbjóðaliðið hefur nú á að skipa. Þúsundir hermanna til viðbótar þyrfti til að unnt yrði að hrekja skæruliða af stærri landsvæðum og halda stjórn á þeim.

Ástralal eru sú þjóð utan NATO sem leggur ISAF til flesta hermenn.

- aa

# Sakfelling í flóknum málum afar torsótt

Hæstiréttur gagnrýnir langa málsmeðferð í Baugsmálinu og segir lögum ekki hafa verið fylgt. Saksóknari segir þessa áherslu réttarins geta orðið til þess að í framtíðinni verði aðeins ákært fyrir örfá atriði í stórum efnahagsbrotamálum.

**BAUGSMÁL** „Það virðist vera afar torsótt að ná fram sakfellingu í flóknum efnahagsbrotamálum,“ segir Sigurður Tómas Magnússon, settur saksóknari í Baugsmálinu.

Í dómi Hæstaréttar í Baugsmálinu, sem féll á fimmtudag, gagnrýnir dómurinn langa málsmeðferð. Þar segir að lögum um hraða meðferð sakamáls hafi „ekki verið fylgt sem skyldi“. Er þar aðallega vísað til þess að tæp þrjú ár liðu frá því að rannsókn lögreglu hófst þar til ákæra var gefin út.

„Þetta eru flókin og snúin mál, en það má alltaf deila um það hvort ekki megi flýta þeim meira. Það væri vissulega æskilegt, ég tek undir það,“ segir Sigurður.

Hann segir dóm Hæstaréttar sýna að erfitt sé að ná fram sakfellingu í umfangsmiklum efnahagsbrotamálum.

„Ég tel að það kunni að verða stefnan í framtíðinni að ákæra eingöngu fyrir örfá atriði. Það virðist vera að réttarkerfið ráði ekki vel við svona mörg og flókin sakarefni,“ segir Sigurður Tómas.

Dómarar hafa, lögum samkvæmt, þrjár vikur til að kveða upp dóma. Þá eru ákvæði laga um munnlega sönnunarfærslu, þar sem engar greinargerðir séu lagðar fram fyrr en í Hæstarétti, ekki til þess fallnar að gera ákærvaldinu auðveldara fyrir við saksókn flókinna efnahagsbrotamála, segir Sigurður Tómas.

Greinargerðir saksóknara og verjenda voru gagnrýndar í dómi Hæstaréttar. Greinargerð og málflutningsyfirlit saksóknara hafi verið samtals 193 síður, og



**DÓMUR FALLINN** Sigurður Tómas Magnússon, settur ríkissaksóknari í Baugsmálinu, sagðist feginn að málinu væri lokið með dómi Hæstaréttar, en telur dóminn sýna hversu erfitt sé að ná fram sakfellingu í umfangsmiklum efnahagsbrotamálum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## ÁKALL HÆSTARÉTTAR Á MILLIDÓMSTIG

Hæstiréttur segir í umfjöllun um níu ákæruliði af átján að ekki sé hægt að endurskoða sýknudóm héraðsdóms yfir Jóni Ásgeiri, þar sem dómurinn hafi ekki heimild til þess að endurmeta framburð vitna. Dómurinn metur gögn málsins ekki sjálfstætt, heldur telur mat á þeim háð framburði vitna um gögnin fyrir héraðsdómi.

„Ég tel að Hæstiréttur sé með þessu að segja að [dómurarnir] séu ekki sáttir við niðurstöðuna. Þeir telja sig ekki geta breytt henni

vegna þess að þeir telja að Hæstiréttur geti ekki endurskoðað [niðurstöðuna] vegna þess að munnlegur málflutningur fléttast þar inn í,“ segir Sigurður Tómas Magnússon, settur saksóknari.

„Ég tel þetta vera ákall Hæstaréttar um að það þurfi millidómstig. Þeir treysta sér ekki til að endurmeta sönnun, ákærvaldinu í hag,“ segir Sigurður Tómas. „Þetta er staða sem er búin að liggja fyrir lengi. Dómskerfi okkar er ekki fullnægjandi lengur.“

tveir verjenda hafi skilað 109 síðna greinargerð.

Í dómi Hæstaréttar segir að þessi gögn hafi að geyma munn-

legan málflutning, og séu því í andstöðu við ákvæði laga um munnlegan málflutning.

brjann@frettabladid.is

Nýr forseti Rússlands í fyrstu heimsókn sinni til Vesturlanda eftir embættistöku:

## Áhyggjur af viðhorfsþróun

**BERLÍN, AP** Dmítí Medvedev, forseti Rússlands, lýsti í opinberri heimsókn í Berlín áhyggjum yfir því hvernig viðhorf Evrópubúa í garð Rússlands virtist vera að þróast nú á tímum aukinnar miskliðar milli valdhafa í Moskvu og Vesturlanda.

Heimsóknin til Þýskalands er fyrsta ferð Medvedevs til Vesturlanda eftir að hann tók við embætti af Vladímír Pútín fyrir tæpum mánuði. Málflutningur hans þykir vera mjög í anda fyrirrennarans.

„Það veldur okkur áhyggjum að sjá hvernig gagnkvæmur skilningur í Evrópu-Atlantshafsmálum hefur verið að þrengjast,“ sagði Medvedev á blaðamannafundi eftir viðræður við Angelu Merkel

kanslara. Hann lagði þó áherslu á að Rússar ættu góð og nán tengsl við Þjóðverja og að ákvörðun hans um að velja Berlín sem fyrstu höfuðborgina sem hann heimsækir í Evrópu endurspeglar forgangsröðun Rússlandsstjórnar. Medvedev varaði auk þess eindregið við frekari stækkun NATO til austurs.

Fyrir fundinn hafði Merkel látið svo ummælt að þörf væri á að útvíkka og styrkja hin „nánu, vinsamlegu og mikilvægu“ tengsl Þýskalands og Rússlands, en Rússar sjá Þýskalandi og reyndar stærstum hluta Evrópu fyrir megni jarðgasþarfar sinnar.

Þýskaland og ýmis önnur Evrópulönd hafa þó átt í erjum við Rússa að undanförunu. Ítrekaðar



**MIKILVÆG TENGL** Medvedev og Merkel hlýða á þjóðsöngva landa sinna í Berlín. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

atrennur að því að endurnýja samstarfssamning Evrópusambandsins við Rússland hafa mistekist.

- aa

**Ódýrasti GSM síminn**

Þú færð ódýrasta GSM símann á Íslandi hjá Vodafone. Komdu strax í næstu verslun og tryggðu þér eintak.

**2.990 kr.**

Lifðu núna

vodafone

# Gæða trampólín

## einungis selt með öryggisneti

OPIÐ  
til **20**  
alla daga


### Jumpy trampólín

- Öryggið í fyrirrúmi
- GS/TUV gæðavottun
- Sérstærktar galvaniseraðar grindur
- Rafgalvaniseraðir gormar
- Hoppflötur sérstærktur
- Mjúk klæðning yfir gormum



Trampólín  
m/öryggisneti 244cm **26.999kr**

Trampólín  
m/öryggisneti 400cm **44.999kr**



Sólstólar  
**2.499kr**



DISNEY'S



DISNEY  
Winnie the Pooh



Fótboltaþjálfí  
**2.499kr**



Fótboltaþjálfí  
**1.299kr**



Krikket sett  
**2.499kr**



Strandarbolti  
**399kr**

Frisbee diskur  
**199kr**



Vatnsblöðrur  
**199kr** / 80stk. í pk.



Vatnsblöðrur  
**299kr** / 150stk. í pk.

Fljúgandi diskur  
**299kr** / 3 í pk.

Á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**  
Ein ferð betra verð



1. Hver var settur saksóknari í Baugsmálinu?
2. Í hvaða tveimur löndum er Evrópumótið í knattspyrnu haldið?
3. Hver leikur Galileo Galilei í umdeildum símauglýsingum?

SÍÁ SVÖR Á Síðu 58

Vangaveltur um væntanlegt varaforsetaefni Baracks Obama:

## Edwards útilokar framboð

**BANDARÍKIN, AP** Öldungadeildarþingmaðurinn John Edwards hefur útilokað að hann verði varaforsetaefni Baracks Obama. Í viðtali við spænska dagblaðið El Mundo í gær segir Edwards að hann hafi að baki þá reynslu að ganga í gegnum kosningabaráttu sem varaforsetaefni og hann langi ekki að endurtaka hana.

Edwards var varaforsetaefni Johns Kerry í kosningunum 2004 og tók þátt í prófkjörsslagnum um útnefningu Demókrataflokksins í ár. Frá því hann lýsti stuðningi við Obama er slagurinn stóð sem hæst milli hans og Hillary Clinton hafa verið uppi vangaveltur um hvort hann yrði varaforsetaefni Obamas.



**FUNDUÐU Í FYRRAKVÖLD** Hillary Clinton og Barack Obama ræddu málin í heima-húsi í Washington á fimmtudagskvöld. Myndin var tekin fyrir tveimur árum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Staddur á viðskiptaráðstefnu í Barcelona sagði Edwards afdráttarlaus, að hann væri boðinn og búinn að hjálpa Obama í barátt-

unni með öllum öðrum hætti en þeim að vera meðframboðandi hans.

Hillary Clinton mun í dag ávarpa stuðningslið sitt í Washington og binda þar með formlegan enda á baráttu sína fyrir forsetaframboðs-útnefningunni. Vitað er að hún muni í ræðunni þakka stuðningsfólki sínu og lýsa formlega yfir stuðningi við Obama. Ennig er búist við að hún muni hvetja demókrata til að fylkja liði að baki Obama í baráttunni um Hvíta húsið í haust. Margir stuðningsmenn Clinton vilja að hún verði varaforsetaefni, en orðrómur er um að hvorki Clinton sjálf né Obama kæri sig um það.

- aa

## Eldri kona féll af rampi: Íslandspóstur greiði fyrir tjón

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur hefur viðurkennt skaðabótaskyldu Íslandspósts vegna slyss sem fyrrverandi starfsmaður fyrirtækisins varð fyrir við vinnu í nóvember 2004.

Starfsmaðurinn, kona á sjötugsaldri, féll niður af um fimmtíu sentimetra háum rampi fyrir utan póstdreifingarstöð og ökklabrotnaði illa. Handrið hafði nýlega verið fjarlægð af rampnum. Dómurinn kemst að þeirri niðurstöðu að rekja megi slysið til gáleysis Íslandspósts, sem ekki hirti um að setja handriðið upp á ný eða koma fyrir bráðabirgðahandriði.

- sh

Ríkið sýknað af bótakröfu:

## Fær ekki bætur fyrir varðhaldið

**DÓMSMÁL** Maður sem sat í gæsluvarðhaldi í tólf daga grunaður um að eiga þátt í fíkniefnasmygli til landsins fær ekki skaðabætur frá ríkinu. Hann var aldrei ákærður og fór fram á fimm milljónir króna í bætur.

Málið snerist um innflutning á ríflega þrettán kílóum af hassi sem komu til landsins með hraðsendingu inni í tölvubúnaði. Þrír sátu um tíma í varðhaldi, en aldrei var gefin út nein ákæra í málinu.

Í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur segir að framburður mannsins hafi ekki verið trúverðugur, sem skýri langt varðhald. Gangur rannsóknarinnar hafi verið eðlilegur.

- sh

Kosningabaráttan í Simbabwe:

## Leiðtogi stjórnarandstöðunnar fangelsaður

**SIMBABVE, AP** Morgan Tsvangirai, leiðtogi stjórnarandstöðu Simbabwe, var haldið föstum á lögreglustöð utan við Bulawayo, annarri stærstu borg landsins, í tvo tíma í gær. Áður en honum var sleppt var honum tjáð að hann mætti ekki halda áfram kosningabaráttu sinni þann daginn.

Á sömu slóðum var Tsvangirai handtekinn á miðjum kosningafundi á miðvikudag. Hann og fjórtán stuðningsmenn hans voru kærðir fyrir að „laða að fjölda fólks“. Lögregluþingmenn segja hins vegar að þau vildu athuga hvort hjólin á bíl hans væru rétt stillt. Tsvangirai var sleppt á fimmtudag eftir níu klukkustunda fangelsisvist.



**MORGAN TSVANGIRAI** Lögreglan gerir honum lífið leitt í kosningabaráttunni fyrir úrslitamerfð forsetakosninga.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**SLÖKKVISTÖÐIN Á KEFLAVÍKURVELLI** Slökkviliðsmenn á Keflavíkurflugvelli líta svo á að með uppsögn samningsins hafi kjarasamningi við þá verið sagt upp og áætla að ganga út fyrsta ágúst næstkomandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Slökkviliðsmenn missa yfirvinnuna

Slökkviliðsmenn á Keflavíkurflugvelli ósáttir við uppsögn á samningi um tuttugu klukkustunda fasta yfirvinnu. Um 20 prósentu kjaraskerðing. Slökkviliðsmenn fá meiri tíma til æfinga.

**VINNUDEILA** Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli hefur sagt upp samningum sínum við slökkviliðsmenn á vellinum um tuttugu klukkustunda fasta yfirvinnu á mánuði fyrir ýmis viðhaldsstörf á tækjum og húsnæði.

Slökkviliðsmennirnir eru afar ósáttir við þessa aðgerð og samþykktu nýlega ályktun þar sem lýst er yfir óánægju með skerðingu á reglubundnum launum félagsmanna. Líta þeir á þessa aðgerð sem uppsögn kjarasamnings í heild.

„Þetta eru um 20 prósent af þeirra föstu launum,“ segir Valdimar Leó Friðriksson, framkvæmdastjóri Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS) og bætir við að þessar „sporslur“ hafi verið hluti af reglubundnum launum frá árinu 1967.

Slökkviliðsmenn ætla að ganga út 1. ágúst næstkomandi þar sem þeir líta svo á að þeim hafi verið sagt upp með bréfi frá flugvallarstjóra 28. apríl síðastliðinn.

„Ég þori ekki að fullyrða að Keflavíkurflugvöllur lokist en málið er bara í biðstöðu,“ segir Valdimar Leó. Hann hafi, ásamt formanni LSS, fundað með flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli vegna málsins en að í sjálfu sér hafi ekkert komið út úr þeim

fundi. „Staðan er alvarleg og það þarf að finna lausn.“

„Við lítum ekki á þetta sem uppsögn á neinum kjarasamningi heldur eingöngu uppsögn á aukagreiðslum, vegna breytinga á fyrirkomulagi,“ segir Stefán Thordersen, flugvallarstjóri á Keflavíkurflugvelli. Hann segir kjarasamninginn í fullu gildi og með breytingunni sé verið að færa störf slökkviliðsmanna á Keflavíkurflugvelli í sama horf og annarra slökkviliðsmanna á Íslandi.

Hann segir slökkviliðsmenn með þessu fá meiri tíma til að búa sig undir störf sín. „Þeir hafa sinnt þessum aukastörfum á vöktunum en tíminn verður nú betur nýttur til æfinga og menntunar slökkviliðsmanna.“

„Af sjálfsögðu lækka launin þegar aukavinna minnkar en þetta hefur verið aukagreiðsla.“ Til stendur að viðhaldsdeild og verktaki, sem sér um þríf taki við þeim störfum sem slökkviliðsmennirnir hafa unnið.

Vonast Stefán til að þeir fjármunir sem sparast verði notaðir til að bæta úr ýmsum þáttum sem snúa að öryggi flugfarþega „og í betra slökkvilið til að takast á við þau verkefni sem vonandi koma aldrei upp.“

olav@frettabladid.is



„Íslensk blóm eru harðgerð, kröftug og fersk.“

Björn Sigurbjörnsson, garðyrkjumaður.

Í áratugi hafa íslenskir garðplöntuframleiðendur unnið að því að byggja upp og rækta úrval af garðplöntum fyrir íslenska veðráttu.

Nýttu þér dýrmæta þekkingu og reynslu íslenskra garðplöntuframleiðenda.

**VELDU ÍSLENSK SUMARBLÓM, SÉRMERKT ÞÉR.**

íslenskar  
garðplöntur



# GARÐPLÖNTUÚRVALIÐ og allt fyrir garðinn!

SUMAR  
TILBOÐ

SUMAR  
TILBOÐ

Sólblóm  
690 kr

SUMAR  
TILBOÐ

Nellikkur  
495 kr

SUMAR  
TILBOÐ

Tóbakshorn  
495 kr

SUMAR  
TILBOÐ

Margarítur  
820 kr



## GARÐHÚSGÖGN NÝ SENDING



SKRAUTSTEINAR  
- Nýja sendingin komin

20%  
afslattur



Rauðar rósir  
295 kr

Fíflastafur



### GÓÐ RÁÐ GARÐHEIMA:

Ef þú vilt gera vel við sumarblómín þín er gott að:  
1. Blanda vatnskristöllum í moldina svo rætur ná í raka.  
2. Strá smávegis af blákorni yfir moldina kringum plöntuna eftir úplöntun eða  
3. Vökva með blómaáburði blönduðum í vatni, má gera 3svar á viku vortímann.



heimur heillandi hluta og hugmynda

Stekkjarkakka 6 - Sími 540 3300 - www.gardheimar.is



### GÓÐ RÁÐ GARÐHEIMA:

Gegn fíflum í grasflöt:  
Fíflastafur: Stafnum er stungið niður með stólparót fíflisins, snúið, togað upp og losað.  
Herbamix: Blandað í vatni og úðað eða vökvað yfir illgresið. Eyðir fíflum og öðrum tvíkímblöðungum úr grasflöt. Eyðir ekki grasi.



**PÖNDUR Í PEKING** Átta pöndur voru sýndar almenningi í fyrsta sinn í dýrargarði í Peking, en þangað voru þær fluttar sérstaklega til að gleðja gesti Ólympíuleikanna í sumar.

NORDICPHOTOS/AFP

Al-Kaída lýsti yfir ábyrgð á hryðjuverki við danska sendiráðið í Islamabad:

## Hefnd fyrir skopteikningar

**PAKISTAN, AP** Al-Kaída-foringi í Afganistan hefur lýst yfir ábyrgð á sjálfsmorðs-bílsprengjutilræðinu við danska sendiráðið í Islamabad á mánudag, sem kostaði sex manns lífið, þar á meðal einn danskan ríkisborgara. Því er jafnframt hótad að láta slíkum hryðjuverkaárásum „rigna“ yfir lönd þar sem skopmyndir af Múhamed spámanni eru birtar.

Borið er í yfirlýsingunni lof á þá „heilögu stríðsmenn“ í Pakistan sem hjálpað hefur til við framkvæmd tilræðisins. Þetta virtist staðfesta það sem dönsk yfirvöld grunaði.

Yfirlýsingin, sem birt var á vef íslamskra öfgamanna, var dagsett á þriðjudag og undirrituð af Mustafa Abu al-Yazeed. Þar segir að tilræðið væri framið í samræmi við heit Osama bin Ladens um að hefna fyrir endurbirtingu skopmyndar af Múhamed í dönskum dagblöðum. Bætt er við að biðjist Danir ekki afsökunar muni fleiri árásir fylgja í kjölfarið. - aa



**RANNSÓKN** Lögregla kannar eyðilagða bíla og fleiri verksummerki á vettvangi.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Foreldrum dæmdar milljónir: Olli dauða með miklu gáleysi

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur dæmt foreldrum manns sem lést í umferðarslysi árið 2001 samtals fjórar milljónir króna í miskabætur. Dóttur mannsins sem olli slysinu er gert að greiða bæturnar ásamt Vátryggingafélagi Íslands. Héraðsdómur hafði áður kveðið upp sýknudóm í málinu.

Slysið varð í Keflavík þegar eldri maður sveigði í veg fyrir bíl með þeim afleiðingum að ökumaður hans lést. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að um stórfellt gáleysi af hálfu mannsins hefði verið að ræða. Hann er látinn og því kom það í hlut erfingjans að greiða hans hluta. - sh

Slökkvistarf gekk greiðlega:

## Eldsvoði í járnblendistöð

**BRUNI** Tilkynnt var um eldsvoði í járnblendistöðinni Grundartanga í gærmorgun. „Það kviknaði meðal annars í tækjabúnaði og var töluverður eldur en greiðlega gekk þó að slökkva hann,“ segir talsmaður slökkviðliðs Akraness.

Einar Þorsteinnsson hjá Járnblendifélaginu segir að eldurinn hafi komið upp í nýrri framleiðslulínu á magnesíum-járnblendi. „Tjónið er líklega upp á nokkrar milljónir króna,“ segir Einar og bætir við að aðalatriðið sé að engin slys hafi orðið á fólki og að allir hafi brugðist rétt við.

- ges

Skríðkeppni nýtur æ meiri vinsælda í Vilnius:

## Sigurvegarnir fór brautina á ellefu sekúndum

**LITHÁEN** Tuttugu og fimm ungbörn á aldrinum sjö til tólf mánaða kepptu í skríðkeppni í Vilnius, höfuðborg Litháens, í tilefni af Alþjóðlega barnaverndardeginum.

Börnin skríðu eftir fimm metra langri braut í átt að foreldrum sínum, sem stóðu við endalínuna. Sigurbarnið skreidd í mark á ellefu sekúndum.

Vinsældum þessarar árlegu keppni hefur vaxið fiskur um hrygg frá því hún var haldin fyrst



**UNGBÖRN** eru látin skríða af öllum krafti í vinsælli keppnisíþrótt fyrir níu árum og er orðin vinsæl meðal áhorfenda sem flykkjast á „völlinn“ til að fylgjast með þessari sérstæðu íþrótt. - vsp



**ÚLFÚÐ Í HÁSKÓLANUM** Töluverð óánægja er innan Háskóla Íslands um ný lög um opinbera háskóla og óttast sumir ítök atvinnulífsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Hobbyhúsbílar

**Tilboð meðan birgðir endast!**  
Vinsælustu húsbílarirnir með öruggt endursöluverð.  
Góðir lánamöguleikar. Getum einnig afgreitt erlendis.



**T 500 VAN**

**Verð: 7.600.000\***



**T 600 FC**

**Verð: 7.900.000\***



**T 650 FLC**

**Verð: 8.950.000\***

**Opnunartími:**

Mán-fös: 10:00-18:00  
Lau-sun: 13:00-16:00

\*Verð miðast við € 115

**Hobbyhúsið ehf – Dugguvogi 12 – 104 Reykjavík**  
s: 517 7040 – [www.hobbyhusid.is](http://www.hobbyhusid.is)

## Ósætti um ný háskólalög

Töluverð óánægja er innan Háskóla Íslands með ný lög um opinbera háskóla. Fulltrúar utan skólans í meirihluta í háskólaráði. Ráðherra segir það eðlilegt en háskólafrólk óttast ítök atvinnulífsins.

**MENNTAMÁL** Samkvæmt nýjum lögum um opinbera háskóla hafa fulltrúar utan skólans meirihluta í háskólaráði. Þetta hefur valdið mikilli úlfúð innan Háskóla Íslands og hafa nokkrar umræður skapast um málið.

Gísli Már Gíslason, formaður Félags professora við ríkisháskóla, segir skipan ráðsins óeðlilega. „Háskólasamfélagið á aðeins tvo fulltrúa þar og þeir, auk fulltrúa nemenda, eru í minnihluta í ráðinu, fólk utan háskólans í meirihluta. Þetta teljum við ekki rétt,“ segir Gísli.

„Samsetning háskólaráðs er ekki í takt við okkar tillögur,“ segir Kristín Ingólfsdóttir rektor. „En nú hafa verið sett lög um málið sem við munum að sjálfsgöðu fara eftir. Að öðru leyti eru þau að mestu í takt við okkar tillögur.“ Í umsögn rektors um löginn var lagt til að háskólaráð yrði 11 manna og í því sætu fulltrúar allra fimm fræðasviða skólans.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra segir skipan ráðsins eðlilega. Í umræðu um löginn á þingi sagði hún markmið laganna beinlínis vera að meirihluti háskólaráðs sé skipaður fólki utan skólans.

„Með nýju lögnum aukum við

frelsi háskólasamfélagsins,“ segir Þorgerður. „Í raun mætti frekar gagnrýna okkur fyrir að taka ekki skrefið til fulls og skipa eingöngu fulltrúa utan háskólans í háskólaráð.“

Samkvæmt nýju lögnum skipar ráðherra rektor að fenginni tillögu háskólaráðs. „Við höfum hingad til búið við jafningjalyðræði og kosið á meðal okkar um rektor og stjórnendur. Við óttumst að nýju löginn boði breytingar þar á, enda er þar fallið frá hæfiskröfum,“ segir Gísli Már. Hann segir menn einnig óttast að akademískt frelsi þeirra sé í hættu og stjórnunarstíll fyrirtækja sé kominn í háskólann.

Kristín óttast ekki skort á akademísku frelsi, rektor sé formaður háskólaráðs og muni standa vörð um það. „Hið sama gildir um ráðningu rektors. Strangt til tekið getur háskólaráð tekið þá ákvörðun að rektor verði ráðinn en ekki kjörinn. En við sem háskólasamfélag höfum mikið um það að segja með rektor sem formann háskólaráðs hver framtíðin verður,“ segir Kristín.

Þorgerður Katrín tekur undir þetta og segir löginn ef eitthvað er tryggja enn frekar akademískt frelsi við háskólann.

[kolbeinn@frettabladid.is](mailto:kolbeinn@frettabladid.is)



KRISTÍN INGÓLFSDÓTTIR




GÍSLI MÁR GÍSLASON



ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR

# Tilboðsdagar

Lokadagur 7. júní.



Allt að 50% afsláttur  
af völdum vörum.



Ifö innréttingar  
Með handlaug 35%

Kaldewei Baðker  
160 x 70 cm 50%

Mora Cera  
Blöndunartæki 30%

Cassoe  
Baðfylgihlutir 30%



Tubor  
handklæðaofnar 50%

Sphinx Lugano  
Handlaug 30%

Ifö Cornette  
Sturtuklefar 80 x 80 cm 50%

Intra Horizon  
Stálvaskar 30%

Opið virka daga frá 8-18 laugardaga frá 10-15

Smíðjuvegi 76 • Kópavogi • Sími 414 1000 • Fax: 414 1001 • [www.tengi.is](http://www.tengi.is)  
Baldursnesi 6 • Akureyri • Sími 414 1050 • Fax: 414 1051 • [tengi@tengi.is](mailto:tengi@tengi.is)

## FRÉTTASKÝRING: Stærsti þjóðgarður í Evrópu opnaður


 VATNAJÖKULSPJÓÐGARÐUR


SVARTIFOSS Fossinn er einn fjölmargra þektra náttúrufrýrbæra sem falla innan nýs Vatnajökulsþjóðgarðs. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



HVANNADALSHNJÚKUR Hæsti hluti Íslands, Hvannadalshnjúkur er innan Vatnajökulsþjóðgarðsins en um helmingur þjóðgarðsins er hullinn jökli. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Kennileiti í líkingu við Eiffelturninn

Stærsti þjóðgarður í Evrópu, Vatnajökulsþjóðgarður, verður formlega stofnaður í dag. Nær þjóðgarðurinn yfir um tólf prósent af flatarmáli Íslands en jökull hylur um helming hans. Bláðamennirnir Karen D. Kjartansdóttir og Olav Veigar Davíðsson ræddu við nokkra þeirra sem standa að stofnun þjóðgarðsins.

Vatnajökulsþjóðgarður, stærsti þjóðgarður í Evrópu, verður formlega stofnaður í dag. Þjóðgarðurinn nær í fyrstu yfir um 13 þúsund ferkílómetra eða um 12 prósent af flatarmáli Íslands en gert er ráð fyrir að hann verði stækkaður á næstu árum.

Um helmingur þjóðgarðsins er jökull en í kynningarefni þjóðgarðsins kemur fram að markmið með stofnun hans sé að vernda Vatnajökul og landsvæði honum


tengd. „Þetta verður okkar kennileiti, eins og okkar Eiffelturinn,“ segir Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands, um Vatnajökulsþjóðgarð.

Meginstarfsstöðvar þjóðgarðsins eru gestastofur. Nú þegar eru tvær slíkar, í Skaftafelli og Ásbyrgi, en til stendur að reisa fjórar stofur til viðbótar.

Að auki eru starfsstöðvar landvarða fjórar nú en verða ellefu eftir að uppbyggingu svokallaðs

þjónustunets þjóðgarðsins lýkur. Er áætlað að kostnaður við uppbygginguna kosti um 1.150 milljónir króna og að henni ljúki á næstu fimm árum.

Í tilefni dagsins verður efnt til hátíðarhalds milli klukkan 15 og 17 í dag á fjórum rektstrarsvæðum þjóðgarðsins: í Gljúfrastofu í Jökulaárgljúfrum, á Skriðuklaustri í Fljótsdal, í Skaftafellsstofu í Skaftafelli og í Kirkjubæjarklaustri.



Í fyrsta skipti er þjóðgarði einnig ætlað að vera byggðaverkefni:

## Verndun þarf ekki að þýða dauða og djöful fyrir byggðir

Vatnajökulsþjóðgarður hefur það yfirlýsta markmið að vera atvinnuskapandi byggðaverkefni. Anna Kristín Ólafsdóttir, formaður stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs, segir það í fyrsta skipti sem ætlunin er að slík uppbygging fari saman við rekstur þjóðgarðs.

„Verkefnið vonum við að sýni og sanni að vernd og uppbygging atvinnu getur farið saman og á að fara saman. Að það sé ekki dauði og djöfull fyrir svæðin í kring heldur að í verndandi verkefnum geti beinlínis falist meiri verðmæti heldur en í margri annarri atvinnustarfsemi,“ segir hún.

Þá bendir Anna Kristín á að þjóðgarðurinn hafi ekki aðeins þýðingu fyrir náttúruvernd Íslendinga heldur heimsbyggðina alla vegna þeirra einstöku landsvæða sem tilheyra garðinum. Garðurinn hafi því mikilvægt hlutverk út frá náttúruverndarsjónarmiðum, pólitík og

uppbyggingu byggðanna í kring. „Auk þess sem gert er ráð fyrir því að þetta eigi eftir að auka gjaldeyrstekjur á Íslandi verulega og við skulum bara vona að það gangi eftir,“ bætir hún við en samkvæmt upplýsingum sem finna má á vef umhverfisráðuneytisins er gert ráð fyrir því að áætlaðar auknar gjaldeyrstekjur vegna Vatnajökulsþjóðgarðs telur fyrirtækið að verði á árinu 2012 um þrjár til fjórir milljarðar króna. Miðað við að hvert ársstarf í ferðaþjónustu kosti um tíu milljónir á ári gæti því verið um að ræða 150 ný störf á svæðinu, en mun fleiri á landinu í heild. Þá telur fyrirtækið að gera megi ráð fyrir veruleg fleiri heimsóknum í þjóðgarðinn eftir 2012 þegar þjónustunet hans verður fullmótað og að áætlaðar viðbótargjaldeyrstekjur af erlendum ferðamönnum vegna Vatnajökulsþjóðgarðs gætu numið að minnsta kosti 11 milljörðum króna árið 2020.

### Nýttur í tengslum við byggðaupbyggingu

Hjalte Þór Vignisson, bæjarstjóri á Höfn í Hornafirði, segir reglur sem settar hafa verið um þjóðgarðinn taka tillit til atvinnustarfsemi sem hægt er að stunda í tengslum við garðinn auk þarfa útivistarfólks. „Það er mjög mikilvægt að þessir þættir fái pláss innan þjóðgarðsins svo hægt sé að hagnýta hann í tengslum við byggðaupbyggingu,“ segir hann. Hjalte segir að ýmsa þætti eigi þó eftir að fullvinna eins og gengur í jafnvíðamiklu verkefni og þessu. Nefnir hann sem dæmi þörf á því að ganga betur frá reglum í sam-



HJALTE ÞÓR VIGNISSON

skiptum við landeigendur á svæðinu. Auk þess telur hann að fleiri svæði ættu að falla undir svið garðsins og vonast hann til þess að þau verði hluti garðsins á næstu misserum, svo sem Langisjór auk fleiri jarða. Hjalte viðurkennir að það hafi orðið honum vonbrigði að ekki sé gert ráð fyrir því að framkvæmdastjóri garðsins hafi aðsetur á Höfn. „Niðurstaðan varð önnur en við vonuðumst eftir og við ákváðum að sætta okkur við það en setja ekki stein í götu þessa mikilvæga verkefnis sem kemur til með að verða mikill aflvaki á svæðinu.“

### Stórsigur í náttúruvernd

„Þetta er einn stærsti sigur náttúruverndar á Íslandi,“ segir Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka á Íslandi, um stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs.

Einna mikilvægast þykir honum að með þjóðgarðinum hafi verið komið í kring að Jökulsá á Fjöllum er vernduð frá upptökum til sjávar. Hann telur þó að verndarákvæðin mættu vera sterkari þegar kemur að reglum um umferð ökutækja um svæðið sem og hestaferða. „En maður verður að brosa á góðum degi og fagna þeim árangri sem næst. Þetta er jú mikill sigur fyrir þá sem börðust gegn Kárahnjúkavirkjun og Eyjabakkalóni en börðust fyrir verndun og friðlýsingu á þeim svæðum sem eru norðan Vatnajökuls,“ segir hann.



ÁRNI FINNSSON

Gaman að taka þátt í stofnun stærsta þjóðgarðs í Evrópu:

## Afar ánægður með áfangann

„Við erum að taka mjög stórt svæði til friðunar og náttúruverndar,“ segir Þórdur H. Ólafsson, framkvæmdastjóri Vatnajökulsþjóðgarðs.

Hann segir Vatnajökulsþjóðgarð á margan hátt einstakan en það eitt hversu stór hann er muni án efa draga ferðamenn til landsins.

„Það sem er nýtt við þennan þjóðgarð er rýmri aðgangur heldur en almennt hefur tíðkast með þjóðgarða á Íslandi. En það eru auðvitað ákveðnar reglur sem gilda.“




ÞÓRÐUR H. ÓLAFSSON

Þjóðgarðarnir í Skaftafelli og í Jökulsárgljúfri falla innan hins nýja þjóðgarðs. Þá er hluti lands sem fellur innan þjóðgarðsins í einkaeigu og segir Þórdur að á ákveðnum svæðum geti menn áfram stundað hefðbundinn landbúnað.

„Við erum afar ánægð með að þessum áfanga skuli vera náð og erum spennt fyrir að takast á við ögrandi verkefni sem er að reka þjóðgarðinn. Það er gaman að taka þátt í stofnun þjóðgarðsins með heimamönnum og öðrum sem komið hafa að undibúningi með okkur.“

# SUMARSÝNING TOYOTA UM HELGINA



## Toyota – sumarið sýnir sig um helgina

Sumarið sýnir sig hjá Toyota og því verður sérstaklega bjart yfir bílunum á Sumarsýningu Toyota á Nýbýlavegi um helgina. Sumarsýning á Akureyri og Egilsstöðum á laugardaginn.

Gjafabréf fyrir tvo með Icelandair til Evrópu fylgir hverjum seldum bíl.\*

Opið laugardag kl. 12.00 – 16.00  
sunnudag kl. 13.00 – 16.00

Komdu, skoðuðu og reynsluaktu spennandi sumarsmellum. Það verður **grill** og **gaman** á Sumarsýningunni.



TODAY TOMORROW **TOYOTA**

Toyota Kópavogi  
Nýbýlavegi 2 - 8  
Kópavogur  
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri  
Baldursnesi 1  
Akureyri  
Sími: 460-4300

Toyota Austurlandi  
Miðási 2  
Egilsstaðir  
Sími: 470-5070

\*Flugvallarskattar ekki innifaldir.



# Stimplaðu þig

## Frábær ferðaleikur fyrir alla fjölskylduna



Olís býður þér og fjölskyldu þinni að taka þátt í frábærum stimpilleik í sumar. Það eina sem þú þarft að gera er að safna stimplum í Ævintýrakortið um leið og þú verslar hjá Olís. Kortið á að hafa borist þér í pósti en einnig er hægt að nálgast það á næstu Olís-stöð. Komdu við hjá Olís og fáðu stimpil í Ævintýrakortið og glaðning í leiðinni.

# Ævintýra- eyjan



TEWAEREKJAVIK ISIA

BYLGJAN  
989



Kjöris

Lays

SS

Svali

Topas

Coca-Cola



Vildarklúbbur

# inn í sumarið!

## Ferðavinningar dregnir út í hverri viku ...

Veglegir ferðavinningar í formi Vildarpunkta Icelandair verða dregnir út á hverjum laugardegi í sumar í þætti Hemma Gunn á Bylgjunni.

## ... og glæsilegir aðalvinningar í lok sumars

Byrjaðu því strax að safna stimplum svo þú eigir möguleika á þessum stórglæsilegu vinningum. Vertu með í allt sumar. Allar nánari upplýsingar á [www.olis.is](http://www.olis.is)



12 ferðavinningar:  
4 x 120.000 punktar  
4 x 84.000 punktar  
4 x 42.000 punktar

 Vildarklúbbur

Eldsneytisúttekt  
að verðmæti  
300.000 kr.

Coleman-gasgrill  
að verðmæti  
295.000 kr.

Daxara-kerra  
að verðmæti  
200.000 kr.

**-5kr.**  
af eldsneyti í dag  
Ath.! Eingöngu  
í Norðlingaholti

## Komdu við hjá Olís Norðlingaholti í dag

Bylgjan verður í beinni útsendingu frá Olís-stöðinni Norðlingaholti kl. 13–16 í dag. Leikir, óvæntir glaðningar og 5 króna afsláttur af eldsneyti.

**olis**

Við höldum með þér!

# Okkur var gefið annað tækifæri

Dragana Zastavnikovic kom til Ísafjarðar ásamt fjölskyldu sinni sem flóttamaður árið 1996. Óvissan var algjör en þeim var ekki lengur vært í heimalandi sínu. Hún segir móttökurnar hafa verið yndislegar og lítur nú á sig sem Íslending. Hún segir það að taka á móti flóttafólki snúast um að hjálpa fólki að hefja nýtt líf. Það sé gríðarlega mikilvægt.

**D**ragana, eiginmaður hennar og dóttir urðu landflótta eftir að átökin brutust út á Balkanskaga, fyrir þær sakir einar að Dragana er Króati en maður hennar Serbi. Hún segir komuna til Íslands hafa gefið sér annað tækifæri.

„Ég átti áhyggjulausa æsku í Króatíu. Þegar ég var 17 ára gömul giftist ég og allt var svo gott og yndislegt. Allt lífið var fram undan og við vorum mjög hamingjusöm. Skömmu síðar eignuðumst við heilbrigða og fallega dóttur,“ segir Dragana. Ekki leið þó á löngu þar til óveðursský hrönnuðust upp við sjóndeildarhringinn.

„Fjórum árum síðar, þegar ég var 21 árs, braust stríðið út. Allt í einu vorum við orðin landflótta fyrir það eitt að vera Króati og Serbi í hjónabandi. Við flýðum frá heimaslóðum okkar til Krajina-héraðs í Króatíu.

Þar fengum við inni hjá foreldrum hans. Þau eiga stórt og gott hús þannig að það var ekki vandamál. Spennan og þrýstingurinn sem var í samfélaginu var hins vegar mjög erfiður.“

## Í miðju stríði

Í fjögur ár var skothríð og sprengjudynur daglegt líf þeirra hjóna. „Þótt ótrúlegt sé þá vandist maður þessu. Hins vegar hefur þetta haft áhrif á okkur. Mér var hugsað til þess þegar jarðskjálftinn kom, en þá urðu allir í kringum mig hræddir. Ég sýndi hins vegar engin viðbrögð og maður spyr sig af hverju; þetta er eitthvað sem veldur skelfingu hjá fólki. Stríðið heimsækir mann líka stundum í draumi.“

Í ágúst árið 2005 kom króatíski herinn inn í Krajina-hérað og um 250 þúsund manns voru reknir yfir landamærin til Serbíu. Það átti að heita að fólkið fengi að fara í friði, en raunin var sú að loftherinn gerði árásir á flóttafólkið.

„Þarna skildumst við maðurinn minn að, en sem betur fer var dóttir okkar hjá frændfólki okkar í Serbíu. Ég paufaðist 500 kílómetra leið á dráttarvél og fótgangandi. Rétt áður en að landamærunum kom hittumst við hjónin sem betur fer aftur.

Í Serbíu vorum við fyrst hjá frændfólki mannsins míns, en það bjó í mjög litlu húsnæði. Svo kom mamma og borgaði leigu fyrir okkur og okkur leið skár. Síðan var maðurinn minn kallaður í herinn aftur, þrátt fyrir að hann væri skráður sem flóttamaður, en það er bannað. Við skildumst því aftur að með þeim þjáningum, kvíða og svefnlausu nóttum sem því fylgdi.

Loks kom hann aftur og við fórum fyrir flóttamannanevnd Sameinuðu þjóðanna og skráðum okkur í sendiráð. Við vorum skilgreind þannig að við þyrftum að komast í burtu, gætum hvorki snúið heim né verið kyrr, þar sem við vorum í blönduðu hjónabandi. Það að hann var kallaður í herinn þrátt fyrir stöðu flóttamanns hafði líka áhrif.“

## Haldið til Íslands

„Ég gleymi aldrei 8. mars árið 1996, en þá fengum við tilkynningu um að við yrðum aðstoðuð við að komast í burtu. Í byrjun júlí fengum við síðan að vita að förinni væri heitið til Íslands. Ég starfaði sem kennari þannig að ég vissi nokkuð um landið, en aðeins nokkrar grundvallarstaðreyndir.

Við hittum Íslendinga og kviðum því strax að þurfa að læra þetta óskiljanlega tungumál. Ein vinkona okkar þekkti þó flugfreyju sem komið hafði nokkrum sinnum til landsins og hún bar landi og þjóð vel söguna. Við vorum því mjög spenn.“

Fjölskyldan lenti í Keflavík 28. júlí klukkan hálf tvö um nóttina. Þar beið þeirra flugvél sem flaug með þau til Ísafjarðar. Þau voru þreytt, spennit og ferðalúin þegar lent var á Ísafirði, en umfram allt glöð.

„Það er ekki hægt að útskýra þessar tilfinningar. Þessu fylgir svo mikil gleði en jafnframt óvissa fyrir framtíðinni. Samt á jákvæðan hátt því maður veit að maður er að fara í eitthvað betra. Okkur var gefið annað tækifæri.

Á Ísafirði var vel tekið á móti okkur; stuðningsfjölskyldan mætti með blómvönd og okkur var fylgt í íbúðina okkar. Það var ekkert smásjokk að fara í nýja íbúð í bænum með nýjum húsgögnum og vera sagt: „Þetta er ykkar!“ Það var ótrúlegt og við spurðum okkur að því hvort okkur væri að dreyma.

Síðan áttum við að fara að sofa því allir



SÁTT HEIMA Dragana og hundurinn Brútus heima í Kópavoginum.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA



NÝTT HEIMALAND Dragana við komuna til Íslands í júlí árið 2007. Komin til nýs lands en ferðalagið rétt að byrja. Páll Pétursson félagsmálaráðgjafi tekur á móti flóttafólkinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/SVÞ

## HÆLIS LEITAÐ Í ÓKUNNU LANDI

**Flúðu stríðið** Þrjátíu flóttamenn komu hingað frá Krajina-héraði í Króatíu árið 1996. Fólkið flúði stríðsátökin sem geisluðu á Balkanskaganum í kjölfar falls Júgóslavíu.

**Þáttaskil** Koma flóttamanna markaði ákveðin þáttaskil í stefnu íslenskra stjórnvalda. Þetta var fyrsti hópurinn sem kom eftir stofnun flóttamannaráðs – nú flóttamannanevndar – samkvæmt kerfi um nána samvinnu ríkisvalds, móttökusveitarfélags og Rauða kross Íslands.

Koma flóttamanna vakti mikla athygli hérlandis og færri komust að en vildu til að aðstoða þá.



VELKOMIN Flóttafólk sem hefur komið hingað til lands er á öllum aldri, bæði börn og fullorðnir. Flóttafólkið sem kom frá Krajina var þar engin undantekning.

áttu að mæta á fund daginn eftir. En maður sofnar ekkert sisona þegar lífið hefur tekið algjörum stakkaskiptum á nokkrum klukkutímum. Þar að auki skein sólin alla nóttina sem okkur þótti mjög sérstakt,“ segir Dragana og hlær.

## Góðar móttökur

Það hlýtur að vera erfitt að koma með fjölskyldu sína í nýtt land sem maður þekkir lítið og eiga að hefja nýtt líf. Dragana segir viðmót Ísfirðinga hafa gert það auðveldara.

„Allt fólkið sem tók á móti okkur var yndislegt; við skildum ekki orð en orð eru óþörf þegar bros og góðar kveðjur eru annars vegar. Svipurinn sagði allt sem segja þurfti. Vissulega voru heimamenn forvitnir og vildu sjá okkur flóttafólkið. Mér fannst það bara fyndið. Flestallir bæjarbúar höfðu aðstoðað við undirbúning komu okkar og því eðlilegt að þeir hafi viljað sjá framan í okkur.“

Við byrjuðum fljótlega í íslenskukennslu og vorum svo heppin að kennarinn talaði serbó-króatísku. En raunar voru allir Ísfirðingar í hlutverki kennarans. Þeir lögðu sig í framkróka við að aðstoða okkur. Töluðu hægt í búðinni: „Þetta er brauð“, nokkuð sem ég er viss um að við hefðum ekki notið hefðum við verið í Reykjavík. Smæð staðarins hjálpaði því til í okkar tilfalli.

Síðan voru allir svo almennilegir. Ég man alltaf eftir sýslumanninum, Ólafi Helga Kjartanssyni, sem heilsaði manni alltaf að fyrra bragði í fullum skráða. Sjálfur sýslumaðurinn! En svona er þetta í svona litlum bæjarfélögum, allir þekja alla og það er mikill kostur.“

Dragana fór fljótlega að kenna börnunum móðurmálið, en eiginmaður hennar hóf störf hjá fyrirtæki í byggingariðnaði. Hann er menntaður löggrámaður úr heimalandinu, en lærði til smíðs á Ísafirði og hefur nú stofnað eigið fyrirtæki.

## Erum Íslendingar

Fjölskyldan bjó á Ísafirði til ársins 2006, lengst þeirra sem komu í hópi flóttafólksins. „Já, við fluttum á endanum suður.“

Dóttir okkar var farin suður í nám og við vildum vera með henni eins lengi og við gætum. En það var ekki auðvelt að yfirgefa Ísafjörð og allt það yndislega fólk sem þar er. Þar var vel tekið á móti okkur og meira að segja vildi bæjarstjórnin banna okkur að fara,“ segir Dragana hlæjandi.

Hún segir fólk fyrir vestan hafa varað hana mjög við stressinu og hraðanum fyrir sunnan. „Ég væri til í að bjóða þeim til Belgrad. Þar búa tvær milljónir og stundum er maður fastur hálfan daginn í hringtorgi og kemst ekki út. Mér líður vel hér í Kópavogi, enda sagði víst einhver: Það er gott að búa í Kópavogi.“

Dragana og fjölskylda hennar fengu ríkisborgararétt árið 2001. Hún segir að þau liti á sig sem Íslendinga, en þau reyni að halda í króatískar hefðir þar sem það er hægt. Þau hafa ekki í hyggju að snúa aftur til Króatíu. „Þegar maður hefur upplifað það sem við höfum gert, þá óttast maður ætíð að það geti endurtekið sig. Kannski ekki á morgun, en jafnvel eftir þrjátíu ár.“

## Nýtt líf

Dragana er ekki í vafa um að Íslendingar eigi að taka á móti fleira flóttafólki. Hún segir þá sem gagnrýnt hafa verkefnið oftast en ekki hafa sýnt vanþekkingu sína á því.

„Þetta snýst um að veita fólki tækifæri til að hefja nýtt líf. Ég stóð allt í einu uppi sem manneskja án ríkisfangs og án heimalands. Ég fékk annað tækifæri.“

Fólkið sem kemur er ekki að biðja um lúxus; bara um öruggt líf fyrir sig og börnin sín. Ég var svo ánægð með allt sem ég fékk – ég á til dæmis enn pottana sem biðu eftir mér.“

Vissulega getur verið kostnaður í heilbrigðiskerfinu, en snýst þetta ekki um að hjálpa fólki?“



FRÉTTASKÝRING  
KOLBEINN ÓTTARSSON PROPPÉ  
kolbeinn@frettabladid.is

ÞRIÐJA GREIN AF FJÓRUM

Á mánudag:

Staða flóttafólks á alþjóðavísu





## Boltapizza Domino's!

**Boltapizza:** Nú býður Domino's upp á Boltapizzu með pepperoni, skinku, beikoni, hakki, kjúklingi, lauk, sveppum, papriku, auka osti og svörtum pipar á aðeins 1.800 kr. ef sótt er.\*



\*Gildir til 31. ágúst.



**Brownies:** Ljúffengar Brownies með súkkulaðibitum. Eftirréttur sem hreinlega bráðnar uppi í þér. Aðeins 160 kr. stykkið.\*

\*Glassúr fylgir ekki.

**Vöflur:** Heitar og ilmandi vöflur með súkkulaðisósu. Aðeins 390 kr.



58-12345  
dominos.is

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

OMX ÍSLAND 15  
4.665 -0,71%Fjöldi viðskipta: 233  
Velta: 2.072 milljónir

## MESTA HÆKKUN

↑ FL GROUP +0,76%  
↑ ATLANTIC PETROLEUM +0,33%

## MESTA LÆKKUN

↓ SPRON -3,25%  
↓ MAREL -2,15%  
↓ ÖSSUR -1,78%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Atorka 6,76 -0,44% ... Bakkavör 33,40 -1,04% ... Eimskipafélagið 20,00 -0,65% ... Exista 9,65 -0,92% ... Glitnir 17,00 -0,59% ... Icelandair Group 18,70 -1,32% ... Kaupþing 770,00 -0,65% ... Landsbankinn 24,60 -0,81% ... Marel 91,00 -2,15% ... SPRON 4,47 -3,25% ... Straumur-Burðarás 10,68 -0,37% ... Teymi 3,01 -0,37% ... Össur 94,00 -1,78%

## viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN

nánar á visir.is

## Peningaskápurinn...


## Efast um evruna

„Spánverjar hafa efasemdir um evruna í dag. Vissulega hefur dregið úr verðbólgu. En stýrivextir eru háir, útflutningur til Suður-Ameríku hefur dregist saman, fasteignamarkaðurinn á niðurleið og atvinnuleysi að

aúkast í röðum útlendinga,” segir hinn spænski

Xavier Sala-i-Martin, prófessor í þjóðhagfræði við Columbia háskóla í New York í Bandaríkjunum.

Sala-i-Martin hélt í gær erindi um samkeppnishæfni landa sem þátt tóku í könnun Alþjóðaeftahagsstofnunarinnar (e. World Economic Forum) í fyrra. Ísland lenti í 23. sæti.



## Ekki nóg að skoða málið

Sala-i-Martin sagði eðlilegt að mönnum væri umhugað um stöðu Íslands í þeim óljusjó sem ríðið hafi mörkuðum síðustu misserin. Eina leiðin til að auka samkeppnishæfni væri að auka framleiðni, opna hagkerfið og hafa stöðugan gjaldmiðil. Hann sagði upptöku evru ekki endanlega lausn og benti á að Spánverjar hefðu kannað kosti og galla hennar í þau áður en þeir gengu í myntbandalagið. Menn hafi verið jákvæðir í upphafi en raunin orðið önnur þegar á leið, ekki sist síðustu mánuði. Stýrivextir á evrusvæðinu séu háir og svipuðu máli gegni um gengi evru. Þessi þróun hafi sett strík í reikning margra. „Það er samt óvíst að það sama eigi við um Ísland,” sagði hann.

## MARKAÐSPUNKTAR

Yfir 30.000 viðskiptavinir hafa sagt skilið við Danske Bank í Finnlandi eftir tæknivandamál og hæga þjónustu, greinir Berlingske Tidende frá undir yfirskriftinni „Stórfelldur flótti viðskiptavina frá Danske Bank“.

Velta á gjaldeyrismarkaði nam 25,7 milljörðum króna í gær, að því er greiningardeild Landsbankans segir. Gengisvísitala krónunnar stóð í 152,70 stigum í lok dags og hafði hún veikt um 0,13 prósent yfir daginn.

„Mikil hækkun hefur orðið á hrólúverði undanfarna tvo daga og lætur nærri að tunnan hafi hækkað um tólf dollara,” segir greiningardeild Kaupþings. Verðið fór í gær í yfir 134 dali, en í nýrri umfjöllun Morgan Stanley er verðinu spáð í 150 dali á tunnu innan mánaðar.

## Sjóðir stórir í Existu

Nokkrar breytingar urðu á hluthafalista Existu í kjölfar yfirtökunnar á Skiptum í vikubyrjun. Hluthafar Skipta fengu hluti í Existu fyrir bréf sín. Eignarhlutur annarra hluthafa þynntist á móti í kringum tuttugu prósent. Bakka-bræður halda þó hlut sínum óbreyttum þar sem þeir hafa keypt hlut Kaupþings.

Á hluthafalista sem birtist í Markaðnum á miðvikudag var Kaupþing sagður annar stærsti hluthafi Existu. Listinn var fenginn frá Verðbréfaskráningu. Þetta stóð hins vegar einungis í skamma stund vegna færslu bréfa í gegnum

## TÍU STÆRSTU HJÁ EXISTU

Nafn	Hlutfall (í %)
Bakkabraeður Holding B.V.	45,20
Kista-fjárfestingafélag ehf.	7,16
Arion safnreikningur	5,09
Gift fjárfestingafélag ehf	4,34
Gildi lífeyrissjóður	4,12
Castel (Luxembourg) SARL	4,08
Lífeyrissjóður verslunarmanna	3,76
SPRON	2,40
AB 47 ehf.	1,87
Lífeyrissjóðir Bankastræti 7	1,47

Kaupþing, sem hafði umsjón með útgáfu nýrra hluta Existu. Kaupþing á með réttu um eitt prósent í félaginu. - jab

## Mat fjórðungi yfir útboðsgengi

Verðmat Greiningar Glitnis vegna hlutafjárútbóðs Marel Food Systems er 112 krónur á hlut, 26 prósentum yfir útboðsgenginu sem var 89 krónur á hlut. Útböðinu, sem er vegna fjármögnunar á kaupum á Stork Food Systems, lauk í gær. Upplýsingar um viðtökur lágu ekki strax fyrir. Gengi bréfa Marels stóð í 91 krónu á hlut í gær og hafði lækkað um 2,15 prósent.

Hörður Arnarson, forstjóri Marels, sagðist hins vegar í gær bjart-

sýnn á útböð. „Núna er að aukast áhugi erlendra fjárfesta, bæði frá Skandinavíu og Mið-Evrópu,” segir hann. Í danska viðskiptablaðinu Børsen er í gær frá því greint að verðhækkunir á hrávöru og matvælum lokki stærri fjárfesta að matvælaíðnaði. Þá segir blaðið að fyrirtæki sem selji tækni og búnað til matvælaframleiðenda séu sérstaklega áhugaverð þar sem þau auki nýtingu og skilvirki hjá matvælaframleiðendum. -as

## Snúrustaurar



PÓR HF

REYKJAVÍK: Ármúla 11 - Sími 568-1500  
AKUREYRI: Lönsbakka - Sími 461-1070

## Fjárfestar svart-sýnir vestanhafs

Atvinnuleysi mældist 5,5 prósent í Bandaríkjunum í nýliðnum mánuði, samkvæmt tölum sem birtar voru í gær. Þetta er hálfu prósentustigi meira en mánuðinn á undan og talsvert meira en reiknað var með.

Bandarískir fjármálasérfræðingar segja ljóst að lausafjórðungi hafa valdið því að fyrirtæki hafi hægt á mannaáráðningum og geti það aukið líkurnar á samdráttarskeiði vestanhafs. Í kjölfar birtingarinnar lækkuðu hlutabréf á mörkuðum vestanhafs. - jab

## Velta með krónur er á hraðri niðurleið

Velta á krónumarkaði hefur verið með allra minnsta móti undanfarna vikur. Seðlabanki Íslands væntir þess að veltan aukist og verðmyndun verði betri með nýjum reglum um gjaldeyrissjöfnuð.

„Við vonumst til þess að þetta auki veltu á gjaldeyrismarkaði,” segir Eiríkur Guðnason seðlabankastjóri um nýjar reglur bankans um gjaldeyrissjöfnuð.

Velta á millibankamarkaði með krónur hefur næstum fallið niður undanfarna tvo mánuði. Hún nam nú og hálfum milljarði króna í síðasta mánuði, að því er fram kemur í nýjum tölum Seðlabankans. Það er ríflega þremur milljörðum krónum minna en í apríl.

Mánuðina á undan hafði veltan hins vegar yfirleitt numið tugum milljarða króna og suma mánuði fór hún yfir hundrað milljarða.

Verðmyndun á krónu hefur verið lítil, svo sem lítil velta sýnir, en bankarnir hafa ekki verið í aðstöðu til þess að láta frá sér erlendan gjaldeyri.

Samkvæmt nýjum reglum Seðlabankans má misvægi gengisbundinna eigna og skulda fjármálafyrirtækja mest nema tíund af eigin fé hverju sinni en var tæpur þriðjungur áður.

„Þetta kallar á ráðstafanir hjá sumum,” segir Eiríkur Guðnason. Hann vill fátt segja um hvaða áhrif þetta gæti haft á gengi krónunnar. „En með aukinni veltu verður verðmyndun virkari.” Hann kann enn fremur engar skýringar á hreyfingum á gengi krónunnar niður á við undanfarið.

## VELTA MEÐ KRÓNUR Á MILLIBANKAMARKAÐI



ÞRÓUN Á GJALDEYRISMARKAÐI Hér má sjá veltuþróun í viðskiptum með krónur á millibankamarkaði síðan í maí í fyrra. Fyrir ári var mánaðarveltan yfir 50 milljörðum króna, en í nýliðnum mánuði var hún 9,5 milljarðar króna.

Gengið styrktist nokkuð eftir að tilkynnt var um gjaldeyrisskiptasamninga Seðlabankans við aðra norræna Seðlabanka. Gengisvísitalan fór þá lægst í tæplega 146 stig, en var um 153 í gær.

Fram kom hjá Greiningu Glitnis í blaðinu í gær að miðað við stöðu Kaupþings við lok fyrsta

fjórðungs, megi ætla að bankinn þurfi að selja nærri 70 milljarða króna af gjaldeyri fyrir krónur. Landsbanki og Glitnir séu hins vegar innan tíu prósent markanna, miðað við stöðuna í lok fyrsta fjórðungs.

Velta á millibankamarkaði með

gjaldreyri nam ríflega 500 milljörðum króna í maí, samkvæmt tölum Seðlabankans. Þetta er næstum tvöfalt meira en á sama tíma í fyrra. Veltan dróst hins vegar saman um fjórutíu prósent frá í apríl.

Í umfjöllun greiningardeildar Kaupþings í gær er velt upp þeirri spurningu hvort Seðlabankinn sé að búa í haginn fyrir inngrip á gjaldeyrismarkaði. Með öðrum orðum að koma í veg fyrir að stórir innlendir aðilar geti tekið stöðu á móti bankanum. „Nú liggur fyrir að Seðlabankinn er að vinna í lán-töku til að styrkja gjaldeyrissvaraförðann og aldrei að vita nema að sá tími renni upp að forðanum verði beitt.“

ikh@markadurinn.is



EIRÍKUR GUÐNASON



## LIFANDI TÓNLIST Á LAUGAVEGINUM

Í dag kl. 15 munu þeir Gylfi Egissyni og sonur hans leiða saman hesta sína og flytja söngperlu Gylfa fyrir gesti og gangandi Bókabúðar Máls og menningar. Þeir munu meðal annars taka þjóðþekkt lög eins og

Stolt siglir fleygið mitt Í sól og sumaryll  
Minning um mann Falleri

Kl. 16 flytur Klive tilraunakennda raftónlist í tilefni af nýútkominni frumraun sinni Sweaty Psalms

Gleðjumst með Gylfa Egissyni, Gigo Bellone og Klive í Bókabúð Máls og menningar í dag

BOKABUÐ  
MÁLS & MENNINGAR  
LAUGAVEGI 1B

## Fyrsta stóra fjárfestingin

„Þetta eru mikil og góð tíðindi,” segir Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar.

Sheikh Mohamed bin Khalifa Al-Thani, bróðir emírsins í Katar, hefur keypt 12,6 prósent hlut í Alfesca. Al-Thani greiðir um 5,5 milljarða króna fyrir hlutinn.

ÞÓRÐUR  
FRÍÐJÓNSSON

„Þetta er fyrsta stóra fjárfestingin úr Arabalöndum,” segir Þórður, og bætir því við að hann vonist til þess að þetta verði til þess að glæða áhuga á fjárfestingum þaðan hér á landi. Mikil fé sé í umferð í Mið-Austurlöndum og vonandi skili það sér að einhverju leyti hingað til lands. - ikh

# Garður 100 ára

# Nú fögnum við

# og höldum hátíð



Þann **15. júní** næstkomandi á Sveitarfélagið Garður 100 ára afmæli og af því tilefni fögnum við Garðbúar og höldum hátíð. Laugardaginn 14. júní verða opnaðar sýningar víðs vegar um bæinn og síðan á sjálfan afmældaginn, þann 15. júní kl. 14:00, hefst hátíðardagskrá í Íþróttamiðstöðinni í Garði. Allir eru velkomnir og vonumst við til að sem flestir brottfluttir Garðbúar og aðrir gestir sjái sér fært að sækja okkur heim.

## Dagskrá afmælishátíðarinnar helgina 14.-15. júní

### Laugardagurinn 14. júní

Í tilefni af afmælinu verða opnanir á eftirfarandi sýningum:

- Kl. 10:00 Auðarstofa, Gerðavegi 1** - Handverkssýning eldri borgara. Opn til kl. 17:00.
- Kl. 11:00 Byggðasafnið á Garðskaga** - Ljósmyndasýning með gömlum myndum úr Garðinum. Opn til kl. 17:00.
- Kl. 13:00 Bæjarskrifstofur** - Sýning á málverkum eftir Gunnar Örn myndlistarmann. Opn til kl. 17:00.
- Kl. 14:00 Gerðaskóli** - Sýning á saumuðum myndverkum Guðrúnar Guðmundsdóttur frá Garðhúsum. Verkin eru unnin með hliðsjón af teikningum og lýsingum úr íslenskum og erlendum handritum frá 14., 15. og 16. öld. Opn til kl. 17:00.
- Kl. 15:00 Sæborg** - Sýning á portrettmyndum eftir Braga Einarsson myndlistarmann. Opn til kl. 17:00.
- Kl. 16:00 Gauksstaðir, vinnustofa** - Sýning á verkum myndlistarmannanna Ágústu Malmquist og Ara Svavarssonar. Opn til kl. 18:00.

### Sunnudagurinn 15. júní

- Kl. 09:00** Guðsþjónusta að Útskálum.
- Kl. 10:00** Hátíðarfundur bæjarstjórnar á bæjarskrifstofunni. Afhjúpun lágmynda af heiðursborgurum Garðs.
- Kl. 11:00** Listaverkið Skynjun eftir Ragnhildi Stefándóttur afhjúpað við innkomu í bæinn.
- Kl. 14:00** Hátíðardagskrá í Íþróttamiðstöðinni. Söngsveitin Víkingar syngja. Forseti bæjarstjórnar setur hátíðina. Ávarp forseta Íslands. Bjarni Thor Kristinsson óperusöngvari syngur. Ávarp bæjarstjóra. Frumflutningur á tónverki eftir Áka Ásgeirsson tónlistarmann sem samið er fyrir bæinn á 100 ára afmælisári. Ávarp ráðherra. Hátíðarlok. Gestum boðið upp á kaffi og meðlæti.

*Að lokinni hátíðardagskrá verða sýningar opnar til kl. 20:00.*

Allir velkomnir

Hefur öll sagan verið sögð í Baugsmálum?

## Pólitískt sakamál?

BJÖRN INGI HRAFNSSON SKRIFAR

Niðurstaða mestu lögspekinga þjóðarinnar liggur fyrir í Baugsmálinu. Dómur Hæstaréttar er fallinn. Við blasir að uppskera ákærvaldsins í umsvifamestu rannsókn á meintum efnahagsbrotum í Íslandssögunni er ákaflega rýr. Jón Ásgeir Jóhannesson er sýknaður í sextán af sautján ákæruatriðum. Jafnljóst er, að stuttur og skilorðsbundinn fangelsisdómur er engu að síður mikið áfall fyrir einn umtalaðasta viðskiptamann þjóðarinnar og ýmsar lagalegar afleiðingar dómsins geta reynst mun afdrifaríkari en skilorðsbundin refsingin ein og sér, svo ekki sé vikið að persónulegri hlíð málsins.

Ekki dugir að deila við dómarrann, svo mikið er víst, en hefur öll sagan verið sögð í Baugsmálum? Í Fréttablaðinu í gær var rætt við ýmsa stjórnsmálsmenn. Rétt er að staldra við nokkur ummæli sem þar féllu og sæta í raun stórum og miklum tíðindum. Í öllum öðrum löndum myndu þau ein og sér hafa víðtækar afleiðingar.

„Réttarvörslukerfið var á villigötum í þessu máli. Upphafið var pólitískt og persónulegt og eftirleikurinn eftir því,“ sagði Atli Gíslason, hæstaréttarlögmaður og þingmaður Vinstri grænna. Hann bætti við: „Málið var aðför frá upphafi til enda. Þetta er áfall fyrir réttarvörslukerfið.“ Jón Magnússon, hæstaréttarlögmaður og þingmaður Frjálslynda flokksins, sagði þetta: „Mér finnst um málið í heild að hátt hafi verið reitt til höggs en útkoman svo rýr að það er nánast með ólíkindum.“ Valgerður Sverrisdóttir, alþingismaður Framsóknarflokksins og fyrrverandi ráðherra, sagðist telja þessa niðurstöðu kalla á áframhaldandi umræðu. „Ég hef áður látið þau orð falla að hátt hafi verið reitt til höggs í málinu,“ sagði hún. Lúðvík Bergvinsson, þingflokksformaður Samfylkingarinnar, sagði: „Hæstiréttur kemst að þeirri niðurstöðu að málið hafi verið byggt á veikum grunni. Þetta mál mun örugglega verða skoðað vandlega. Það er mikilvægt að fara vandlega í saumana á því.“

Það að þjóðkjörnin fulltrúar telji að „hátt hafi verið reitt til höggs“ og rannsóknin hafi verið „aðför“ og upphafið „pólitískt og persónulegt“ er auðvitað grafalvarlegt fyrir lögreglu og ákærvaldið í landinu. Þess vegna er alveg rétt að fara verði betur ofan í saumana á því.

Hvernig verður það best gert? Hvernig verður þessari óþolandi tortryggni og alvarlegu ásökunum eytt? Varla vill lögregla eða ákærvald sitja undir þessum ásökunum? Við þessar aðstæður er réttast að óháðir aðilar, til dæmis fyrrverandi hæstaréttardómarar, eða sérstök rannsóknarnefnd Alþingis, verði fengin til þess að rannsaka þessi mál sérstaklega og koma öllu upp á borðið í þeim efnum, í eitt skipti fyrir öll. Björn Bjarnason dómsmálaráðherra hlýtur að hafa forystu í þeim efnum, jafnoft og hann hefur gagnrýnt „leyndarhjúp“ á öðrum vettvangi og krafist þess að öll spilin væru lögð á borðið.

Niðurstaða dómsmálsins liggur fyrir, henni verður ekki breytt. En við eigum sem þjóð að hafa lært sitthvað af biturri reynslu fortíðarinnar, til dæmis úr Hafskipsmálinu. Staðreyndin er sú að enn er mörgum stórum og erfiðum spurningum ósvarað.

Við það verður ekki unað.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson. AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir. FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Halldórsson og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvín Baldvinsson. VIÐSKIPTARITSTJÓRAR: Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Armannsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Hvar finnst tunga alþýðunnar?

Sturla Jónsson og fleiri félagar hafa stofnað nýtt stjórnsmálaaflið sem hlítið hefur nafnið Lýðræðisflokkurinn. Segir Sturla að það vanti mann á Alþingi sem tali tungu alþýðunnar. Nafnið er þannig til komið að sjálfstæðismaður var spurður hvað flokkur þyrfti að heita svo hann myndi kjósa hann. Tungu alþýðunnar er greinilega líka uppi í sjálfstæðismönnum.

#### Lýðræði í orði og á borði

Ástþóri Magnússyni finnst þó að sér og sínu fólki vegið með nafngiftinni en

sá hópur hefur oft sameinast undir þessu nafni. Kannski ráðfærðu þeir sig við sama sjálfstæðismanninn. Ekki vill Ástþór gefa nafnið eftir og segir að Sturla verði einfaldlega að finna nýtt. En Sturla brást við með því að ætla að láta kjósa um nafnið sem er náttúrulega lýðræðisleg lausn á málinu.

#### Marksækinn hvítabjörn í Katalóníu

Það hljómar ekki undarlega í eyrum Spánverja að hvítabjörn hafi gengið á land á Íslandi. Þó er það ekki fyrir þær sakir að þeir

séu ekki betur að sér í dýrafræðum heldur hitt að knattspyrnumaðurinn Eiður Smári Guðjohnsen er nefndur hvítabjörninn. Þegar Fréttablaðið kannaði það með leitarorðunum „hvítabjörn“ og „Ísland“ hvort spænska pressan hefði eitthvað fjallað um björninn sem felldur var í Skagafirði bar ekkert á þeim fjórætta en knattspyrnugóðið okkar var hins vegar fyrirferðarmikið. Þó sá kvittur hafi komist á að Eiður Smári sé að hugsa sér til hreyfings frá Barcelona verður þó ekki annað sagt en að þeir taki betur á móti hvítabirni í Katalóníu en í Skagafirði.

jse@frettabladid.is



## Með krakkana til Köben

Fjölskyldan átti fagra daga við Eyrarsund. Foreldrar tóku sér langþráð frí og drifu börnin með í Tívoli, dýragarð og Dyrehavsbakken. Og fóru um allt á hjólum. Brekkulaust er landið Dana og ljúft að láta sig líða eftir Strandvejen með barn að baki.

Yfirþýðandi íslenskra bókmennta á dönsku, ljúfmennið Kim Lembek, var svo góður að lána okkur íbúð sína við sjóina fögru. Íbúðin var full af íslenskum skáldsögum í danski útgáfu. Allar bækur Arnaldar nýkomnar í kilju og Sendiherra Braga glóðvolgur í skáp, plakati af Sjón yfir tölvunni og ævisaga Laxness eftir Halldór Guðmundsson í handriti á skrifborðinu. Að auki er Kim langt kominn með þýðingu á Njálu og fleiri Íslendingasögur bíða. Ef einhverjir eiga fálkaorðu skilið eru það menn eins og Lembek.

Íslenskir höfundar fá allir góða dóma í Danmörku, segja fróðir. Við þykjum hafa annan stíl og segja skrítnari sögur en sagðar eru í flata landinu. Þekkt blaðakona segir danska höfunda flesta útskrifaða úr sama Skabende skrift kúrsum. Fátíðindi sögð í fáum orðum eru tískan í bókmenntum Dana. Í bókabúðum má sjá titla eins og „Min far kan lide fugle“.

Á laugardegi bauð Friðrik Weissappel í bröns á nýjum Laundromat stað þeirra félaga, á Austurbrú. Frikki var fagur að sjá þennan daginn enda hafði hann beðið sinnar heitelskuðu fyrir um morguninn. Hún sýndi hringinn stolt á meðan frumburðurinn svaf í sínu frumburðarúmi. Það er gaman að sjá góðan dreng blómstra í borginni við sundið en Reykjavík saknar þó mannsins sem teiknaði umgjörð tveggja kynslóða. Frikki Weiss bjó til Kaffibarinn, Gráa köttinn, Kaupfélagið (sem heimskir menn



HALLGRÍMUR HELGASON Í DAG | Á faraldsfæti

eyðilögðu) og fleira gott, en hamingjan spyr víst ekki um ríkisfang.

Í Tívoli eyddum við heilum degi. Krökkunum þótti skemmtilegast í Den Flyvende Kuffert, sem er nýjasta skemmtireiðin í garðinum, þar sem svífið er um ævintýraheim HC Andersens í opnu kofforti; farið um átján sögur á átta mínútum. Þetta gaf hugmynd: Í Sagnagarðinum í Laugardal mætti ríða á plastfákum á milli Íslendingasagna. Við stjóm á sjóði sem er jafn vannýtt auðlind og heita vatnið.

Á Kastrop kom babb í ferðabát. Borgarfulltrúinn í hópnun hafði dagana á undan skeiðað um barnalistahátíðir Bretlands og komið þaðan beint til Köben. Hún hafði því ekki nýtt fyrri legg flugmiðans (sem við höfðum safnað fyrir með ótal ferðum lögðum inn í Vildarklúbb Flugleiða). En þar með var miðinn ónýtur (!) var okkur tjáð í innritun fyrir heimferð, seint á sunnudagskvöldi. Símar fóru á loft en allt kom fyrir ekki: Okkur var skipað að kaupa nýjan miða, annars yrði eitt okkar eftir.

Þar sem móðir stóð í stappi við innritunarborð tilkynnti sonur að hann hefði píssað í buxurnar. Þegar faðir var hálfnaður í því hreinsiverki tilkynnti starfsmaður að við værum að missa af vélinni. Miðavesen hafði tekið sinn tíma: Nú voru tuttugu

mínútur í flugtak og við áttum eftir passaskoðun, vopnaleyft og kílómeturinn út í hlíð. Starfsmaðurinn hafði vart sleppt orðinu þegar dóttirin sagðist þurfa að kúka. Ég skipaði henni að halda í sér um leið og ég sveiflaði rassberum dreng upp á farangurskerru og skeiðaði af stað, án þess að kveðja frána sem enn stóð miðalaus við afgreiðsluborð. Sonurinn mætti hálfnaðinn til vopnaleytt en dóttirin hélt sprengjunni í sér ósæðri. Hins vegar höfðu barnaskærari í eigu Kims Lembek óvart ratað í handtösku og fyrir vikið lenti stressaður faðir í haldi öryggisvarða.

„Det er bare sådan et børnesaks.“

„Ja, men det er forbudt,“ kvað vörður.

„Jeg tror ikke at Al Qaeda manifesterer børnesaks.“

Fyrir þessi orð var mér haldið í fimm mínútur í viðbót. En var þó sleppt að lokum, og nú voru aðeins sjö mínútur til umræða. Svitablautur með tvö börn á öxlinni náði ég loks í sætið og rétt áður en hurð skall í fals birtist frúin. Af svip hennar að dæma hafði hún þurft að kaupa sér nýjan flugmiða upp á heilar 50.000 krónur. Vildarklúbbur var orðinn Óvildarklúbbur.

Hvernig getur flugfélagið leyft sér að tviselja sæti sín? Höfuðröksemdin er sú að „no-show-kostnaðurinn“ sé að sliga flugfélagin. Þau vilja fá að selja ónotuð sæti aftur. Vart geta það talist löglegir viðskiptahættir að fyrirtæki endurselji vöru sem þegar hefur verið seld? Ekki endurselja leikhúsin sæti þótt upphaflegur kaupandi þeirra mæti of seint á sýningu?

En slagurinn er ekki búinn. Frúin er staðráðin í að fá miðann endurgreiddan, og verður eitt þrumuský ef minnst er á málið.

## Vatnajökulspjóðgarður – til hamingju

### UMRÆÐAN

Hjörleifur Guttormsson skrifar um stofnun Vatnajökulspjóðgarðs

Stofnun Vatnajökulspjóðgarðs nú á þessum degi er viðburður sem lengi verður minnst. Hugmyndin um þennan stærsta þjóðgarð Evrópu óx upp úr miklum átökum um stjórnsýslu og skipulag miðhálandisins á síðasta áratug liðinnar aldar. Á árunum 1998–1999 fjallaði Alþingi um tillögu að fjórum þjóðgördum á miðhálandinu með stóru jöklana sem kjarna. Umhverfisnefnd Alþingis sameinaðist um ályktun um stofnun Vatnajökulspjóðgarðs sem allir viðstaddir þingmenn samþykktu. Umhverfisráðuneytið hefur fylgt málinu markvisst eftir og fjölmargir komið að undirbúningi, m.a. nefnd skipuð fulltrúum þingflokka og sérstök ráðgjafanefnd.

Rúmt ár er síðan lög voru sett um þjóðgarðinn og ákveðið var stjórnarfyrrkomulag hans. Vatnajökulspjóðgarður er sérstök ríkisstofnun og yfir honum er sjö manna stjórn auk fjögurra svæðisráða.



HJÖRLEIFUR GUTTORMSSON

Þannig koma yfir 30 manns að stjórnun garðsins auk sex þjóðgarðsvaraða og fjölda landvarða. Sýnir þetta með öðru hversu stórt málið er í sniðum. Innan Vatnajökulspjóðgarðs verða brátt um 15% af flatarmáli landsins, þar með taldir þjóðgarðarnir í Skaftafelli og Jökulsárgljúfrum. Stofnkostnaður vegna nýrra gestastofa og annarrar aðstöðu fyrstu fjögur árin er áætlaður 1150 mkr.

Fremsta markmið með stofnun þjóðgarðsins er verndun náttúru og menningarminja innan hans. Það fellur í hlut stjórnenda að útfæra þá stefnu með verndaráætlun „í samræmi við alþjóðlegar viðmiðanir um þjóðgarða og friðlýst svæði“. Jafnframt á að auðvelda almenningi aðgengi að svæðinu án þess að náttúra þess spillist. Hér er því á ferðinni metnaðarfullsta verkefni í náttúruvernd héraðsins hingað til og jafnframt stórmál í þjóðhagslegu tilliti. Gangi allt að óskum mun fyrir en varir fjölga hlíðstæðum þjóðgördum á miðhálandinu.

Höfundur er fyrrverandi ráðherra.

Nú fer hver að verða síðastur að ná sér í Blaðbera

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.

Blaðberinn... ...óðar fréttir fyrir umhverfið



# GRILLBRAGÐ

*- helgarinnar*



„Ég vil hafa það hollt og gott  
og auðvelt að elda.  
Að narta í ljúffengan bita af grillinu  
– þannig eru náttúrulega bestu helgarnar.“

## Grillaðar lambalundir með kryddjurtapestói

1 kg lambalundir • kryddjurtapestó

Veltið kjötinu upp úr  $\frac{1}{3}$  af kryddjurtapestóinu og geymið við stofuhita í 20 - 60 mín.

Grillið kjötið á vel heitu grilli í 2 - 3 mín. á hvorri hlið.

Kryddjurtapestó:

1½ dl ólífuolía • 1 búnt basilíka • ½ búnt steinselja • ½ búnt tímian • ½ búnt mynta

2 msk furuhnetur • 2 msk parmesanostur • 1 msk sítrónusafi • 1 msk hunang • ½ tsk pipar • 1 tsk salt

Setjið allt í matvinnsluvél og maukið vel.

Berið kjötið fram með afganginum af pestóinu og t.d. grilluðu grænmeti og kartöflum.



25 mínútur

Íslenska lambakjötið er einstakt. Það býr yfir öllum kostum gæðamatvöru, svo náttúrulega villt, hollt og ljúffengt. Láttu hugarflugið og lambakjötið dansa saman og sigurstundirnar í eldhúsinu verða margar, þegar hefðir og nýjustu straumar töfra fram nákvæmlega þá stemmningu sem þú vilt.

# EINA BLAÐIÐ Á SUNNUDEGI



## Falla ekki inn í normið

Ef Beggi úr Hæðinni ætti að bjóða Boris krafta- karli í mat myndi hann elda lambalæri og græn- meti. Boris myndi helst ekki mæta nema hann fengi að minnsta kosti fimm sneiðar. Rökstóla- par vikunnar fer yfir málin.

## Konur og karlar hágrétu

Hundrað manna hópur Íslendinga fór í píla- grímsför til Liverpool á bítlaslóðir.

## Viltist og fann köllun sína

Búddamunkurinn Lama Tenzin Choegyal varð fyrir barðinu á uppreisnarmönnum og var týnd- ur, slyppur og snauður við rætur Himalajafjalla.

## Sport

### EM komið af stað

- fylgiblað Fréttablaðsins um íþróttir, Sport, kem- ur út á „morgun“. Veglegt blað þar sem finna má allt um EM í fótbolta.

## FRÉTTABLAÐIÐ

Allt sem þú þarft – alla daga



## MAÐUR VIKUNNAR

# Konan á bak við tjöldin

**S**jóminja- safnið í Reykja- vík, Víkin, var enduropnað síðustu helgi eftir gagngerar breytingar og stækkun á sýningarrými þess. Mikil aðsókn var í safnið. Sigrún Magnús- dóttir, forstöðu- maður þess, átti veg og vanda af þeim. Sigrún er maður vikunnar.

Sigrún fæddist í Reykjavík í júní 1944. Foreldrar hennar voru Sólveig Vilhjálms- dóttir, húsmóðir, og Magnús Jónsson Scheving, sjómaður. Þau kynntust í síldinni á Siglufirði. Sigrún fékk ekki að vinna í síld á unglingsárum sínum, en hefur alltaf liðið vel í námunda við hafið. Hún á einn bróður, Eyjólf, sem er kennari.

Hún er gift Páli Péturssyni, fyrrverandi þingmanni Framsóknar- flokksins og félagsmálaráð- herra. Hún var áður gift Kára Einarssyni, verkfræðingi. Hún á tvær dætur: Sólveigu Klöru og Ragn- hildi Þóru, og þrjú stjúpbörn: Kristínu, Ólaf Pétur og Pál Gunnar.

Hún er með stúdentspróf frá Kvinnaskólanum í Reykjavík og hefur einnig meðal annars lært við Húsmæðra- skólann í Reykja- vík og tekið námskeið í sölutækni og bankastörfum í Þýskalandi. Hún lauk nýlega námi í þjóðfræði við Háskóla Íslands.

Hún hefur starfað sem bankamaður og kennari og rak lengi matvöru- verslun í Reykja- vík. Hún hefur setið í ýmsum nefndum og ráðum. Hún var borgarfulltrúi í

### SIGRÚN MAGNÚSDÓTTIR



### ÆVIÁGRIP

Sigrún Magnúsdóttir er fædd í Reykjavík hinn 15. júní 1944. Foreldrar hennar voru Sólveig Vilhjálmsdóttir húsmóðir og Magnús Jónsson Scheving sjómaður. Hún á einn bróður, Eyjólf, sem er kennari. Sigrún er gift Páli Péturssyni, fyrrverandi alþingismanni og ráðherra. Hún var áður gift Kára Einarssyni verkfræðingi. Hún á tvö börn: Sólveigu Klöru og Ragnhildi Þóru, og þrjú stjúpbörn: Kristínu, Ólaf Pétur og Pál Gunnar.

Sigrún útskrifaðist frá Kvinnaskólanum í Reykjavík 1961 og hefur auk þess meðal annars numið sölutækni og bankastörf í Þýska- landi. Hún er með próf í þjóðfræði frá Háskóla Íslands.

Sigrún hefur starfað sem bankamaður, kennari og kaupmaður og hefur setið í ýmsum nefndum og ráðum, einkum fyrir Framsóknar- flokkinn. Hún var formaður borgarstjórnarflokks Reykjavíkurlistans 1994 til 2002.

### VANN SÉR TIL FRÆGDAR?

Getur haldið þremur appelsinum á lofti í einu. Svaf ekki í sólarhring fyrir enduroppun Sjóminjasafnsins í Reykjavík.

### HVAÐ SEGJA AÐRIR?

„Sigrún er einstaklega glaðlynd og skapgóð og fylgin sér. Hún er voðalega heilsteypt manneskja. Mér líkar í alla staði mjög vel við hana.“

Áslaug Brynjólfsdóttir, fyrrverandi fræðslustjóri hjá Reykjavíkurborg og vinkona.

### HVAÐ SEGIR HÚN?

„Mér finnst sjávarlykt góð og er ekki í þeim hópi fólks sem telur að atvinnustarfsemi eigi ekki að vera í borginni. Mér finnst alltof mikið bera á því að ekki megi finnast lykt af fiski. Fiskurinn hefur haldið okkur uppi og hann á að vera hluti af okkar tilveru. Við eigum að lifa með fyrirtækjunum og sögu þeirra og það er til marks um sköpunarkraft að við skulum koma þessu safni á fót hér í hringið sjávarútvegs.“ Sigrún um Sjóminjasafnið í Reykjavík í Fréttablaðinu 5. febrúar 2004.

Reykjavík fyrir Framsóknarflokkinn í sextán ár og var formaður borgar- ráðs í fimm ár. Hún var formaður borgarstjórnar- flokks Reykjavíkur- listans í átta ár.

Sigrún var formaður mennta- ráðs Reykjavíkur- borgar þegar grunnskólarnir voru færðir frá ríki til sveitarfélaga og er sögð hafa verið einn helsti drifkrafturinn í einsetningu skólanna. Hún hefur gegnt ýmsum trúnaðarstörfum fyrir Framsóknar- flokkinn. Einkum hefur hún verið öflug í að byggja upp kvennastarf flokksins. Hún var formaður Félags Framsóknarkvanna 1982 til 1986 og hefur setið í miðstjórn flokksins. Hún var varaþing- maður flokksins í fjögur ár.

Sigrún hefur að sögn vandamanna hennar sýnt einstakan dugnað við uppbyggingu Sjóminjasafnsins. Varðskipið Óðinn og dráttarbáturinn Magni eru hluti af sýningu safnsins og er því lýst sem kraftaverki að henni hafi tekist að fá skipin til safnsins. Henni er hrósað fyrir fjármálastjórn safnsins, meðal annars að hafa tekist að fá öflugna bakhjarla til að styðja það.

Vinir og vanda- menn Sigrúnar lýsa henni sem fram- kvæmdaglaðri og kappsfullri konu sem bjóði af sér góðan þokka. Hún er skemmtileg og hlý, skapgóð og fylgin sér. Heil- steypt, ósérhlífín og „meistari í því að líta vel út“. Hún er sögð mikill húmor- isti og góður dansari. Menn eru sammála um mikilvægi starfa hennar, þó hún hafi ekki alltaf baðað sig í sviðsljósinu. Menn áttu ekki gott með að nefna galla í fari Sigrúnar, en einn nefndi þó að hún gæti verið þrjósk.

gunnlaugurh@frettabladid.is

Auglýsingasími

# 512 50 50



- Mest lesið



**30%  
afsláttur**

**Tilvalið á grillið**

**1.749** kr/kg. áður 2.498 kr/kg.  
Goða grísalund meistarans



**30%  
afsláttur**

**1.284** kr/kg. áður 1.834 kr/kg.  
Goða grísasnitsei



**30%  
afsláttur**

**1.248** kr/kg. áður 1.783 kr/kg.  
Goða grísa kótilettur



**26%  
afsláttur**

**699** kr/kg. áður 937 kr/kg.  
Nettó nautahakk



**30%  
afsláttur**

**398** kr/pk. áður 568 kr/pk.  
Alvöru hamborgarar - 2x 175 gr.



**30%  
afsláttur**

**440** kr/kg. áður 629 kr/kg.  
Pykkvabæjar plockkfiskur - 600 gr.



**30%  
afsláttur**

**265** kr/pk. áður 379 kr/pk.  
Pykkvabæjar grátín 600 gr. - 2 tegundir



**21%  
afsláttur**

**495** kr/kg áður 626 kr/kg.  
BBQ leggir - magnpoki



**10%  
afsláttur**

**Flott úrval frá  
Casa Fiesta**



**50%  
afsláttur**

**109** kr/pk áður 219 kr/pk.  
Nettó brauð

**allt í matinn á einum stað**

Birt með fyrirvara um prentvillur  
Tilboðin gilda: 6. júní til 8. júní eða á meðan birgðir endast  
www.netto.is

**nettó**

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahlverfi Kópavogi - Höfn

# Fornar (tölvu)ástir

Í dagbók **Práins Bertelssonar** er fjallað um fuglasöng og sveitasælu, einangrunarvist, ótímabært fráfall fartölvu og rómantíska endurfundi fornra elskenda. Einnig er spurt hvað það myndi kosta að nauðga karlkyns súlustaðareiganda.



## KÆRA DAGBÓK Práinn Bertelsson skrifar

FÖSTUDAGUR, 30. MAÍ.

### Vorverk

Frú Sólveig gaf mér fyrimæli um að rísa upp frá skrifborðinu og fara með sér austur í Bolholt til vorverka.

Þetta var fremur óspennandi ferðalag. Rigning og þoka á Hellisheiði og sá ekki í heiðan himin fyrr en komið var að brúnni yfir Ytri-Rangá. Á eystri bakka árinna var hið fegursta veður en slagviðri vestan megin.

SUNNUDAGUR, 1. JÚNÍ.

### Fuglasöngur og sveita-sæla

Helgin var fljót að líða við rösklegar tiltektir í Bolholti í blíðu veðri. Girðingar, áburðardreifing o.fl.

Frábært hvað félögum mínum, Fanneyju, Líneyju, Finni og Óla

vinnst vel ef ég passa mig á því að vera ekki fyrir. Ég var nægilega útsmoginn til að taka að mér það verk sem einna flestir munu sjá að hafi verið unnið um helgina – og málaði útidyrhurðina.

Heimferð um kvöldið. Kvöddum sveitina með söknuði. Það er skrytið fyrir miðborgarbúa að sofna við fuglasöng á kvöldin. Kannski væri það góð hugmynd til að koma á skikkulegum friði í miðbænum að hengja upp hátalara og útvarpa fuglasöng á kvöldin?

MÁNUDAGUR, 2. JÚNÍ.

### Einangrun vegna jóla-vertiðar

Dagurinn fór í nauðsynlegar útréttingar vegna þess að nú er ég að fara í einangrunarvist til að reyna að klára bókina mína.

Þetta er það sem Samfylkingin og nútímalega þenkjandi fólk mundi kalla „átaksverkefni“ því að bókin sem ég er búinn að hanga yfir mánuðum saman þarf að komast í prentsmiðju fyrir haustið svo að hún nái jólavertíðinni – og fjölskyldan fari ekki í jólaköttinn.

ÞRIÐJUDAGUR, 3. JÚNÍ.

### Höfuðbólíð og hjáleigan

Einangrunarvistin lofar góðu – eða hitt þó heldur!

Tölvun mín sem lék á als oddi í gær-

kvöldi hérna hjá mér í einangruninni virðist hafa orðið bráðkvödd í svefni í nótt. Sama hvað ég setti mörg raflost á hana.

Eftirmiðdagurinn fór í að fara með tölvuskrottann til umboðsins, það er að segja dagurinn hjá frú Sólveigu, en á meðan hélt ég áfram að puða á hennar tölvu.

Sem betur fer átti ég afrit af handritinu á flakkara því að reynslan hefur kennt mér að tölvur geta verið varasamar. Frú Sólveig sem hefur meiri trú en ég á mannkyninu kom heim furðulostin yfir því að henni var sagt að tölvuviðgerðin gæti tekið eilífðartíma – nema maður greiddi ákveðna þóknun til að fá flýtimeðferð, sjö þúsund kall.

Frú Sólveig sem er að norðan af heiðarlegu bændafólki neitaði að borga aukagjald fyrir að troða tölvunni fremst í röðina svo að ég varð sjálfur að hringja og lofa því að borga forgangsgjaldið með skilum svo að ég fái atvinnutækið mitt aftur fyrir áramót.

Árangurinn af fyrsta deginum í einangrun er því minni háttar taugaáfall. Ég skil ekkert í því að tölvun skuli hafa tekið upp á því að gefa upp öndina. Það er ekki eins og ég hafi verið að yrkja á hana ljóð eða skrifa flókinn texta.

Á netinu sé ég að BB, hinn óviðjafnanlegi dómsmálaráðherra okkar, er að skemmta sér við að ausa úr hlandfor sálar sinnar yfir minn gamla mentor, Jónas Kristjánsson ritstjóra, og segir m.a. á heimasíðu sinni:

„Það er ein af þversögn-



um samtímans, að Jónasi skuli hafa verið falið að halda námskeið um blaðamennsku. Kannski er það vístasti vegurinn til að grafa undan marktækum fjölmiðlum í landinu – eða hvað?”

Þessi greindarlega og sanngjarna kvörtun yfir því að mönnum hafi láðst að setja Jónas í „Berufsverbot“ (atvinnubann) þykir mér athyglisverð og vil benda fólki á að bera saman andagift og heiðrjúku hugans annars vegar á vefsetrinu www.bjorn.is og hins vegar www.jonas.is og dæmi svo hver fyrir sig um hvort er höfuðból eða örreitis- skot.

MÍÐVIKUDAGUR, 4. JÚNÍ.

### Fornar ástir

Fékk að vita símileiðis að bæði harði diskurinn og stýrikerfið í fartölvunni minni væri hrunið.

Með gjaldi fyrir „flýtiþjónustu“ kostaði 10.832 krónur að fá þær upplýsingar hjá Dell-umboðinu, EJS.

Ég veit ekki hvaða kröfur fólk almennt gerir um verð og þjónustu en mér fannst þetta hvorki gott né ódýrt hjá umboðinu og ætla mér ekki að eiga fleiri Dell-tölvur.

Til að ég sæti ekki verklaus heima í tölvuhraki ákvað frú Sólveig að aumkast yfir mig og lánaði mér tölvuna sína sem er af Macintosh-gerð, nokkurra ára gömul og gengur eins og klukka og heitir iBook G4.

Það er skemmt frá því að segja að mér líkar svo þrýðilega við gripinn að ég fór og sótti hræið af Dell-tölvunni og kom við hjá Apple-umboðinu í bakaleiðinni. Það var merkileg upplifun. Eiginlega var þetta eins og í rómantískri skáld sögu þar sem elskendur sem ill

örlæg hafa aðskilið ná saman aftur.

Fyrsta tölvun mín var Macintosh og ástæðan fyrir því að ég hætti við þá tölvutegund var að á fyrstu dögum tölvupósts voru einhverjar samskiptaerfiðleikar milli makka og pésa, þannig að erfitt var að senda skjöl á milli án þess að þau glötuðust eða umturnuðust yfir á djöflabýsku.

Nú eru þau vandamál úr sögunni og ég get vonandi aftur tekið upp fyrra samband við makka, en fyrsta tölvun mín var 512 kílóbæt (hvað sem það nú er); sú sem ég féll fyrir núna er 2 gígabæt og ótrúlega glæsileg.

Ég gerði þeim Apple-mönnum tilboð sem þeir gátu ekki hafnað:

Ef þeir geta bjargað ákveðnum gögnum úr Dell-tölvunni og flutt yfir í MacBook Air til afhendingar í síðasta lagi á föstudag skal ég kaupa af þeim vélna.

Reyndar veit ég ekki hvort maður skrifar því betri texta sem maður á betri skriffæri, en úr því að ég sit flesta daga við tölvu langar mig að fá loksins aftur að sitja yfir grip sem er snilldarlega hannaður.

Íslenskir dómstólar hafa lag á því að koma manni sífellt á óvart. Í dag vann landsfrægur súlustaðareigandi meidyrðamál sem hann höfðaði gegn tveimur höfundum greinar sem birtist um súlustaðinn Goldfinger í tímaritinu Ísafold. Sektin fyrir að anda á mannorð súlustaðareigandans var milljón krónur. Þetta er nokkuð mikið í landi þar sem það kostar smáaura að nauðga kvenfólki.

Hvaða sekt ætli sá eða sú fengi sem tæki upp á því að nauðga karlkyns súlustaðareiganda?

FIMMUDAGUR, 5. JÚNÍ.

### Jarðskjálftar og berserksgangur í fjölmiðlum

Það er reyndar ágætt að vera kominn í tímabundna einangrun. Það er svo mikið búið að ganga á að undanfögnu að maður þarf á næði að halda.

Jarðskjálftarnir tóku á taugarnar og hafi stærsti jarðskjálftinn verið yfir 6 stig á Richter-kvarða þá voru viðbrögð fjölmiðla eins og bæði heimsendir og innrás frá Mars hefðu orðið í sömu andránni.

Svo var heldur ekki skemmtilegt að fréttu um ísbjarnarmorðið í Skagafirði.

Fréttamenn og yfirvöld á Íslandi kunna þá fornu list að ganga berserksgang meðan afgangurinn af þjóðinni fylgist með látunum í forundran.

Annars er maður löngu hættur að verða hissa á hýsterískum viðbrögðum yfirvalda við hverju sem er. Úr því að það er í lagi að úða táragsi á bílstjóra og vegfarendur hlýtur líka að vera í lagi að skjóta dýr sem koma hingað til landsins án þess að fara í einangrun í Hrísey.

Eiginlega er bara eitt skrytið við þetta, og það er að Varnarmálastofnun skyldi ekki senda frönsku orustuboturnar af stað til að sprengja bjössu greyð í loft upp. Þá hefði hernaðarmáttur Íslendinga spurst út um heimsbyggðina.

**WOLF Garten**  
Rafm.sláttuvélar

Vandaðar vélar og öflugir mótórar

**PÓR HF**  
REYKJAVÍK - AKUREYRI  
Ármúla 11 - sími 568-1500  
Lónsbakka - sími 461-1070



## Sumarhappdrætti Krabbameinsfélagsins

197 skattfrjálsir vinningar  
að verðmæti 24.240.000 kr.



### Glæsilegir vinningar

- 1 Skoda Octavia Scout, 4x4. Verðmæti 3.740.000 kr.
- 1 Greiðsla upp í bifreið eða íbúð. Verðmæti 1.000.000 kr.
- 195 Úttektir hjá ferðaskrifstofu eða verslun. Hver að verðmæti 100.000 kr.

Dregið 17. júní 2008

Vertu með og styrktu gott málefni!

Upplýsingar um vinningsnúmer í sínum 540 1918 (símsvari) og 540 1900 og á heimasíðunni www.krabb.is/happ  
Fjöldi útgefinna miða: 145.000

**Krabbameinsfélagið**  
www.krabb.is



# Viðarvörn nr. 1 á Íslandi



Tryggðu viðnum þu bestu fánlegu vörn. Á Íslandi er allra veðra von. Tryggðu viðnum þu bestu fánlegu vörn. Á Íslandi er

er allra veðra von. Tryggðu viðnum þu bestu fánlegu vörn. Á Íslandi er allra veðra von. Tryggðu viðnum þu bestu fánlegu

## Notaðu sumarið til að verja viðinn!

### Verið viðbúin vetrarhörkum

Þeir sem til þekkja nota Kjörvara á allt tréverk utanhúss. Reynslan hefur sýnt að Kjörvari er viðarvörn sem er gædd einstökum eiginleikum fyrir íslenskt veðurfar.

### Kjörvari - fyrir íslenskar aðstæður

**málning**  
- það segir sig sjálf -

Útsölu staðir Málningar:

BYKO

BYKO

BYKO

BYKO

BYKO

BYKO

BYKO

BYKO

**BÓNUS****BÓNUS****BÓNUS**

# Pú gerir betri kaup í Bónus

**40%  
AFSLÁTTUR**Holta ferskir kjúklingavængir  
**239 kr./kg.** MERKT VERÐ 398 KR./KG.**40%  
AFSLÁTTUR**Holta fersk kjúkingalæri m/legg  
**449 kr./kg.** MERKT VERÐ 748 KR./KG.**40%  
AFSLÁTTUR**Holta ferskir kjúkingabitar  
**359 kr./kg.** MERKT VERÐ 598 KR./KG.**30%  
AFSLÁTTUR**Bónus ferskir kryddaðir kjúkingabitar  
**aðeins 398 kr./kg.** MERKT VERÐ 569 KR./KG.**298**Nautaveislu grillborgarar 4 stk m/brauði  
**298 kr stk.** INNIHALD NAUTKJÖT+PROTEIN.**698**Nautaveislu ferskt nautahakk  
**aðeins 698 kr./kg.****2878**Frosnar ungnautalundir  
**2878 kr./kg.** MERKT VERÐ 3598 KR./KG.**129**Myllu heimilisbrauð  
**770g 129 kr.****198**Bónus gleðipinnar 15 stk.  
Gulir/grænir **198 kr kassinn.****1798**Bónus hangiálegg  
**aðeins 1798 kr./kg.**Með fyrirvara um prentvillur  
eða uppseldar vörur.**BÓNUS BÝÐUR BETUR**

AFGREIÐSLUTÍMI: LAUGARDAGA: 10.00 TIL 18.00 SUNNUDAGA 12.00-18.00

**BONUS****1539**

**HOLTA FERSKAR  
KJUKLINGABRINGUR**  
45% afsláttur:  
1539 kr./kg.

**BONUS****398**

**MC CAIN  
RISAPIZZUR DELUXE**  
398 kr.stk  
PRJÁ GERÐIR: ÞYNGD 770g-900g

**BONUS****59**

**EGILS GULL  
LÉTTÖL**  
59 KR. DÖSIN  
500 ML. DÓS / 1/2 LTR.

**GÓÐ BÓNUSTILBOÐ****25 Bónusverslanir  
sama verð um land allt****50%  
AFSLÁTTUR**

KS frosin lambasvið aðeins  
199 kr./kg. MERKT VERÐ 399 KR./KG.

**30%  
AFSLÁTTUR**

KS frosinn lambabógur  
489 kr./kg. MERKT VERÐ 699 KR./KG.

**20 tonn á þessu  
frábæra verði.****2498**

KS ferskt lambafillet m/fiturönd  
aðeins 2498 kr./kg.

**30 tonn á þessu  
frábæra verði.****1198**

KS frosið læri í sneiðum  
aðeins 1198 kr./kg.

**NYTT  
Í BÓNUS****298**

Pure Heaven hreinn léttkolsýrður  
sumardrykkur  
BLÁ VÍNBER EÐA JARÐABER/GUL VÍNBER  
750 ml. 298 kr.fl.

**BONUS BÝÐUR BETUR**

Með fyrirvara um prentvillur  
eða uppseldar vörur.

AFGREIÐSLUTÍMI: LAUGARDAGA: 10.00 TIL 18.00 SUNNUDAGA 12.00-18.00



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

### Ingólfur Ólafsson

klæðskerameistari, Víðilundi 18d, Akureyri,

lést að Dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri, þriðjudaginn 3. júní. Útförin verður auglýst síðar.

Guðbjörg Anna Árnadóttir  
Halldóra Kristín Gunnarsdóttir  
Kolbrún Ingólfssdóttir  
Árni Evert Ingólfsson  
Margrét Ingólfssdóttir  
Ingibjörg Ingólfssdóttir  
Lína Björk Ingólfssdóttir  
og barnabörn.

Árni Leósson  
Kristján Vilhelmsson  
Friðbjörn Georgsson  
Tryggvi Þórarinnsson  
Dagmann Ingvason



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, anma og langamma,

### Jóhanna Sigurbjörnsdóttir

Hraunbæ 103, Reykjavík,

lést á líknardeild Landakotsspítala þriðjudaginn 3. júní. Útför hennar fer fram frá Árbæjarkirkju mánudaginn 9. júní kl. 11.00.

Margrét Snorradóttir  
Sigríður Snorradóttir  
Guðfinna Snorradóttir  
Jónas Snorrason  
Auður Snorradóttir  
Arnar Snorrason  
barnabörn og barnabarnabörn.

Jón Magngeirsson  
Jóhanna Baldvinsdóttir  
Jim Clark  
Þórdís Ingadóttir



Elskulegur bróðir okkar,

### Halldór Gestsson

frá Syðra-Seli, Vesturbrún 2, Flúðum,

er lést á Landspítalanum Fossvogi, 28. maí sl. verður jarðsönginn frá Hrunakirkju, laugardaginn 7. júní kl. 14.00.

Fyrir hönd aðstandenda  
Ólafur Sigurgeirsson  
Guðrún Gestsdóttir  
Ásgeir Gestsson  
Marta Gestsdóttir  
Skúli Gestsson



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

### Bjarni Ingimundarson

fv. slökkviliðsmaður, Asparási 10, Garðabæ,

lést á gjörgæsludeild Sjúkrahúss Reykjavíkur í Fossvogi hinn 3. júní. Jarðarför auglýst síðar.

Elín Gústafsdóttir  
Rósa Bjarnadóttir  
Inga Lóa Bjarnadóttir  
Haukur Bjarnason  
og barnabörn.

Pétur E. Jónsson  
Bergur Konráðsson  
Katrín Guðmundsdóttir



Hjartans þakkir ferum við öllum þeim sem auðsýndu okkur samúð, hlýðug og vináttu við andlát og útför ástkærers eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afi, langafi og bróður,

### Arnfríðs Heiðars

### Björnssonar

frá Gerði í Vestmanneyjum, Frælsid 4, Tórshavn, Færeyjum,

er lést 28. apríl. Guð blessi ykkur öll.

Oda Debes og fjölskylda hins látna.



## LEGSTEINAR

Fallegir legsteinar úr graníti, grágrýti, blágrýti, gabbbró, líparíti og marmara.

Hjá okkur finnur þú það sem hentar þér og þínum.

Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.



www.shelgason.is

Skemmuvegi 48 200 Kóp. sími 557 6677

## AFMÆLI



**DAMIEN HIRST**  
listamaður er 43 ára.



**NJÁLL EIBSSON**  
knattspyrnu-  
maður er 50  
ára.



**KRISTINN JÓNÍUSSON**  
tónlistarmaður er 32 ára.



Þökkum innilega öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýðug við andlát ástkærar móður okkar, tengdamóður og ömmu,

### Kolbrúnar

### Ingimundardóttur

sem lést á Landspítalanum hinn 8. maí sl. Sérstakar þakkir færur við starfsfólki Landspítala, deild 11E, fyrir góða umönnun og samstarfsfólki hennar á Seyðisfirði fyrir hlýðug.

Ingi Þór Oddsson  
Vikar Freyr Oddsson  
Össur Ægir Oddsson  
Hlynur Vestmar Oddsson  
og barnabörn.

Hildur Hilmarsdóttir  
Unnur Agnes Holm  
Ágústa Hólm Jónsdóttir  
Sidonia Beldean



Innilegar þakkir til allra sem auðsýndu okkur samúð og hlýðug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

### Guðrúnar Marsibil

### Jónsdóttur

Erluhrauni 11, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir færur við elskulegu starfsfólki á Hjúkrunarheimilinu Sólvangi, 4. hæð, fyrir góða umönnun og alúð.

Þórir Sigurðsson  
Sigrún Sigurðardóttir  
Guðrún Sigurjónsdóttir  
Eygló Sigurjónsdóttir  
Eyrún Sigurjónsdóttir  
og langömmubörn.

Sigurjón Ingvarsson  
Peter Nilzen  
Hilmar Már Ólafsson  
Anton Kjartansson



Þökkum innilega öllum þeim er sýndu okkur samúð og hlýðug við andlát og útför elskulegrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður og ömmu,

### Jóhönnu Hrafnhildar

### Kristjánsdóttur

frá Patreksfirði, Sólvangsvegi 1, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir færur við starfsfólki St. Jósefsspítala í Hafnarfirði fyrir góða umönnun og hlýðug.

Helgi Hersveinsson  
Hera Helgadóttir  
Kristján A. Helgason  
Helgi Hrafn Reimarsson  
Arnar Marvin Kristjánsson

Reimar Georgsson  
Jóna S. Marvinsdóttir

## TOM JONES DÆGURLAGA-SÖNGVARI ER 68 ÁRA.

„Þú getur ekki verið kynþokkafull manneskja nema þú hafir eitthvað við þig. Í mínu tilfelli er það röðin og hvernig ég tjái mig þegar ég syng.“

Tom Jones, söngvarinn frá Wales, hefur heillað ótal konur upp úr skónum á löngum ferli sínum.



# tímamót

timamot@frettabladid.is



PÁLL STEFÁNSSON LJÓSMYNDARI: BLÆS Á 50

# Man ekki hvað ég

Í dag stendur á fimmtugu heimsborgarinn Páll Stefánsson sem með linsu sinni hefur fært þjóð sinni sterka, ógleymanlega og fagra sýn á íslenska náttúru, mannlíf og augnablik frá fjarlægustu kimum heimsins.

„Ég kom í heiminn á Skinnastöðum í Öxnafirði þar sem afi var prestur og foreldrar mínir bjuggu fyrstu mánuði ævi minnar. Öll sumur var ég sendur að Skinnastöðum og skynjaði strax andstæðurnar sem eru allsráðandi í íslenski náttúru; svartan sandinn neðan við bæinn, þéttan skóginn fyrir aftan og mjúkt gras þess á milli,“ segir Páll þar sem hann beinir linsu sinni að sígaunum á heitum strætum Barcelona.

„Ég valdi starfsferil af gaumgæfni því mig langaði til að eyða vinnudögum æv-

innar við eitthvað skemmtilegt, gefandi og lifandi, og held enn að ekkert standi jafnfætis því að geta skottast um Ísland eða útlönd í vinnunni,“ segir Páll, sem allan sinn starfsferil, alls 26 ár, hefur staðið vaktina fyrir tímaritin Iceland Review og Atlantica. „Mér finnst hollt að sinna öðrum hugðarefnum meðfram fastri vinnu. Annars á maður á hættu að læsast inni á sama stað,“ segir Páll sem hefur í takinu tvö stór verkefni; staði á heimsminjaskrá fyrir Unesco og stóra bók um Afríku, en eftir fáeina daga opnar hann einkasýningu í New York með Afríkumyndum. „Ég vil alltaf horfa fram á við, á það sem ég á eftir og langar að gera,“ útskýrir Páll, viss um hverju hann vill áorka á lífsleiðinni.

„Það er búið er að innprenta



Ástkær eiginkona mín, dóttir, systir og mágkona,

### Ólöf G. Traustadóttir

### Gerstacker

Round Rock, Texas,

lést á heimili sínu miðvikudaginn 4. júní.

Lee R. Gerstacker  
Agnes Sigurðardóttir  
Ástríður Traustadóttir

Óskar Már Ásmundsson

## MERKISATBURÐIR

- 1904 Íslandsbanki, hinn eldri, tekur til starfa og fær einkarétt á seðlaútgáfu.
- 1951 Minnismerki um 212 breska hermenn sem féllu hér á stríðsár-unum afhjúpað í Fossvogskirkjugarði.
- 1955 Eisenhower birtist fyrstur forseta í litasjónvarpi.
- 1986 Sjóminjasafn Íslands í Hafnarfirði opnað.
- 1989 Í eina sekúndu dagsins stóð tím-inn í eftirtalinni runu: 01:23:45, 6-7-89
- 1992 Nýr Herjólfur kemur til Vestmannaeyja.
- 1993 Fyrsta skóflustunga Rock and Roll Hall of Fame tekin í Cleveland.
- 1993 Prince breytir listamannsnafrni sínu í Symbol á afmælisdeginum.

## Kennaraháskólinn fagnar aldarafmæli

Vegleg hátíð verður haldin í Borgarleikhúsinu í dag. Tilefnið er að liðin eru hundrað ár frá setningu fræðslulaga og stofnun Kennaraháskóla Íslands sem síðar varð Kennaraháskóli Íslands og nú hefur sameinast Háskóla Íslands.

Litið verður yfir liðna öld í ljóðum, tónlist og lausu máli með kennaranám og skólastarf í huga. Herra Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og Ólafur Proppé, rektor Kennaraháskóla Íslands, munu flytja ávörp.

Því næst verður lýst yfir kjöri heiðursdóktara og brautskráðir fyrstu doktorar frá Kennaraháskóla Íslands. Þetta er síðasta út-

skrift skólans þar sem hann sameinast nú Háskóla Íslands. Dag-skráin hefst kl. 14.00 og er áætlað að hún standi í um tvær klukkustundir.

Á háskólaárinu hafa Kennaraháskóli Íslands og Kennarasamband Íslands staðið fyrir fjölda viðburða og einnig hefur verið opnuð sýningin „Að vita meira og meira - brot úr sögu almenningsfræðslu á Íslandi“ í Þjóðarbókhöðunni í tilefni af þessum merku tímamótum.

LITIÐ YFIR LIÐNA ÖLD Hátíðarhöld í tilefni af tímamótunum fara fram í Borgarleikhúsinu í dag.



KERTA TERTU Í DAG

## er gamall

Í huga okkar stríð, hungurog fá-tækt þegar við hugsum um fjar-læga staði heimsins. En sú Afríka sem ég hef séð er litaglöd og glaðvær og því vil ég hjálpa fólki að sjá nýjar og jákvæðari hliðar á veröldinni.“ segir Páll sem forðast allt afmælishald eins og heitan eldinn. „Ég spái aldrei í aldur minn eða hvað tímanum líður, en fagna því að vera heilsuhraustur og glaður. Ég man eftir afmælisdeginum, en ekki hvað ég er gamall. Ljúfasta afmælisdag ævinnar átti ég í Marokkó þegar við konan mín og börnin þvældumst þar um og snæddum lambakjöt saman. Það var heillandi.“ segir Páll. „Fyrir utan að eiga heilbrigð börn og dásamlega eiginkonu, þykir mér vænst um að hafa fengið tækifæri til að heimsækja óteljandi og fáfarin lönd, og upplifa hvað mannskepnan á fjölbreytta og skemmtilega menningu. Ég bið ekki um meira.“

thordis@frettabladid.is

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið [timamot@frettabladid.is](mailto:timamot@frettabladid.is).

Auglýsingar á að senda á [auglysingar@frettabladid.is](mailto:auglysingar@frettabladid.is) eða hringja í síma 512 5000.

## Ótrúleg tilboð

Fáanlegt í Smáralind og Holtagörðum

ÞÚ SPARAR 80.000kr



159.000kr

Verð áður 239.000.-

Sófasett 3+1+1 8183

VISA Lán

ÞÚ SPARAR 84.000kr



155.000kr

Verð áður 239.000.-

Hornsófi 2+h+2 6689

VISA Lán



135.200kr

Fullt verð 169.000.-

3ja sæta sófi



63.200kr

Fullt verð 79.000.-

Hægindastóll

VISA Lán

DUPEN RÚMIN komin aftur



Ný sending af 120x200cm, 150x200cm og 180x200cm



BORÐSTOFUSTÓLAR Á SPRENGITILBOÐI

OPIÐ til 20 alla daga

Allir borðstofustólar á

9.990.-

Gildir til 12. júní eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP  
Ein ferð betra verð

# Sagan á eftir að fella sinn dóm

**Guðmundur Þóroddson**, fyrrverandi forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur og REI, stendur á krossgötum. Honum hefur verið boðið að stofna nýtt jarðhitafyrirtæki með bandarískum fjárfestingasjóði. Í viðtali við *Svavar Hávarðsson* gerir hann upp REI-málið. Hann telur Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson ekki bera ábyrgð á því hvernig fór og upplýsir að borgarstjórinn fyrrverandi hafi ekki séð frægan nafnalista á stjórnar- og eigendafundi Orkuveitunnar sem var vendipunktur í falli þáverandi borgarmeirihluta.

**F**yrst af öllu hver er þín sýn á REI-málið almennt séð? Við sáum stórt tækifæri fara forgörðum og allir sem að því komu geta eflaust sagt núna að þeir hefðu getað gert margt öðruvísi og betur. Þetta varð mál málananna og fór úr böndunum.

Ég held að ef menn skoða þetta þá var um að ræða stórkostlegt tækifæri. Útrásarfyrirtæki með 80 milljarða í eigið fé eins og leit út fyrir að verða. Mistökkin voru, og ég hefði átt að átta mig á því, að við vorum allt of mikið viðskiptalega þenkjandi og þeir sem komu að málinu frá FL-Group sáu þetta fyrst og fremst sem viðskiptamál. Haukur Leósson, sem var stjórnarformaður OR, var fyrst og fremst með þekkingu á viðskiptum en ekki stjórnmalamaður. Þannig að kjarni málsins frá mínum sjónarhóli séð var að við vorum með frábært viðskiptatækifæri sem átti eftir að hugsa pólitískt.

Þar brugðust tengingarnar inn í hinn pólitíska heim sem varð til þess að menn sáu ekki þessar gryfjur sem voru á leiðinni. Partur af því er vegna þess að þetta gerðist allt ofboðslega hratt því við vorum á þessum tíma í vandræðum með það að stjórn Orkuveitunnar hélt ekki utan um upplýsingarnar. Allt sem inn á stjórnarfundum fór og dagskrá þeirra var komið í fjölmiðla áður en fundurinn var haldinn.

Við vorum í erfiðri stöðu með að fara í mikið kynningarferli því stjórnarmenn höfðu sýnt ítrekað að þeir láku öllum upplýsingum út. Þess vegna var málið unnið gríðarlega hratt. Til að mynda vorum við Bjarni Ármannsson mikið til erlendis á meðan þetta var að gerast og eftir á að hyggja hefði átt að fara hægari á sakirnar. Ræða hefði þurft málin betur og setja fólk ekki upp við vegg með að þurfa að samþykkja hluti áður en það hafði náð að kynna sér málið mjög vel.

## Bitbein í fjölmiðlum

*Þurftuð þið að vinna málið svona hratt vegna þess að stjórnarmenn láku upplýsingum jafn harðan?*

Það var það sem gerði það að verkum að stjórnin var ekki öll tekin inn í umræðuna strax. Reynslan sýndi að menn voru byrjaðir að berjast í blöðunum með óklárað mál. Við fundum verulega fyrir því í stjórn fyrirtækisins að um leið og mál kom á stjórnarborð var það orðið bitbein í fjölmiðlum.

”

Við vorum í erfiðri stöðu að fara í mikið kynningarferli því stjórnarmenn höfðu sýnt ítrekað að þeir láku öllum upplýsingum út. Þess vegna var málið unnið gríðarlega hratt.

*Hverjir voru það sem láku upplýsingum í fjölmiðla?*

Ég hef ekki hugmynd um hverjir það voru.

*Hver átti að axla hina pólitíska ábyrgð og hvenær?*

Ég geri mér ekki grein fyrir því. Ég er ekki viss um hver var hin pólitíska sök. Var það að setja fyrirtækið á koppinn eða afgreiðslan við stofnun fyrirtækisins. Liggur sökin í því að láta þetta ekki ganga áfram eins og lagt var upp með? Ég held að sagan muni greina þetta þegar persónur og leikendur standa þessu ekki eins nærri og nú er. Þá kemur sýn á það hvert var hið stóra pólitíska mál í þessu öllu. Það má nefna Hafskipsmálið í þessu samhengi, það sama á við um Baugsmálið og ég held að það muni gilda um REI-málið. Sagan á eftir að fella sinn dóm.

Ég sé ekki nein sérstök pólitísk afgangur í þessu annað en það að meirihluti borgarstjórnar springur vegna málsins. Ég veit ekki hver



**GUÐMUNDUR ÞÓRODDSSON** Fyrrverandi forstjóri Orkuveitunnar og Reykjavík Energy Invest segist ekki sjá nein sérstök pólitísk afgangur í REI-málinu annað en að meirihluti borgarstjórnar sprakk. Engir saknæmir hlutir hafi verið gerðir, né hafi menn farið út fyrir sínar heimildir.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

það ætti að vera sem axla ætti ábyrgðina sérstaklega. Það voru engir saknæmir hlutir gerðir og menn fóru ekki út fyrir sínar heimildir. Menn segja að Vilhjálmur borgarstjóri hafi farið út fyrir sínar heimildir en ég taldi það alveg klárt að hann væri með baklandið í lagi; alla vega að menn væru samþykkir því að gera þetta svona. Þannig að ég get ekki lagt þetta í fangið á honum neitt sérstaklega. Svo má spyrja hvort REI var ekki það sem fyllti mælinn í öðrum samskiptum á þeim vettvangi, ég veit það ekki.

*Margir hafa haldið því fram að uppsögn þín hafi verið eðlileg í ljósi kaupréttarsamninganna sem gerðir voru og má minna á að í skýrslu þverpólitísks stýrihóps um málefni REI var komist að þeirri niðurstöðu að trúnaðarbrestur hafi orðið á milli þín og borgarfulltrúa í tengslum við REI-málið. Varst þú látinn axla ábyrgð að ósekju?*

Ég er ekkert að velta mér upp úr því. Ég var ekki ráðinn þannig að það þyrfti að segja mér upp af einhverri sérstakri ástæðu. Ef menn eru komnir í þá stöðu að geta ekki unnið saman þá er best að hver fari sína leið. Það er sjálfhætt þegar forstjóri og stjórn geta ekki unnið saman og það þarf að taka á því. Hvað kaupréttarsam-

inga varðar er það rangnefni því þetta voru samningar um kaup hlutabréfa á því gengi sem þar var í gangi.

## Vilhjálmur og nafnalistinn

*Þegar Vilhjálmur Þ. sagðist ekki hafa séð listann með nöfnum þeirra sem áttu að fá kauprétt í REI, þá sagðir þú opinberlega að hann hefði verið lagður fyrir fundarmenn, enda sást þú fundinn þar sem minnisblaðið var lagt fyrir. Það kom Vilhjálmur í mikinn vanda og honum tókst aldrei að vinna sig til baka í málinu eftir það. Er hugsanlegt að Vilhjálmur sé á bak við uppsögn þína í hefndarskyni sérstaklega í ljósi þess að meirihluti í borgarstjórn stendur á bak við ákvarðanir stjórnar?*

Ég hef enga ástæðu til að halda það. En þetta var mjög óheppilegt með þennan lista að því honum var dreift á þessum fundi. En í þessu tilfalli var ég bara sem starfsmaður REI á fundinum til að veita upplýsingar en á sama tíma var þetta stjórnar- og eigendafundur hjá Orkuveitunni allt í senn sem eftir á að hyggja var óheppilegt fundarform. Listanum var bara dreift mín megin við borðið, og ég vissi það ekki. Þar sat minnihlutinn.

Minnihlutinn var um morgun-

inn að meta þennan lista og hafa skoðanir á því hverjir þar voru og upphæðum sem komu þar fram. Þannig að ég held að við báðir höfum haft rétt fyrir okkur en sáttum hvor sínum megin við borðið. Blaðinu var vissulega dreift á fundinum en ekki til allra sem þar voru, og ég vissi það einfaldlega ekki.

Ég var spurður um þetta einu sinni og svaraði því. En ég hafði ekki hugmynd um það á þeim tíma að Vilhjálmur hefði ekki fengið listann. Það breytir því ekki að ein af tillögum á fundinum var, eins og gert er í hlutafélögum, að taka hlutafé til þessara nota og bjóða starfsmönnum Orkuveitunnar að kaupa. Þá var þetta mál einnig rétt á fundinum.

Þarna kristallast að hugsa um þetta sem viðskipti eða pólitík. Fyrir okkur var það klárt að til að ná sem bestum árangri þá yrðu starfsmenn REI í fyrsta lagi að tengjast fyrirtækinu og í öðru lagi að hafa hagsmuni sem færur saman og í þriðja lagi að vera ekki verr settir en þeir sem voru að koma úr hinni áttinni. Þetta var lykilatriði. Svo var verið að selja þeim hlutafé á sama gengi og aðrir hluthafar voru að koma inn á, eins og Bjarni Ármannsson og Jón Diðrik. Menn voru að kaupa hlutabréf fyrir

## GUÐMUNDUR UM SJÁLFAÐAN SIG

Ég er Reykavíklingur, fæddur árið 1957, en foreldrar mínir eru ættaðir hvort af sínu landshorninu; Melrakkasléttu og Vestfirðum. Ég er menntaður vélaverkfræðingur frá Háskóla Íslands og tók framhald í verkfræði í Kaupmannahöfn. Árið 1985 kom ég heim og vann við rannsóknir í fiskiðnaði hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og kenndi einnig í Háskóla Íslands í fimm ár. Þá bar svo við að konan mín, Halldóra Björnsdóttir sem er lækni, fór í framhaldsnám til Bandaríkjanna í hjartalækningum. Þar sem það er sex ára nám voru góð ráð dýr og ég ákvað því að fara í MBA-nám í Madison, Wisconsin. Halldóra tók lyflæknisfræði í Madison en síðar fórum við til Boston þar sem hún fór í hjartalækningar á Beth-Israel sjúkrahúsinu við Harvard-háskóla. Þar byrjaði ég að vinna aðeins í markaðsstarfi fyrir fyrirtækið Þórsbrunn en sama leyti fæddist okkur fyrsta barnið á tveimur. Ég

tók að mér að annast það fyrsta árið enda eru hjartalækningar í Bandaríkjunum þess eðlis að þær fer ekki vel saman við að annast lítið barn. Svo sótti ég í bríarí um stöðu vatnsveitustjóra í Reykjavík og fékk þá stöðu öllum á óvart. Það var dæmi um pólitískt þor sem er minna af í dag, því ég tók beint við af föður mínum. Ég dreif mig því heim ári á undan þeim mæðgum til að taka við því starfi. Eftir að hafa verið vatnsveitustjóri í fimm ár er Orkuveitan stofnuð og mér fannst það freistandi tækifæri að sækja um forstjórastarfið sem ég gegndi þangað til síðastliðið haust þegar stjórnarformaður Orkuveitunnar bað mig um að flytja mig yfir í REI til að byggja upp nýtt útrásarfyrirtæki næstu sjö mánuðina. Ég var upp með mér að vera treyst fyrir því. Þetta var töluverð ákvörðun þar sem ég var orðinn nokkuð settlegur í hinu starfinu. Sagan eftir það er nokkuð skemmtileg en hana þekkjast flestir.

## BETRA SÝNINGARRÝMI

Sýningarrými fyrir atvinnubíla verður opnað hjá Toyota á Nýbýlavegi í dag ásamt nýrri aukahlutaverslun.

BÍLAR 2



## SÁ STÆRSTI Í EVRÓPU

Regína Hreinsdóttir, þjóðgarðsvörður í Skaftafelli, dregur fána að húni í dag þegar Vatnajökulsþjóðgarður verður stofnaður. Þjóðgarðurinn er sá stærsti í Evrópu.

FERÐIR 3



# allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL.

FRÉTTABLAÐIÐ



## VARAHLUTIR AUKAHLUTIR

VIÐ SÉRPÖNTUM Í ALLAR GERÐIR  
AF AMERÍSKUM BÍLUM..



LÁTTU OKKUR SJÁ UM AÐ  
ÞJÓNUSTA BÍLINN ÞINN...

YFIR 30 ÁRA REYNSLA Í SÉRPÖNTUNUM



Bílaþjónusta  
**Benna**

Vagnhöfða 23 - 110 Reykjavík - 590 2000

www.benni.is



„Það er langbest að vera á gömlum bíl, einfalt, þægilegt, ódýrt. Ekkert óþarfa tölvudrasl,“ segir bifvélavirki og kvartmílugæinn Arnar Bragi Jónsson.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNFOR

## Með slípirokk og sleggju

Arnar Bragi Jónsson bifvélavirki hefur aðstöðu í bílskúr ömmu sinnar. Þar stendur hann í ströngu öll kvöld um þessar mundir við að gera 86-módel af Volvó að algeru tryllitæki.

„Ég braut girkassa í þessum ágæta Volvó mínum. Þá var tekin sú mjög svo gáfulega ákvörðun að fara í dótakassann, sækja sér átta sílindra mótör úr Chevrolet Van, 78-módeli og gera tilraun til að skrúfa hann ofan í,“ segir Arnar Bragi þar sem hann er að sprauta heddíð rautt. „Áformið er að reyna að komast á græjuni á bíladaga á Akureyri 13. júní. Við verðum bara að sjá hvernig það gengur.“ Spurður hvort þetta sé ekki mikið mál svarar hann: „Það er furðu lítið sem ég þarf að smíða, bara nýjar mótörfestingar og girkassabiti. Jú, og nýtt drifskaft. Annað er endurnýtt. Girkassinn til dæmis nýupptekinn. Eins og hefur löngum verið sagt þá er allt hægt með slípirokki, stórrí sleggju, suðugræjum og skorti á skynsemi – og þá meina ég nægum skorti á skynsemi! Aðalvanda-

málið hjá mér er þessi þröngi tímarammi sem ég valdi mér sem var einn og hálfur mánuður.“

Arnar Bragi er bifvélavirki og kveðst vera svo heppinn að vinna við áhugamálið alla daga. „Maður dregur ekki lappirnar þegar maður þarf að mæta í vinnu, flýtir sér ef eitthvað er,“ segir hann hress. Hann viðurkennir að kvöldvinnan í skúrnum taki í en segir vini sína í Kvartmíluklúbbnum vera honum innan handar. Við eftirgrennslan kemur í ljós að Arnar Bragi er ræsir Kvartmíluklúbbsins.

Volvóinn er Arnar Bragi búinn að eiga í nokkra mánuði en átti annan alveg eins áður. „Það er langbest að vera á svona gömlum bíl, einfalt, þægilegt, ódýrt, ekkert óþarfa tölvudrasl,“ útskýrir hann.

Þú verður ekkert lengi á honum norður, er það? er lokaspurning blaðamanns.

„Markmið okkar í Kvartmíluklúbbnum er að koma hraðakstri af götunum og inn á lokuð svæði, því reyni ég að halda lög og reglur,“ svarar Arnar Bragi og bætir við. „Það er líka ódýrara.“

gun@frettabladid.is

Motostar III / Verð 89.900,-



Bílaþjónusta  
**Benna**

590 2000 • www.benni.is

Unistar / Verð 179.000,-



Multistar / Verð 159.000,-



Sportstar II / Verð 139.000,-



Loadstar I XL / Verð 129.000,-



## KERRUR Í MIKLU ÚRVALI....

# allt bílar o.fl.

**Bílstólar** eru nauðsynlegir í bílinn til að tryggja öryggi barnanna. Huga þarf að því að stóllinn passi aldri og þyngd barnsins, að hann sé tryggilega festur og að barnið sé rétt bundið í stólinn.



**Rafstilling ehf**

startarar - alternatorar - perur  
viðgerðir - sala  
hröð og góð þjónusta  
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942  
rafstilling@rafstilling.is

## KERRUÖXKLAR Í ÚRVALI

og hlutir  
til kerru-  
smíða

Vagnhöfða 7  
110 Reykjavík  
Sími: 517 5000

**FJALLABÍLAR**  
Stál og stansar ehf.



Gestir geta kíkt við á Nýbýlaveginum og skoðað það nýjasta sem Toyota hefur upp á að bjóða fyrir atvinnubílstjóra.

## Betra sýningarrými

Ný aukahlutaverslun og sýningarrými fyrir atvinnubíla verður opnað hjá Toyota í Kópavogi í dag.

„Við erum að opna aukahlutaverslun og atvinnubíladeild þar sem við sýnum það helsta sem við bjóðum upp á fyrir iðnaðarmanninn,“ segir Kristinn J. Einarsson, sölustjóri Toyota í Kópavogi.

Á sýningarsvæðinu er góð aðstaða til að skoða bílana og þar verða ráðgjafar til að aðstoða við val á búnaði og útfærslum bílanna.

Til sýnis verða Hilux-pallbílar, Hiace-sendibílar og Dyna-vörubílar.

Ar. Að auki má skoða Toyota Yaris sem nýtur mikilla vinsælda hjá fyrirtækjum sem þurfa lipra bíla til snúninga.

Í aukahlutaversluninni er fjölbreytt úrval aukahluta til að nota með öllum gerðum Toyota jafnt að utan sem innan. Þar má finna allt frá aurlífum, dráttarbeislum og vindskeiðum upp í vönduð hljómfutningstæki, Bluetooth-símatengingar og DVD-afþreyingarkerfi. Í aukahlutaversluninni verður einnig veitt ráðgjöf og þjónusta vegna jeppabreytinga sem Toyota í Kópavogi hefur sérhæft sig í til margra ára.

- mmm



Nýr Subaru Forester ætti að höfða til breiðari hóps en áður.

## Í samkeppni við jepplingana

NÝR OG ENDURHANNAÐUR SUBARU FORESTER ER NÚ TIL SÝNIS HJÁ INGVARI HELGASYNI OG HJÁ SÖLUADILUM UM ALLT LAND.

Margir þekkja Subaru Forester og eiginleika hans en nú er komin ný gerð og bílnum hefur mikið verið breytt frá fyrri hönnun. Gott aðgengi er fyrir ökumenn og farþega. Subaru Forester hefur ekki verið í beinni samkeppni við hina svokölluðu jepplinga en með tilkomu nýja bílsins verður breyting á. Nýi Subaru Foresterinn verður stærri og rúmbetri og betur búinn en eldri gerðir og því ætti hann að höfða til breiðari hóps viðskiptavina.

Gæði á öllum sviðum verða í öndvegi og ný hönnun mun endurspegla það.

- mmm



Nýi bíllinn er stærri og rúmbetri.

## PERLZ BÍLASÁPA OG SKOLBÓN ÓTRÚLEGUR GLJÁI OG BÓNHÚÐ SEM ENDIST



**MOTHERS**  
Polishes • Waxes • Cleaners

BÓN OG BÍLHREINSIVÖRUR.  
Opnunartími  
Mán - Föst 10-18  
Laugardaga 11-14

**BÓNVAL**  
Súðavogi 32, 104 Reykjavík S: 557 6460

# Mudder & míkroskurður

## Dúndurtilboð á jeppadekkjum til 17. júní!

Allt að 30% afsláttur af völdum stærðum af „Mudderum“.

**TILBOÐ**

Dekkjastærðir á sértilboði:			
30"	30x 9.50R15	Maxxis Bighorn	14.900
32"	32x11.50R15	Maxxis Bighorn	15.900
33"	33x12.50R15	Maxxis Bighorn	18.900
35"	35x12.50R15	Maxxis Bighorn	19.900
31"	31x10.50R15	GT Radial	15.900
33"	33x12.50R15	GT Radial	17.900
32"	265/75R16	GT Radial	16.900
33"	285/75R16	GT Radial	19.900
33"	305/70R16	GT Radial	19.900
32"	265/70R17	Maxxis Bighorn	16.900
33"	285/70R17	Maxxis Bighorn	23.900
33"	305/70R17	Maxxis Bighorn	23.900

Þú færð 25% afslátt af míkroskurði á dekkjum á tilboði!

Eigum einnig úrval af öðrum stærðum af heilsársdekkjum fyrir flestar gerðir jeppa og jepplinga á hagstæðu verði.

**JEPPADEKK.is**

Akureyri • Réttarhvammi 1 • Sími 464 7900  
Reykjavík • Tangarhöfða 15 • Sími 577 3080





## Stærsti þjóðgarður Evrópu

Hátíðir verða haldnar á fjórum stöðum í dag í tilefni stofnunar Vatnajökulsþjóðgarðs, á Kirkjubæjarklaustri, Skriðuklaustri, í Jökulsárgljúfrum og Skaftafelli.

Vatnajökulsþjóðgarður er stærsti þjóðgarður Evrópu. Hann tekur yfir jökulinn og stórt svæði umhverfis hann, meðal annars þjóðgarðana í Jökulsárgljúfrum og Skaftafelli. Búið er að ráða 40 sumarstarfsmenn til landvörslu og fastir þjóðgarðsverðir verða þrír. Einn þeirra er Regína Hreinsdóttir í Skaftafelli sem er að byrja sitt fyrsta sumar þar. Hún var tekin tali og spurð út í endurbætur sem gerðar hafa verið á Skaftafellsstofu á síðustu vikum en fyrst er forvitnast um hátíðahöldin í dag.

„Dagskráin byrjar klukkan þrjú og skólabornin hér í Örafum ætla að hefja hana með söng,“ segir Regína glaðlega. „Að honum loknum mun Anna Kristín Ólafsdóttir, formaður stjórnar þjóðgarðsins, setja samkomuna. Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra flytur hátíðaræðu sem verður netvarpað héðan yfir á hinar þrjár stöðvarnar, á Kirkjubæjarklaustri, Skriðuklaustri og í Jökulsárgljúfrum og að því loknu talar Hjalti Þór Vignisson, bæjarstjóri Hornafjarðar, sem er formaður svæðisráðs suðursvæðis.“ Spurð um eigin þátttöku í dagskránni svarar Regína hógvær: „Ætli ég dragi ekki hinn nýja fána Vatnajökulsþjóðgarðs hér að húni.“



Regína Hreinsdóttir er nýr þjóðgarðsvörður í Skaftafelli og lítur björtum augum fram á veginn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Regína segir Skaftafellsstofu um það bil að verða tilbúna fyrir sumarvertíðina eftir gagngerar umbætur, meðal annars nýjar lagnir, nýtt gólfefni og skipulagsbreytingar innandyra. „Þetta eru góðar breytingar,“ fullyrðir hún. „Snyrtingarnar hafa verið færðar aftast í salinn og afgreiðsluborð er nú þar sem þær voru áður. Fyrir bragðið er miklu bjartara yfir öllu. Fræðslusýningin færir yfir í vesturlhuta hússins því í austurlhutan er kominn veitingasalur eins og var upphaflega. Útsýnið úr gluggum hans og glerstofu er óvída tignarlegra því þaðan blasir Skaftafellsjökull við og Hvanna-

dalshnúkur sjálfur þegar bjart er í lofti. Sá sem rekur veitingasöluna heitir Klaus Kretzel og hann ætlar að vera búinn að taka eldhúsið í notkun á þjóðhátíðardaginn.“

Regína segir Skaftafell komið í sumarskrúða og fjölda ferðamanna hafa heimsótt það, það sem af er sumri. Í rigningunni síðustu daga hafi verið óskemmtilegt að geta ekki boðið gestum inn en nú sjái fyrir endann á því ástandi. Landverðir og annað sumarstarfsfólk sé komið á svæðið og innan skamms verði öll starfsemi komin í fullan gang.

gun@frettabladid.is



Útilegukortið veitir frían aðgang að 33 tjaldsvæðum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Ódýrari ferðalög með útilegukortinu

Útilegukortið gefur íslenskum og erlendum ferðamönnum kost á því að ferðast um landið á hagkvæman hátt.

Þótt vissulega sé ódýrara að sofa í tjaldi en á hóteli á ferðalögum um landið getur verið dýrt að fara með alla fjölskylduna í margar útilegur yfir sumarið. Vilji maður spara svoltið er því tilvalið að fjárfesta í útilegukortinu svokallaða.

Í ár kemur útilegukortið út í þriðja sinn. Kortið kostar 12.900

krónur og veitir eiganda sínum, maka og fjórum börnum undir 16 ára aldri kost á fríri gistingu á 33 tjaldsvæðum víðs vegar um landið.

Engin takmörk eru fyrir því hve oft má koma á hvert tjaldsvæði en einungis má gista í fjórar nætur samfellt í hvert skipti.

Allar nánari upplýsingar um kortið er að finna á heimasíðunni www.utilegukortid.is. Kortið fæst á tjaldsvæðum samstarfsaðila útilegukortsins, á þjónustustöðvum N1, í Víkurverki og Segla-gerðinni Ægi.

-þo

### BÍLALEIGUBÍLAR SUMARHÚS Í DANMÖRKU

Ódýrari bílaleigubílar fyrir Íslendinga.

Bílar frá dkr. 1.975.- pr. viku.

Innifalið í verði; ótakmarkaður akstur, allar tryggingar, engin sjálfábyrgð. ( Afgr.gjöld á flugvöllum).

Höfum allar stærðir bíla, 5 – 7 manna og minibus 9 manna og rútur með eða án bílstjóra.

**DanCenter**  
Sumarhús

Útvegum sumarhús í Danmörku af öllum stærðum

**Lalandia**

LALANDIA - Rødby

Lágmarksleiga 2 dagar.

LALANDIA - Billund

Nýtt frábært orlofshúsahefveri rétt við Legoland.

Fjölbreyttar upplýsingar á www.fylkir.is

**Fylkir.is**  
Ferðaskrifstofa  
Bestir í Danmörku

Hraunbær 18 - 810 Hveragerði - Sími 456 3745

Jónsmessunótt á Fimmvörðuháls

Skráning í Jónsmessunæturgöngu

Útivistar í síma 562 1000

UTIVIST

Upplifðu stemninguna

Stökktu til Benidorm

11. - 19. júní

frá kr. 29.990



Heimsferðir bjóða nú síðustu sætin til Benidorm í viku á einstökum kjörum. Þú bókar núna flug og gistingu og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir. Benidorm er einn vinsælasti áfangastaður Íslendinga á Spáni og hér nýtur þú sumarsins til hins ítrasta við frábæran aðbúnað í sólinni.

Verð kr. 29.990  
Netverð á mann, m.v. 2-4 í herbergi / stúdíó / íbúð. Stökktu tilboð 11. - 19. júní.

**Heimsferðir**

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000

Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

### Ávallt viðbúinn

SLYSIN GERA EKKI BOÐ Á UNÐAN SÉR EN ÞEGAR ÞAU VERÐA ER MIKILVÆGT AÐ HAFNA RÉTTA BÚNAÐINN VIÐ HÖNDINA

Sjúkrakassinn ætti alltaf að vera til taks í bílnum þegar farið er



í ferðalög. Gott er að yfirfara hann reglulega og sjá til þess að nauðsynlegir hlutir eins og plástrar og verkjatöflur séu á sínum stað og ekkert vanti. Sjúkrakassa í bílinn má fá á flestum bensinstöðvum.

allt ferðir

Alla miðvikudaga og laugardaga

# allt - sem þig vantar

[ ALLAR SMÁUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is ]

SMÁUGLÝSINGASÍMINN  
ER OPINN ALLA DAGA KL. 8-17

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000  
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:  
VIRKA DAGA

8-17

**BÍLAR & FARARTÆKI**



**bílasalinn.is**

Vantar bíla, mótorkjól og ferðavagna á skrá og á staðinn, erum með 300. fm sýningarsal. Bílasalinn.is, Hjalteyrargötu 2, 600 Akureyri, sími:461-2525. www.bílasalinn.is

**Bílasalinn.is**  
Hjalteyrargötu 2, 600 Akureyri  
Sími: 461 2525  
http://www.bílasalinn.is

**Arnarbílar**  
www.arnarbilur.is



**TILBOÐ**

351.Þ KRÓNU AFSLÁTTUR CITROEN XSARA PICASSO 1.8L, árg 10/2001, ek 127.Þ km, 5 Gíra, Dráttarkúla, Verð 850.Þ FRÁBÆRT TILBOÐ 499.Þ Nánari uppl á www.arnarbilur.is m: 111287 S: 5672700



**TILBOÐ**

390.Þ KRÓNU AFSLÁTTUR VW GOLF TRENDLINE NÝJA LAGIÐ, árg 04/2004, 5 gíra, Ek aðeins 49 Þ.km, Mjög gott eintak, Verð 1.490 Þ FRÁBÆRT TILBOÐ 1.100.Þ stgr Nánari uppl á www.arnarbilur.is m: 110868 S: 5672700.

**Arnarbílar ehf**  
Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík  
Sími: 567 2700  
www.arnarbilur.is

**Bílar til sölu**



Við stórlækjum sölukostnað!  
Skráðu bílinn hjá okkur - fritt!  
**NETBÍLAR**  
www.netbilur.is

**Vantar allar gerðir bifreiða á skrá, Mikil sala**  
Netbílar.is stórlækka þinn sölukostnað. Föst þóknun upp að tveimur milljónum aðeins 34.900 fyrirþitt ökutæki. Kynntu þér málið á Netbílar.is Gerðu verðsamanburð. Bílasalan Netbílar.is, Hlíðasmára 2, S. 588 5300

**BÍLAR TIL SÖLU**



**Toyota Corolla**  
1600 H/B  
ssk. árg '05.  
ekinn 60.000 km.  
Sumar og vetrardekk fylgja.  
Verð 1790 þús.  
áhrv. 1255 þús.  
Engin skipti.  
Uppl. í síma  
899 6292



**Lúxus á ferð**  
Mercedes-Benz

**Sprinter 318 James Cook**  
Nýr, stillingur. Ás munn, mjög vel átt íttan bíll með öllum forstöðum.  
184 hó, sjálfstjórn.  
Verð 13.400.000 kr.  
Til afbrotapár síma!

**ASKJA**  
ASKJA Atvinnubílar  
Skútastraumi 2a - 220 Hafnarfjörður  
Sími 590 2100 - askja.is



**SDMO**  
Rafstöðvar  
0,9kva - 1,7kva  
Gamla verð með þessum bílgættum endur.  
Ráðgjöf /// Sala /// Þjónusta  
Óli Ársæls 893 3016  
Gunnar 864 6799  
**KRAFTVÉLAR**  
Dalsveg 8-8, 201 Kópavogur



16 ára stelpa óskar eftir starfi á Rvk-svæði, er dugleg. Er nýkomin af sjónum, vön sveitavinnu. Allt kemur til greina. S: 8691440

### TILKYNNINGAR

### Tilkynningar



Passa.is hjálpar þér að enduvekja félagslífíð!

### Einkamál

### SÍMAPJÓNUSTUR

**Stefnumót**  
905-2000 (símatorg)  
535-9920 (kreditkort)  
535-9923 (frtt, karlar)  
555-4321 (frtt, konur)  
**Spjall**  
904-3434 (símatorg, karlar)  
535-9940 (kreditkort, karlar)  
555-4321 (frtt, konur)  
**Gay spjall**  
535-9988 (kreditkort)  
**Sögur**  
905-2002 (símatorg)  
535-9930 (kreditkort)  
**Spjalldömur**  
908-6000 (símatorg)  
535-9999 (kreditkort)

### 908 6666

Við viljum vera sumardísar þínar í nótt. Opíð allan sólarhringinn.

Ég er heit, einmana og til í tuskíð. Rakar kveðjur. Ragga s. 698 4731

### ATVINNA

## Atvinnutækifæri í Reykjanesbæ



### Fyrirtæki í fullum rekstri til sölu 4 herbergja íbúð til leigu fyrir kaupanda ef með þarf

**Bifreiða- og hjólbarðaverkstæði** sem hefur annast allar almennar viðgerðir og þjónustuumboð fyrir nokkrar bíl- tegundir í mörg ár. Er í mjög góðu leiguhúsnæði með mikla stækkunarmöguleika og hefur nú 3 starfsmenn. Staðsett í Grófinni 8 sem er í næsta nágrenni Helguvíkursvæðis. Miklir möguleikar fyrir duglegan aðila. Tilvalið til að sameina öðru sambærilegu eða til stækkunar.

**Búslóðageymsla** með stækkunarmöguleika í mjög góðu húsnæði sem hægt er að leigja eða kaupa. Frábært tækifæri fyrir sendibílstjóra eða aðra sem vilja skapa sér sjálfstæðan atvinnurekstur.

### Nánari upplýsingar veita:

**Fyrirtækjasalan Suðurveri ehf**  
Suðurveri 45-47  
105 Reykjavík  
Sími: 581 2040  
www.fyrirtaeki.is

**Fasteignasalan Stuðlaberg**  
Hafnargötu 29  
230 Reykjanesbæ  
Sími: 420 4000  
www.studlaberg.is

### FASTEIGNIR

## FASTEIGNASALAN 570 4800

**GIMLI**

Árni Stefánsson, lögg. fasteignasali

Grensásvegi 13, 2. hæð - 108 Reykjavík - Sími 570 4800

### MÝRARKOT - GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPI



Vorum að fá í sölu tvo góða sumarhúsa, 90,4 fm hvor sem skilast fullbúnir. Bústaðirnir eru á 10.500 fm og 7.500 fm eignarlóðum, góð staðsetning. Að innan eru 3 svefnherbergi, baðherbergi, stofa og eldhúsi. Mýrarkot er steinsnar frá Kíðjaberghi og stutt er í Minni Borg. Frá Reykjavík er um 65 km og að Selfossi er um 15 km. **Verð 20,9 millj.**

### TILKYNNINGAR



### SJÁVARÚTVEGS- OG LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

### Tollkvótar vegna innflutnings á smjöri og ostum.

Með vísan til 65. gr. og 65. gr A laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og með vísan til reglugerðar, dags. 3. júní 2008, er hér með auglýst eftir umsóknum um tollkvóta fyrir innflutning á smjöri og ostum, fyrir tímabilið 1. júlí 2008 til 30. júní 2009.

Nánari upplýsingar má finna á vefsíðu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins: [www.stjr.is/slr](http://www.stjr.is/slr)

Skriflegar umsóknir skulu berast til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, Skúlagötu 4, 150 Reykjavík, fyrir kl. 15:00 fimmtudaginn 12. júní n.k.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 4. júní 2008



### SJÁVARÚTVEGS- OG LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

### Tollkvótar vegna innflutnings á unnum kjötvörum.

Með vísan til 65. gr. og 65. gr. A, laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og með vísan til reglugerðar, dags. 3. júní 2008, er hér með auglýst eftir umsóknum um tollkvóta vegna innflutnings á unnum kjötvörum, fyrir tímabilið 1. júlí 2008 til 30. júní 2009.

Nánari upplýsingar má finna á vefsíðu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins: [www.stjr.is/slr](http://www.stjr.is/slr)

Skriflegar umsóknir skulu berast til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, Skúlagötu 4, 150 Reykjavík, fyrir kl. 15:00 fimmtudaginn 12. júní n.k.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 4. júní 2008.



### SJÁVARÚTVEGS- OG LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

### Tollkvótar vegna innflutnings á nautgripa-, svína- og alifuglakjöti.

Með vísan til 65. gr. og 65. gr. A laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og með vísan til reglugerðar, dags. 3. júní 2008, er hér með auglýst eftir umsóknum um tollkvóta fyrir nautgripa-, svína- og ali-fuglakjöt, fyrir tímabilið 1. júlí 2008 til 30. júní 2009.

Nánari upplýsingar má finna á vefsíðu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins: [www.stjr.is/slr](http://www.stjr.is/slr)

Skriflegar umsóknir skulu berast til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, Skúlagötu 4, 150 Reykjavík, fyrir kl. 15:00 fimmtudaginn 12. júní n.k.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 4. júní 2008.

## Til leigu

### Seljahverfi

Til leigu 170 fm raðhús í Seljahverfi. Tvær hæðir- fimm herbergi – bílgeymsla .

Upplýsingar í síma 895-8299

## Til leigu

### Vagnhöfði

U.þ.b. 120 fm bíl með innkeyrsluhurð ca. 240 á hæð.

Verð kr. 213.000 á mánuði.

U.þ.b. 410 fm kjallari, áður trésmiðja með rampi og innkeyrsluhurð.

Verð kr. 360.000 á mánuði.

### Bæjarlind

U.þ.b. 180 fm skrifstofuhúsnæði á 2. hæð, opið vinnurými, skrifstofa, fundaherji og móttaka.

Verð kr. 300.000 á mánuði

U.þ.b. 231 fm „penthouse“ áður Lindasól frá-bært útsýni.

Verð kr. 390.000 á mánuði.

Upplýsingar í sínum  
895 8299 og 849 9987.

## VANTAR ÞIG SMÍÐI, MÚRARA, JÁRNABINDINGAMENN EÐA HJÚKRUNARFRÆÐINGA?

Höfum á skrá fólk sem að óskar eftir mikilli vinnu.  
Getur hafið störf nú þegar.

Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000

**JB**  
pípulagnir ehf.

Óskum eftir vönum pípurum  
Hafið samband í s. 860 8089, Bergur.



## Ferð eftirlaunaþega

Sumarferð eftirlaunaþega í Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar,  
verður farin daganna 21.-22. Júní n.k.

Farið verður í Jökulsárlón og gíst að Skógum.

Verð á mann miðað við að gista í tveggja manna  
herbergi er kr. 7.500,-

Nánari upplýsingar og skráning á skrifstofu félagsins.  
Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar  
Grettisgötu 89, 105 Reykjavík  
Sími: 525 8330  
www.strv.is

## Sýslumaðurinn á Húsavík LEIÐRÉTT AUGLÝSING

Nauðungarsala til slíta á sameign - Húsavík

Framhald uppboðs vegna beiðni um nauðungarsölu til  
slíta á sameign skv. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 90/1991, fer fram  
á eigninni sjálfri fimmtudaginn 12. júní 2008, kl. 15.00,  
hafi hún ekki verið felld niður.

Heiti eignar: Höfði, fastanr. 216-3058, Skútustaðahreppi

Gerðarþolar: Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir, Laufey Sig-  
urðardóttir og Guðrún Theódóra Sigurðardóttir.

Gerðarbeiðendur: Laufey Sigurðardóttir og Steinunn  
Ólína Þorsteinsdóttir.

Sýslumaðurinn á Húsavík,  
6. júní 2008.

Auglýsingasími

**512 50 50**

- Mest lesið

# FRÁBÆRT FERMETRAVERÐ



Atvinnubíll **80% lán\***  
Lækjarmelur, 116 Reykjavík

Afhent tilbúið til notkunar.  
Stærð frá 125,4 fm.  
Verð frá 18.900.000 kr.

\* Allt að 80% fjármögnun  
m.v. 65-70% bankalán  
m.v. 10-15% lán frá seljanda

Afhending í september 2008

Upplýsingar veita:  
Pórarinn: 770 0309  
Sigurður: 896 2312

Hús og efni frá: ASTRON.  
Uppsetning: HASI.  
Eftirlit: TVT - Tækniþjónusta.  
Umsjón: NJÁLA.  
Fyrir: SUÐURSTEINN ehf.



eigið fé og svo var hinn pólitíski veruleiki sá að menn væru að græða óhóflega og þetta væru kaupréttarsamningar.

Það er alveg sama hversu oft maður leiðréttir það við fréttamenn að þetta voru kaup á hlutabréfum en ekki kaupréttarsamningar. Þeir segja að almenningur skilji ekki muninn og því sé þetta hið síðarnefnda. Þetta var hið ranga mat okkar um að við værum í hreinum viðskiptum. Raunveruleikinn var hins vegar pólitískur og við vanmátum hvernig hin pólitíska umræða gengur fyrir sig.

Hvernig er að starfa þar sem pólitíkin er svona eldfim?

Vandinn við ástandið að undanförunu er að Orkuveitan hefur verið hálf munaðarlaus og það hefur ekki verið klárt pólitískt bakland við það sem verið er að gera. Það er mikilvægt að pólitískt kjörnir fulltrúar standi að baki fyrirtækinu. Það er mjög erfitt fyrir starfsmenn að vera í rökræðu við þá. Þetta er hins vegar eitthvað sem lærist og var ekki fyrsta pólitíska hröðin sem farið var í gegnum.

Hvernig var samband þitt og Kjartans Magnússonar eftir að hann kom inn sem stjórnarformaður?

Það var friðsælt og við höfum ekki deilt hart. Það er ekkert leyndarmál að mér finnst eigendur REI ekki standa nægilega vel að baki þeim verkefnum sem farin eru í gang. Ég taldi ekki hægt að vinna þau öðruvísi en með fullum stuðningi. Ég skil að Kjartan er í mjög erfiðri stöðu og á ekkert auðvelt með að útvega þann stuðning. Okkar samband er í sjálfu sér ágætt.

#### Björn Bjarnason

Ég veit að það hefur verið mjög kalt á milli ykkar Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra. Vann hann á móti þér á meðan þú starfaðir fyrir OR og REI?

Mér hefur oft fundist að Björn Bjarnason beiti sér gegn fyrirtækinu og mér. Stundum hafa komið frá honum skrítnar yfirlýsingar eins og að upplýsingar fái ekki eða séu óeðlilega fram settar. Þetta er eitthvað sem er mjög erfitt að verjast. Ég var til að mynda farinn að beita þeirri aðferð á meðan Björn var í stjórn fyrirtækisins að reyna að láta endurskoðendur fyrirtækisins svara sem mest.

Orkuveitan er fyrirtæki sem er byggt upp innan þessa pólitíska umhverfis og við tókum mjög hratt upp að endurskoða bókhald fyrirtækisins á þriggja mánaða fresti. Reglan var áður að endurskoða árið eftir. Fyrirtækið hefur tryggt sér bestu vottun varðandi gæða, umhverfis- og öryggismál. Fjárhagslegur styrkur er metinn af Moody's, þannig að Orkuveitan er mjög opið fyrirtæki með mjög skilgreindum stjórnunarferlum.

Allir sem koma að fyrirtækinu geta auðveldlega kynnt sér það sem að þeim snýr af því að það er allt skrásett. Upplýsingum er safnað og þeim er dreift og ég held að fyrirtækið sé til fyrirmyndar í því. En þegar alltaf er hamrað á því að verið sé að leynd einhverju þá loðir alltaf eitthvað eftir. En af hverju Björn Bjarnason hefur valið að beita sér á þennan hátt veit ég ekki.

Vannst þú gegn eða hundsáðir sjónarmið Björns Bjarnasonar?

Staðan er sú, sem er sérstök í Orkuveitunni, að þú ert með meirihluta og minnihluta stjórnar. Forstjóri þarf alltaf að vinna meira með meirihluta stjórnar. Ég vann aldrei með Birni sem meirihlutamanni. Björn er á margan hátt mjög skipulagður maður og gott að ræða við hann um stefnumótunarmál og fleira. Ég held að við höfum átt ágætis samstarf í því en hins vegar var hann í minnihluta og eflaust líkaði honum ekki allt sem frá okkur kom.

Þú vannst náið með Alfreð Þorsteinssyni. Geldur þú fyrir að hafa verið honum trúr á einhvern hátt?

Við unnum mjög náið saman við að byggja upp Orkuveituna. Það var mikið verk og kallaði á náið samstarf. Þannig urðum við góðir vinir. En mér finnst það trúlegt að samband mitt við hann hafi orðið mér fjötur um fót þó vissulega hafi menn mismunandi skoðanir á honum.

Hver er þín skoðun á samstarfi opinberra féлага og einkaféлага í orkumálum, útrás og þróun verkefna?

Ef menn vilja hafa orkufyrirtækin opinber hér þá hljóta þeir að ætla sér að hafa hið opinbera í útrás. Umræðan hér um opinber fyrirtæki í útrás er mjög amerísk. Þar er þetta meira aðskilið en opinber fyrirtæki eru engu að síður að vinna að sinni framtíð og hvernig þau ætla að þjóna sínu fólki.

Stórar veitur sem líkja má við Orkuveituna eru alltaf að kaupa land, undirbúa byggingar og þar eru menn að byggja upp stóra framtíð af því að það er það sem þarf. Það er ekki hægt að reka fyrirtæki sem þarf að vera tilbúið með þjónustuna í dag öðruvísi en að hafa lagt drögu að nauðsynlegum verkum löngu áður. Hellið virkjun er reist á Kolviðarhóli sem var keyptur nákvæmlega

í þeim tilgangi að virkja jarðhitann sem þar er. Í Evrópu eru bæjar- og ríkisfyrirtækin iðulega í mikilli útrás og flest stóru orkufyrirtækin hér í kringum okkur annað hvort eru eða voru í opinberri eigu. Þessi stóru fyrirtæki eru í opinberri eigu en eru rekin sem fyrirtæki.

Mér hefur fundist vera tvískinnungur í þessari umræðu því Orkuveitan og hennar fyrirrennarar hafa verið að vinna erlendis í fyrirtækjum sem þau eiga hlut í síðan á sjöunda áratugnum. Fyrirtækið Virkir sem Orkuveitan átti varð að Enex. Svo sjáum við Landsvirkjun með HydroKraft Invest í samvinnu við Landsbankann sem er á erlendum markaði. RARIK er nýbúið að tilkynna um stofnun á svona fyrirtæki þannig að mér hefur ekki fundist vera samræmi í umræðunni um hvernig menn höndla þessa opinberu útrás.

#### Friður og ófriður

Hvernig stendur á því að það er friður í kringum Landsvirkjun Power og HydroKraft en þetta bál í kringum Orkuveituna og REI? Nú var ákvörðun um að stofna Landsvirkjun Power ekki rædd við formenn stjórnmalaflokkana eins og eðlilegt hefði talist í ljósi umræðunnar um Orkuveituna og REI.

Landsvirkjun er ekki lengur pólitískt fyrirtæki því stjórn fyrirtækisins er ekki pólitísk. Þar held ég að menn séu að mestu leyti samála um hvaða stefnu á að taka á meðan Orkuveitan er eiginlega framlenging af borgarráði. Menn eru enn að bóka í borgarráði þegar menn eru farnir á fund í Orkuveitunni og þar er klár meirihluti og minnihluti sem tekur mið af borgarmálunum. Þess vegna verður umræðan svona pólitísk í gegnum Orkuveituna.

Er búið að klúðra orkuútrásinni

að þínu mati. Hvernig metur þú stöðu REI á þessum tímamarki?

Enn er hægt að vinna vel úr REI. REI er búið að vinna sín verkefni allan þennan tíma og hefur ekki látið deigan síga. Eins og fram hefur komið er verkefnið í Djíbútí komið í framkvæmdafasa.

Við erum með tvö mjög líkleg verkefni í Indónesíu og þegar komnir með leyfi og byrjaðir með rannsóknir á Filipseyjum með Geysi Green Energy. Þá eru ótalin líkleg verkefni í Jemen og Eþíópíu. Þetta getur allt orðið að veruleika svo ég held að starfsmenn REI eigi heiður skilið að hafa náð að halda áfram í þessu erfiða umhverfi.

Hins vegar er kominn upp sú staða að það verður ekki haldið

**Framhald á næstu opnu**

## Þægindi um land allt

Verið velkomin í Útilegumanninn, Fosshálsi 5-9 alla daga. Við sýnum ykkur fellihýsin, hjólhýsin og bátana okkar fyrir sumarið 2008 ásamt ferðavörum.

Á ferðalögum þínum um landið getur þú notið sams konar þæginda og heima hjá þér á öllum uppáhaldsstöðunum þínum. Uppbúið rúm og fyrirtaks aðstaða til að framreiða og njóta yndislegra máltíða fylgja þér hvert sem leið þín liggur - en útsýnið er aldrei eins.



OPIÐ  
Helgar  
12-16  
Virka daga  
10-18

Kynntu þér kosti  
Rockwood  
Off Road

**Sumargjöf**  
Sólarrafhlaða,  
fortjald og gasgrill  
fylgir öllum fellihýsum  
Tilboðið gildir til 15. júní

#### Ríkulegur staðalbúnaður Rockwood

- Galvaniseruð grind
- Evrópskar þrýstibremsur
- Radial dekk / 13"-15" álfelgur
- Góð fjöðrun, hentar vel á ísl. vegum
- Útdraganleg trappa við inngang
- Breitt nefhjól (uppblásið gúmmidekk)
- 50 mm kúlutengi
- 220v tengill (blár skv. reglugerð)
- Útvarp með geislaspilara, hátalarar inni og úti
- Upphitaðar 12 cm springdýnur
- Vatnsh. öndunardúkur í svefnrými
- Dometic kælikápur XL 2,5 cubic
- SMEV ryðfrí gaseldavél m/rafstarti
- 2 gaskútar
- Gasviðvörðunarkerfi
- Óflug Truma combi 4 miðstöð m/heitu vatni
- Stór loftlúga m/þriggja hraða víftu
- Skyggðir gluggar
- 2 feta geymsluhólf
- Stórt farangurshólf
- Voldugir öryggisarmar fyrir þak og tjald
- 1 x færnanlegt lesljós með víftu
- 110 amp rafgeymir
- Heitt og kalt vatn, tengt
- Rafmagnsvatnisdæla
- 86 lítra vatnstankur
- Klósett með hengi



Fjöðrun f. ísl. aðstæður



Evrópskar þrýstibremsur



Sérstyrkt f. hálendisvegi



CD spilar/ útvarp



Upphitaðar lúxusdýnur

#### Rockwood fellihýsi

Verð frá 1.398.000 kr.



Allt til ferðalagsins



Útilegu maðurinn®

Fosshálsi 5-9 • Sími 551 5600 • www.utilegumadurinn.is



**SKOÐAR NÝ TÆKIFÆRI** Guðmundur Þóróddsson staðfestir að hann hafi rætt við Kaupþing um að fjármagna yfirtöku á verkefnum REI. Kaupþingsmenn tóku vel í þá hugmynd, en ekki varð framhald á málinu sökum þess að til þess þurfti að vera samkomulag innan stjórnar Orkuveitunnar og REI. Þá hafi bandarískur fjárfestingasjóður leitað til hans um stofnun nýs jarðhitafyrirtækis.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

áfram í Djíbúti nema staðið sé á bak við það verkefni. Þetta eru verkefni sem hafa fengið mjög kritíska skoðun og IFC, fjármögnunarsjóður Alþjóðabankans, er tilbúinn til að koma inn í fjármögnun á hagkvæmnirannsóknunum, og það á jafnvel við um aðra sjóði. Það er viðurkenning á að þetta sé gott verkefni og IFC er líklega líka tilbúin til að koma með REI í verkefni í Indónesíu. Það er stórkostlegur árangur og myndi hækka prófíllinn á Íslendingum verulega.

Það er athyglisvert að rafmagn er það sem stendur helst þróun fyrirtækja í Afríku fyrir þrífum. Þetta er eitthvað sem þessar þjóðir líta á sem raunhæfa aðstoð. Það sem manni finnst erfiðast við REI-málið er að búið er að vekja svo miklar vonir með því að sýna fram á kunnáttu og vilja til að framkvæma. Með svona mikla tiltrú væri skelfilegt að geta ekki uppfyllt það sem rætt hefur verið um. Ég veit að allir starfsmenn REI hafa fengið atvinnutilboð og eru með atvinnutilboð. Þetta eru menn sem mikil eftirspurn er eftir og það sem hefur haldið þeim hjá REI er að þeim finnst vænt um verkefni og vilja klára það sem þeir hafa lofað. Það er vegna þess að verkefni eru sannarlega þess virði að þau nái fram að ganga.

*Þú hefur sagt að þú og starfsmenn REI hafið haft hug á að fóstora verkefni fyrirtækisins.*

Ég og starfsmennirnir buðum stjórn Orkuveitunnar að við skyldum taka verkefnið að okkur og sjá um að fjármagna þau. Kveikjan að því var sú að miðað við yfirlýsingar nokkurra borgarfulltrúa þá var ekki vilji til að standa að baki þeim. Við ræddum við banka til að sjá hvort þetta væri óraunhæft og vorum mjög bjartsýnir á að við gætum gert þetta. Hins vegar gátum við ekki farið af stað með það nema um slíkt væri gagnkvæmur vilji. Sú hugmynd fór ekki lengra en við höfðum þá trú á verkefnum að við vorum tilbúin til að setja okkur sjálfa undir.

*Hefur þú undirbúið að stofna þitt eigið fyrirtæki og reynt að fá lykilstarfsmenn REI til starfa þar sem þú nýtur trausts þeirra?*

”

Ég veit að allir starfsmenn REI hafa fengið atvinnutilboð og eru með atvinnutilboð. Þetta eru menn sem mikil eftirspurn er eftir.

Það hefur ekkert verið ákveðið um það og of snemmt að svara einhverju um þetta.

*En þú ræddir við Kaupþing um að stofna fyrirtæki?*

Það er rétt að við töluðum við Kaupþing til að kanna það hvort grundvöllur væri fyrir stofnun félags starfsmanna um fjármögnun á verkefnum. Þeir voru mjög jákvæðir á að það væri hægt að búa þetta til. En við höfum hins vegar ekki gert neitt meira ennþá. Stjórn Orkuveitunnar og REI verða að marka stefnu um hvaða verkefni verður haldið áfram með og hvað þau vilja bakka þau mikið upp og hvernig fé verður fundið til þess. Það er kannski það sem hefur vantað, skýrs sýn á þetta. Það er alveg ljóst að það er ekki

hægt að fara í svona verkefni öðruvísi en að leggja eitthvað fram sjálfur.

*Hafa ekki erlendir aðilar þá leitað til þín persónulega og beðið þig um að stjórna útrásarfyrirtæki á þeirra vegum?*

Jú, ég hef fengið tilboð um það. Frá hverjum?

Frá bandarískum fjárfestingasjóði sem ég vil ekki nafngreina. Þeir hafa boðið mér slíkt samstarf. Þeir buðust til að fjármagna startið á jarðhitafyrirtæki.

*Þetta hlýtur að vera mjög spennandi tækifæri fyrir þig? Hafa fjárhæðir verið nefndar í þessu sambandi?*

Já, þetta er spennandi tækifæri. Þetta eru aðilar sem vilja komast inn í þennan jarðhitaiðnað og enginn er að velta fyrir sér minna en 300 milljónum dollara í stofnfé. Þetta eru einfaldlega svo stór verkefni að það er ekki hægt að fara af stað fyrir minna.

*Mundir þú ekki bjóða lykilstarfsmönnum REI starf ef þú tækir ákvörðun um að stofna slíkt fyrirtæki?*

Þetta eru allt hæfir starfsmenn en ég myndi ekki vilja skemma fyrir REI. Kannski má segja að ef ég stofnaði slíkt fyrirtæki myndi ég taka við þeim ef þeir væru að leita sér að vinnu. Ég myndi hins vegar ekki gera innrás í REI til að ná starfsmönnum sem þar vinna.

#### Forseti Íslands

*Nú er vitað að þú ert góður vinur forseta Íslands. Getur þú sagt mér meira um vináttu ykkar og samstarf í málefnum orkuútrásarinnar?*

Forsetinn hefur unnið gríðarlega gott starf í orkuútrásinni. Bæði hefur hann bætt ímynd landsins í heiminum sem vistvænnar orkuþjóðar. Auk þess hefur hann verið óþreytandi í því að nota ferðir embættisins til að tengja íslensku fyrirtækin inn í útrásina. Þannig hefur hann leitað uppi fólk sem tengist útrásinni og fengið til landsins.

Það er stöðugur straumur fólks til landsins fyrir hans tilstuðlan til að sjá þetta með eigin augum og það hefur haft gríðarlega mikið að segja. Samspilið á milli forsetans, orkuverkefna og þess

að við erum lítil þjóð sem vinnur saman hefur gefið íslensku þjóðinni ótrúlega sterka stöðu.

*Þú hafðir á orði við uppsögn þína að þú værir því feginn að losna frá fyrirtækinu á þeim tímapunkti. Hvað áttir þú við?*

Það voru hlutir í stefnu fyrirtækisins sem ég var ekki sáttur við. Mér var Bitruvirkjun efst í huga því það var erfitt að hlusta á eigendur og stjórnarmenn fagna því þegar hún var slegin af. Við byrjuðum á þessu verkefni áður en Orkuveitan var stofnuð. Skoðun Skipulagsstofnunar var sú þriðja í röðinni og fyrirtækið er búið að setja í þetta milljarð króna og starfsmenn þrettán ára ótult starf. Mér fannst ekki við hæfi að menn fögnuðu þessari niðurstöðu og finnst sorglegt að klára þetta ekki.

#### Bitruvirkjun

*Á næsta ári er von á rammaáætlun II um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Þar er fjallað um svæði eins og Kerlingarfjöll, Torfajökul og Brennisteinsfjöll sem ef til vill eru að margra mati ekki síðri náttúruperlur en Bitra. Í þessu samhengi, og ef ekki má virkja á Bitru þar sem fyrir eru rafslínur og vegir, eru menn þá ekki komnir í ógöngur. Er ekki búið að draga línuna á kolröngum stað?*

Hvaða virkjun kemst í gegnum þetta nálarauga? Ég spurði mig þessarar sömu spurningar af því að svæðið er í mínum huga langt frá því að vera óraskað né myndi þessi virkjun skemma mikið fyrir. Er þetta ekki einfaldlega yfirlýsing um að við séum hætt að virkja þessa orku? Hvað þá?

Það hefur komið fram að augljósasta leiðin til að forðast djúpa kreppu er að fá erlent fjármagn inn í landið. Við erum með tækifæri til uppbyggingar ef orka er til staðar og ef við erum ekki áreiðanlegur viðsejandi þá verður erfitt að tryggja önnur verkefni seinna. Ég held að uppbygging orkuvera sé lykilatriði.

*Laun þín hafa verið gagnrýnd. Hver samdi við þig um forstjóra-launin hjá REI?*

Mín laun hjá REI voru bara laun mín hjá Orkuveitunni með 20 prósentu álagi. Það var í rauninni það

sem ég var tilbúinn að færa mig fyrir. Ég hefði kannski ekki gert það hefði ég séð inn í framtíðina. Það var Haukur Leósson sem samdi við mig um launin.

#### 2,6 milljónir

*Er eðlilegt að fyrirtæki í almannaeigu borgi 2,6 milljónir í laun á mánuði?*

Ég held að þú getir ekki borgað mikið minna í fyrirtæki eins og REI. Miðað við mín laun hjá Orkuveitunni, sem eru tvær milljónir, held ég að það sé í samræmi við það sem gengur hjá öðrum fyrirtækjum í almannaeigu fyrir svipað starf. Menn verða líka að hugsa þetta frá hinni hliðinni. Ef menn ætla að borga lægri laun þá missa þeir frá sér fólkið. Starfsmaður getur ekki unnið hjá fyrirtæki í almannaeigu af hreinni hugsjón. Það er algjörlega nauðsynlegt fyrir Orkuveituna að borga sömu laun og önnur orkufyrirtæki og verkfræðistofur.

Ég held að menn ættu að hugsa um hvað gerist ef þessu væri öðruvísi farið. Þá næði fyrirtækið ekki til sín fólk með reynslu og kunnáttu. Þá leiðir það til annars tveggja. Ráða verður fleiri starfsmenn, sem leiðir ekki endilega til sparnaðar, og hins vegar þá verður öryggið og þessi góða þjónusta ekki til staðar. Þá fer það að meidda allt samfélagið.

Menn tala oft um störf í opinbera geiranum sem annars flokks. Ég hef aldrei skilið það því þetta eru mikilvægustu störfin sem snúast um þjónustu sem má ekki bregðast. Það sorglegasta við mál Jakobs Frímans Magnússonar til dæmis, voru upplýsingarnar um hvað fáir starfsmenn Reykjavíkurborgar eru vel launaðir. Hvernig ætla menn sér að fá hæft fólk? Með því að borga lág laun ertu ekki gera neitt annað en að reka þjálfunarbúðir fyrir aðra.

*Er það ekki réttmæt gagnrýni að þú hafir alla tíð stjórnað Orkuveitunni eins og það væri fyrirtæki á markaði?*

Ég lít ekki á það sem gagnrýni. Ég er stoltur af því ef menn telja að ég hafi alltaf stjórnað fyrirtækinu á þann hátt. Fyrirtæki á markaði eru þau fyrirtæki sem þurfa að standast mestu kröfurnar.



**Stjúpur  
í sérflokki  
10 stk  
599**



**Sólboði  
3 stk  
999**

# BETRA VERÐ



**Birki  
Bæjarstaðar  
60-80 sm  
599**



**3 stk  
999**

**Jarðarberjaplöntur**



**Úðakútur  
1499**



**Birki  
bakkaplöntur  
40 stk  
2990**



**Frostþolnir útipottar  
Meira úrval - betra verð**

Ný sending af sumarblómum  
**Soldis**  
Silkitré & silkiplóm



Kíkið á [blomaval.is](http://blomaval.is) og fáið upplýsingar um áburð, fræ og sáningu, klippingar, grasslátt, matjurtaræktun og margt fleira...



Heillandi heimur

# Í minningu Árna Scheving

**Á**rni Scheving hefði orðið sjötugur á morgun, en hann lést 22. desember síðastliðinn. Í tilefni dagsins verða haldnir glæsilegir tónleikar í Súlnasal Hótel Sögu annað kvöld, sunnudagskvöldið 8. júní, þar sem fjörutíu af fremstu djasstónlistarmönnum landsins koma saman til að heiðra minningu þessa mikla tónlistarmanns.

Árni var einn fjölhæfasti tónlistarmaður sem Ísland hefur átt. Hann var jafnvígur á fjölda hljóðfæra svo sem bassa, harmóníku, óbó, saxófón og píanó, en segja má að víbrafóninn hafi verið einkennishljóðfæri hans. Ungur að árum lærði hann á blokkflautu og harmóníku. Víbrafóninn var vinsælt hljóðfæri í hljómsveitum á þessum árum og Árni langaði mikið í víbrafón. Eftir að hafa þrælað sumarlangt í byggingarvinnu keypti hann sér víbrafón sem Svavar Gests kenndi honum undirstöðuatriðin á. Stuttu síðar hringdi sjálfur KK í hann og sautján ára, árið 1955, var hann kominn í vinsælustu hljómsveit landsins,

KK-sextettinn. Hann lék með sextettinum þar til hann var lagður niður árið 1960.

Þegar hér var komið sögu var Árni heldur betur kominn á bragðið. Fram á dauðadag var hann á fullu, bæði sem spilar og kennari, á sviði, í kennslustofum, í æfingahúsnæðum og í hljóðverum. Árni lék inn á hátt í 300 hljómplötur og tók virkan þátt í að efla tónlistarlíf landsins og ekki síst djasslífið. Eitt helsta afrek Árna var að skipuleggja tónleika Útlendingahersveitarinnar, þar sem hann kallaði gamla félagi heim frá útlöndum til að leika djass fyrir Íslendinga á ótal tónleikum og tveimur plötum.

Þeir sem koma fram á tónleikumum annað kvöld eru meðal annars Stórsveit Reykjavíkur, Ragnar Bjarnason, Guðmundur Steingrímsson, Sigurður Flosason, Pálmi Gunnarsson, Óskar og Ómar Guðjónssynir, Björn Thoroddsen og Einar Scheving. Tónleikarnir hefjast kl. 20 og 1.500 krónu aðgangseyrir rennur óskiptur í minningarsjóð Árna, sem mun styrkja efnilega tónlistarmen til framhaldnáms.

gunnarh@frettabladid.is



**FLOTTUR VIÐ VÍBRAFÓNINN** Stíliseruð „Film Noir“-mynd frá sjötta áratugnum. Höfundur myndarinnar er að öllum líkindum píanóleikarinn Kjartan Magnússon sem var lunkinn ljósmyndari.



**BRÁÐUNGUR MEÐ VINSÆLASTA BANDI LANDSINS** KK-sextettinn réði ríkjum á ballmarkaðinum á sjötta áratugnum. Hér er sextettinn ásamt söngvurum árið 1958. Frá vinstri: Guðmundur Steingrímsson, Kjartan Magnússon, Ellý Vilhjálm, KK, Ólafur Gaukur, Raggi Bjarna, Árni og Jón „Bassi“ Sigurðsson.



**UNGUR AÐ ÁRUM VIÐ VÍBRAFÓNINN** Árni byrjaði að spila á einkennishljóðfæri sitt sextán ára gamall. Hér er hann við fyrsta víbrafóninn sinn af Trixon-gerð. Myndina tók Örn Egilsson, æskuvinur og skólafélagi Árna.



**KRISTINN, JÓN PÁLL OG ÁRNI GANTAST Í ÚTLÖNDUM** Eftir að KK-sextettinn hætti störfum fór Árni til Þýskalands og lék í þýskri hljómsveit ásamt Kristni Vilhelmssyni og Jóni Páli. Seinna léku þeir þremmingar víða í Danmörku.



**GAMMURINN LÁTINN GEISA MEÐ FINN ZIEGLER** Árni og danski fiðluleikarinn Finn Ziegler áttu gott samstarf sem skilaði sér á mörgum glæsilegum tónleikum og einni plötu. Hér er sveitin í blússandi sveiflu á Jazzvakningartónleikum 1998. Einar Scheving er á trommum og Gunnar Hrafnsson á bassa. Danski píanóleikarinn Olivier Antunes, fimmti maður kvintettsins, er utan linsu ljósmyndarans.



**MEÐ STÓRSVEIT HORNAFLOKKS KÓPAVOGS Á MIÐJUM NÍUNDA ÁRATUGNUM** Árni stjórnaði ýmsum hljómsveitum á ferlinum, þar á meðal þessum ungu Kópavogsbúum í glæsilegum hljómsveitabúningum.



**SUMARGLEÐIN KYNNIR GLÆSILEGA VINNINGA Í HAPPRÆTTISLEIK** Árni í hópi helstu gleðipinna landsins, mitt á milli Þorgeirs Ástvaldssonar og Bessa Bjarnasonar.



**GRÍN OG GLENS Á HÓTEL SÖGU Í UPPHAFI TÍUNDA ÁRATUGARINS** Haukur Heiðar Ingólfsson, Ómar Ragnarsson, Halli, Laddi og Árni. Síðar lék Árni með Hauki Heiðari á plötum hans.



# TAX FREE

## SNYRTIVÖRU DAGAR

**FRÍHAFNARDAGAR**

Dagana 5.-8. júní  
afnemun við virðisaukaskatt  
af snyrtivörum.

*Fríhafnardagar  
um helgina*

Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 24,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 8. júní 2008.

**HAGKAUP**  
*Ein ferð betra verð*

# Vandinn að velja sér lið

EM í knattspyrnu hefst í dag. Englendingar og Danir eru ekki meðal keppnisþjóða að þessu sinni. Það þýðir að margir neyðast til að velja sér nýtt lið til að styðja í knattspyrnuveislunni sem í vændum er. Hvaða landslið skyldu vera þess verðugust að njóta stuðnings íslenskra knattspyrnuunnenda í sumar? Hverjir eru helstu kostir og gallar þess að halda með Frakklandi? En Rúmeníu? *Kjartan Guðmundsson* fer yfir málin á hreinskilinn og hlutlausan hátt.

## A-RÍÐILL

### TÉKKLAND

**Kostir:** Þeir sem koma til með að tékka á leikjum Tékká í keppninni verða að koma sér í réttan gir. Það þýðir bjór og aftur bjór. Tékkar eru heimsmeistarar í bjórdrykkju, leika oft og tíðum stórskemmtilega knattspyrnu og kunna vel að meta Frank Zappa.



**Gallar:** Tékkar eiga meira en nóg af finum leikmönnum, en brestur gjarnan þor á ögurstundu. Kannski væri ráð að endurskoða hártísku landans. Margir þeirra virðast ekki átta sig á því að níundi áratugurinn er liðinn, og hvítir sokkar passa illa við jakkaföt.



### PORTÚGAL

**Kostir:** Griðarlega sigurstranglegt lið. Hefur innanborðs smjörðrenginn Cristiano Ronaldo, sem margir telja fallegasta og besta knattspyrnumann heims. Hafa enn ekki unnið Eurovisin eftir 126 ára þátttöku, sem lætur Íslendinga líta vel út í samanburði.



**Gallar:** Cristiano Ronaldo, sem margir segja að sé ófríðasti og lélegasti knattspyrnumaður heims. Leikmenn eru olíubornir úr hófi fram og þjást margir af svænum tilfellum af brauðfötum. Það er aldrei gaman að styðja lið sem hefur rangt við.



### TYRKLAND

**Kostir:** Tyrkjum er dauðans alvara varðandi knattspyrnu. Þeir blása á allt tal um „fair play“ og spila til sigurs, sama hvað það kostar. Tyrkjum er líka dauðans alvara varðandi gott kebab, sem er eins og himnasending fyrir hinn dæmigerða fótboltaá hugamann.



**Gallar:** Harðneskjuleg ímynd tyrkneska liðsins hefur aflað þeim margra óvildarmanna. Íslendingar hafa líka átt í stökustu vandræðum með að fyrirgefa Tyrkjaránið á Halim Al, þótt langt sé liðið síðan og Tyrkír hafi þar hvergi komið nærri heldur Alsírþúar.



### SVISS

**Kostir:** Gestgjafar eiga til að koma óvart og fara langt á stemningu áhorfenda. Svisslendingar komust í sextán liða úrslit á HM 2006 með sterkum varnarleik og ættu að geta náð langt í sumar. Gaman væri að gæða sér á ostafondú í yfir leikjum.



**Gallar:** Svisslendingar eru frægir fyrir tregðu til að taka afstöðu til ýmissa hluta. Að sama skapi reynist öðrum þjóðum erfitt að taka afstöðu til Sviss. Þeir eru ekki beint lítilmagni í keppninni, en eiga samt engar stórstjörnur. Erfitt lið að styðja.




## B-RÍÐILL

### AUSTURRÍKI

**Kostir:** Gestgjafahlutverkið gæti mögulega komið þeim langt. Með öguðum og leiðinlegum varnarleik gætu þeir orðið Grikkland þessarar keppni. Ekki væri úr vegi að skella fimmtu sínfóníu Mozarts á fóninn í hálfleik og maula Mozart-kúlur með. Nú eða Falco-kúlur, ef þær eru þá til.

**Gallar:** Fyrirfram hefur maður litla trú á þessu liði, sem hefur ekki borið sitt barr síðan sitt-að-aftan goðið Tony Polster lagði skóna á hilluna. Auk þess er þetta þjóðin sem gat af sér vöðvatröll- ið Schwarzenegger. Conan einhver?



### KRÓATÍA

**Kostir:** Króatar losuðu EM við Englendinga, og eru margir þeim þakklátir fyrir. Auk þess verða ótal margir Íslendingar í sumarfríi í Króatíu í sumar. Þeir geta tekið þátt í stemningunni, íklæddir flottustu búningunum sem eru til sýnis á mótinu.



**Gallar:** Króatar losuðu EM við Englendinga, og hugsa þeim margir þegjandi þörfina fyrir. Liðið hefur ekki náð sömu hæðum og það gerði á HM 1998, þegar leikmenn eins og Suker og Boban vöktu hrifningu alls heimsins. Eftirvæntingum stíllt í hóf.



### PÓLLAND

**Kostir:** Stærsti kosturinn við að styðja Pólverja er að sjálfsgöðu sterk tengsl þjóðarinnar við Ísland. Ef Pólverjar fara langt í keppninni er ljóst að enginn hér á landi verður hlunfarrinn um fagnaðarlæti. Svo eiga þeir hönk upp í bakið á okkur fyrir Prins Póló.



**Gallar:** Pólska liðið var stórgott á áttunda áratugnum en er alls ekki líklegt til afreka um þessar mundir. Þar að auki gáfu Pólverjar okkur ekkert stig í Eurovision, þrátt fyrir sterku tengslin. Svo var pólskur Fiat drasl.



### ÞÝSKALAND

**Kostir:** Stuðningur við þýska stálið hefur þann kost að það er alltaf líklegt að það sigri, burtséð frá leikmönnum og ástandi liðsins hverju sinni. Skipulagið og seiglan höfðar mjög til margra, til dæmis þeirra sem þykir Phil Collins merkur músíkant.

**Gallar:** Enski framherjinn Gary Lineker sagði eitt sinn að knattspyrna væri einfaldur leikur; bolti, mörk, 22 leikmenn og Þýskaland vinnur. Margir hafa ekki fyrirgefið þjóðverjum glæpi sína gegn knattspyrnu á síðustu áratugum. Ekki gleyma grínistanum Otto.



Framhald á næstu opnu



# Grillveisla

## með Ellingsen

ÖLL OKKAR GRILL ERU  
AFGREIDD HEIMSEND  
OG SAMSETT!

### ELLINGSEN-GASGRILL CB2

Grillflötur 450x467 mm.  
2 steypujárnsbrennarar,  
24.000 BTU. Hitamælir,  
efri grind (hitagrind),  
grillgrind úr steypu-  
járni og neistakveikja.  
Yfirbreiðsla fylgir.  
Verð 49.900 kr. **Tilboð 39.900 kr.**

Léttgreiðslur **3.325 kr.** í 12 mán.

### ELLINGSEN- GASGRILL CB3

Grillflötur 633x467 mm.  
3 steypujárnsbrennarar,  
36.000 BTU. 1 innrauður  
bakbrennari, 12.000 BTU.  
Hliðarbrennari með loki,  
12.000 BTU. Hitamælir, efri grind  
(hitagrind), grillgrind úr steypujárni  
og neistakveikja. Yfirbreiðsla fylgir.  
Verð 79.900 kr. **Tilboð 64.900 kr.**

Léttgreiðslur **5.408 kr.** í 12 mán.

### COLEMAN- FERDAGASGRILL

Grillflötur 630x380 mm.  
2 brennarar úr ryðfríu stáli, 7 kW.  
Lok með postulíns-emeleringu,  
hitamælir og 2 fellanleg hliðarborð.  
Verð 29.900 kr. **Tilboð 24.900 kr.**

Léttgreiðslur **2.075 kr.** í 12 mán.

### ELLINGSEN-GASGRILL CB4

Grillflötur 780x467 mm.  
4 steypujárnsbrennarar,  
48.000 BTU. 1 innrauður  
bakbrennari, 12.000 BTU.  
Hliðarbrennari með loki,  
12.000 BTU. Hitamælir,  
efri grind (hitagrind),  
grillgrind úr steypujárni  
og neistakveikja. Yfirbreiðsla fylgir.  
Verð 89.900 kr. **Tilboð 74.900 kr.**

Léttgreiðslur **6.242 kr.** í 12 mán.

### COLEMAN-GASGRILL, ÞRÍGGJA BRENNARA

Grillflötur 720x445 mm.  
3 brennarar úr ryðfríu stáli,  
11,4 kW. Lok með postulíns-  
emeleringu, hitamælir, 1000 cm2  
hitagrind, 2 hliðarborð og skápar.

Verð 98.500 kr. **Tilboð 78.500 kr.**

Léttgreiðslur **6.542 kr.** í 12 mán.

### COLEMAN-GASGRILL, FJÖGURRA BRENNARA

Grillflötur 630x490 mm.  
4 innrauðir brennarar  
ásamt tveimur keramik-  
hliðarbrennurum.  
1 miðjutúbubrennari og 1 kveikju-  
brennari. 20kW stillanlegur  
kraftur. Skúffa til að baka  
pizzur, hitamælir, 1000 cm2  
hitagrind, 2 hliðarborð og skápar.

Verð 295.000 kr. **Tilboð 249.900 kr.**

Léttgreiðslur **20.825 kr.** í 12 mán.

## C-RÍÐILL



## FRAKKLAND

**Kostir:** Frakkar hafa á að skipa þrautreyndu liði sem kann að vinna titla. Einnig rennur franskt blóð í æðum fjölmargra Íslendinga, þótt þeir viti ekki endilega af því. Lágvaxnir og dökkhærðir Frónbúar ættu því að taka sénsinn og styðja Les Bleus.



**Gallar:** Þeir sem vilja síður að helstu hetjur liðsins séu skallandi fólk í bringuna hægri vinstri úti um allan völl ættu að halda sig fjarri Frökkum. Frakkar búa yfir miklum hæfileikum, en knattspyrnan sem þeir leika ber því of sjaldan vitni.



## ÍTALÍA

**Kostir:** Liðið er feiknasterkt og líklegur sigurvegari mótsins. Leikmenn höfða gjarnan til kvenpeningsins, sem kann að meta dökkleikt hár og ástríðuþrunginn skaphita. Svo má ekki gleyma stærstu gjöf Ítalíu til umheimsins, pitsunni.



**Gallar:** Það loðir spillingarfnykur við ítalska knattspyrnu. Liðinu hefur verið lýst sem hrútleiðinlegum svindlurum, og virðist gangast fúslega við þeirri nafngift.

Ítalar eru sem sagt heiðarlegir í óheiðarleika sínum, en mættu minnka magnið af geli í hárinu.

## HOLLAND:

**Kostir:** Hollenskir áhorfendur missa iðulega vitið í kringum stórmót. Það er stuð að fylgjast með appelsínugulu hárkollunum og gervinefjunum, sem þeir skarta af fullri einlægni. Nöfn leikmanna eins og Van Helsing of Goorooijer vekja kátinu.



**Gallar:** Hollenska þjóðin leikur gjarnan tveimur skjöldum. Hún vill vera umburðarlyndust allra, en ræður ekki við það þegar allt kemur til alls. Svipaða sögu er að segja af landsliðinu. Ekki kæmi á óvart ef liðið ynni Ítala 7-0 en tapaði svo fyrir Rúmeníu.



## RÚMENÍA

**Kostir:** Fáir búast við miklu af Rúmenum í náriðlinum svokallaða. Sú tilhneiging að styðja þá sem minna mega sín á því vel við hér. Rúmenar eiga líka snjalla götutónlistarmenn sem hafa látið til sín taka fyrir utan íslenskar verslunarmiðstöðvar.



**Gallar:** Ímynd Rúmeníu er fremur neikvæð eftir ráðatíma Ceausescus. Eins er ólíklegt að frægasti sonur Rúmeníu, Drakúla greifi, sé mikill hvati til að styðja liðið til dáða. Búningar liðsins eru líka páskaunga-gulir, sem er allt annað en svalt.



## D-RÍÐILL

## GRIKKLAND

**Kostir:** Á síðasta EM voru Grikkir blautur draumur þeirra sem styðja þá sem minna mega sín. Þeir gætu aftur komið á óvart í ár. Þá geta þeir sem voru ungir á níunda áratugnum troðið í sig fetastí og hugsað með söknuði til góðra stunda á Ródos og Kít.





**Gallar:** Stærsti gallinn er sá að þeir séu með í keppninni. Liðið er þrautleiðinlegt og styður þá skoðun margra að fótbolti sé álíka spennandi og að horfa á málningu þorna. Auk þess munu lýsendur eiga erfitt með nöfn eins og Papadiamantopoulos.



## SPÁNN

**Kostir:** Á Spáni er vissulega gott að djamma og djúsa, og Íslendingar skulda Spánverjum enn þá feitan greiða fyrir Spánarvínin. Þeir leika oft og tíðum gullfallegan bolta og státa af Fernando Torres, heitasta framherja Evrópu í dag.



**Gallar:** Að halda að Spánn vinni EM er álíka mikil bjartsýni og að trúa því að David Beckham breytist einn góðan veðurdag í karlmann. Þeir halda ávallt fast í þjóðarhefðina og taka sér góða síestu í kringum mitt mót. Alls ekki traustvekjandi.



## SVÍPJÓÐ

**Kostir:** Svíar eru frændur okkar. Samkvæmt Eurovision-reglum ættum við að styðja þá sem næst okkur búa og eru líkastir okkur í háttum. Svíar eiga líka Henke Larsson, besta knattspyrnumann Skandinavíu síðan Mikael Laudrup var og hét.

**Gallar:** Fátt er spennandi í fari Svía, og helst að einstaka bók eftir Astrid Lindgren vekji áhuga manns. Þeir eru svo hryllilega skipulagðir að ef þeir ynnu keppnina yrði líklega lítið um fagnaðarlæti hjá þjóðinni. Þeir þyrftu, jú, að mæta í vinnuna daginn eftir.



## RÚSSLAND

**Kostir:** Sovétríkin voru sannkallað knattspyrnustórveldi. Rússland er risastórt land sem hefur beðið lengi eftir árangri. Það er því ljóst að margir munu kæstast ef þeir vinna, sér í lagi gamlir kommar. Þjálfarinn Guus Hiddink hefur mikla náðargáfu.



**Gallar:** Rússar stóðu sig vel í undankeppninni, en þá fengu þeir að spila á gervigrasi. Liðið er kallað „rússneski björninn“. Eins og atburðir síðustu daga bera vitni um eru birnir ekkert hættulegir í hugum fólks, heldur hvítir og krúttlegir.



# sloggi®

Flottar, þægilegar og sniðnar að þér

3 nærbuxur í pakka

## Vönduð TAI nærföt á tilboðsverði

# 2.499

kr./pk.  
verð áður 3.299

Gildir til 24. júní eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**  
Ein ferð betra verð



# MÁ BJÓÐA ÞÉR Á FORMÚLUNA Í VALENCIA?

FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT  
OG ÞÚ GÆTIR VERIÐ Á LEIÐinni  
Á FORMÚLU 1 Í VALENCIA Í ÁGÚST\*  
DREGIÐ 22. JÚNÍ

\*Miðað við 3 mánaða bindingu.



# GÓÐ VIKA / SLÆM VIKA

## Góð vika fyrir...

... Símann



Enn á ný tekst auglýsingameistararum og kaþólikkanum Jóni Gnarr að færa Símanum gífurlegt umtal með nýrri auglýsingu; umtal sem er gulls ígildi og sterkara vopn en fimmtán heilsíðu-auglýsingar. Nú eru það móðgaðir og fúlir kaþólikkar sem auglýsa Símann með því að fjarngviðrast yfir meintu taktleysi Jóns: „Trúaður maður gerir ekki svona“ og hóta að segja upp viðskiptum við Símann. Jón yppir bara öxlum og segir að fólk skilji ekki húmorinn hans. Jón er hættur að mæta í kirkjuna. Segist ekki vilja vera „paranoid“ í kirkju.

...Krúttin

Eftir þá ömurlegu niðurlægingu að nýjasta myndband Sigur Rósar var bannað á Skifunni TV fengu krúttin heldur betur uppreisn æru og gott í skóinn þegar náttúrutónleikar yfirkrúttanna Bjarkar og Sigur Rósar í Laugardalnum 28. júní spurðust út. Það verður frítt inn á þessa tónlistarveislu sumarsins og ekki er það minni plús fyrir sárblönk krúttin.



...Venjulegt fólk  
Er þá Baugsmálið ekki örugglega búið?

## Slæm vika fyrir...

... Dýravini



Dýravinir landsins höfðu ástæðu til að vera grátklökkir og gramir í vikunni. Fyrst tóku skagfirskir bændur sig til og stútuðu ísbjarnargreyi sem guð má vita hvernig álpaðist í sveitina. Ísbjörninn horfði í áttina til bændanna og hnusaði út í loftið sem var auðvitað næg ástæða til að þeir hættu að biða eftir mannum með deyfiskotin. Dýravinum þótti umhverfisráðherra setja niður við drápið. Svo kom enn eitt áfallið úr Kattholti; kolsvört skýrsla og fjöldi kettlinga sem bíður ekkert annað en svæfingin.

... Nýjan ritstjóra

Fyrstu forsiðumyndir Moggans í ritstjórnartíð Ólafs Stephensen voru þínlega vandræðalegar. Fyrst var þeirri furðufrétt slegið upp að kría hefði sest á álfarhaus og flotið með henni um tjörn hjá Ólafsvík. Talið var að álfthin væri geldfugl og því opnari fyrir uppákomum sem þessari. Þegar betur var að gáð reyndist álfthin úr plasti. Tveimur dögum síðar var meint mynd af Halaleikhópnum á forsiðunni, en sá leikhópur er skipaður bæði fötludum og ófötludum leikendum. Þegar betur var að gáð reyndist myndin vera af Peðinu, leikhópi fastagesta á Grand rokki.



... Þorsteinn Stephensen

Iceland Airwaves er í uppnámi eftir að helsta lykilfólk þessarar metnaðarfullu hátíðar gekk á dyr. Eftir situr Þorsteinn Stephensen með sárt ennið og talar um að skera hátíðina niður. Það er megabömmur fyrir tónlistaráhugafólk.



KLEMENS ÓLAFUR ÞRASTARSON  
SKRIFAR FRÁ BERLÍN

# Fjórða valdið góða

Heima féllu tár í Stjórnarráðinu þegar fréttastofa áskrifendasjónvarps vakti athygli á gömlum kosningaloforðum. Hún var sökuð um að hafa skoðun. Hér fara fjölmiðlar hins vegar í pólitískar herferðir. Berjast opinskátt fyrir sínum sjónarmiðum.

Nú vill Der Spiegel til dæmis að Þjóðverjar hætti við svokallaða þróunaraðstoð, enda hafi hún ekki borið árangur. Frægt varð þegar vinstriblaðið Tageszeitung ákvað að gata ein ætti að heita eftir látnum foringja sósíalista. Hægriblaðið Die Welt var ósammála og þau fóru í eitt nett áróðursstríð. Börðust um árabíl.

Margir þýskir fjölmiðlar hafa þannig kirfilega yfirlýsta skoðun, sem endurspeglast í efnistöðum. Og þykir allt í lagi. Svo langt gengur þetta að héraðir blaðamenn hefja sumir lýsingu á starfi sínu með því að skilgreina heimssýn blaðanna. Það þekktist auðvitað á Íslandi líka, og sérstaklega á einum vígstöðvum, að á fjölmiðli ríki eitt sjónarmið, en í minna mæli.

„Þeir byrja á því að elta þig og safna upplýsingum. Síðan ræna þeir kannski barninu þínu. Eftir einn, tvo daga skila þeir því, með því skilyrði að þú skrifer aldrei aftur svona frétt. Ef þeir ræna konunni þinni verður hún aldrei söm. En þú færð hana aftur,“ sagði afrískur blaðamaður í vikunni, þegar ég spurði hann um ritskoðun fjölmiðla í heimalandi hans. Einræðisherrann þar tekur mótmælum persónulega og óþægilegum fréttatlutningi sem árás. Í ríkinu á bara að vera ein góð skoðun.

En fyrir stjarneygan gestinn er erfitt að ímynda sér að þýskir kjörnir fulltrúar myndu kvarta beinlínis undan fjölmiðlaumfjöllun, þótt hún væri grímulaus áróður. Eða kannski einmitt vegna þessa. Það er nefnilega dómsvaldið, en ekki fjórða valdið, sem á að vera hlutlaust. Þeir sem kaupa blöðin, lesendur, ákveða síðan hvort þeir styðja herferðir blaðanna eður ei. Og stjórnmálamenn láta sér lynda að vera ósammála. Það virðist þykja finna að nota mótrök en að kveinka sér. Eitthvað um lýðræði og rökræðu.

Þýsk blaðakona tók viðtal við íslenskan ráðamann. Hún spurði hann eitthvað á þá leið hvort ekki gæti verið viðkvæmt í pólitískri umræðu að reka háskóla fyrir hagnað af fjárhættuspili. Hún segist svo geta svarið það að valdhafinn hafi bara yppt öxlum eins og til að spyrja – hvað með það? Þetta þótti henni skrítið. Eins og svo margt sem hún sá á Íslandi.



## HELGARKROSSGÁTAN

**27 Dresses**  
KATHERINE HEIGL  
JAMES VAN DER BEEK

Leystu krossgátuna!

ÞÚ GÆTIR UNNID  
**27 DRESSES Á DVD**  
Þú sendir SMS skeytið JA LAUSN LAUSNARORD á númerið 1900!  
99 kr. smsb

Dæmi hvernig SMS gæti lítið út ef svarið er Jón:  
Þú sendir þú SMS-ið: JA LAUSN JON

120	MP & BH	FLAUEL	VIRKI DIMMA	ÁTT	ELDHÚS- ÁHALD ÞÉTTIEFNI	REIINGIS- LEGUR GANGUR	KROPPUR		MUN	
							ÓVILD			
LÖGSPEKI	KÚGUN BOX	STERTUR HVÍLD	BORÐAÐI SVELG	LENGJA Í RÖÐ	KJAFUR FERÐBÚA	BLÁSA HIMNA	RAUS Í RÖÐ	KÆNU	TALA VÖRUMERKI	BLUNDR TÍVHLÓÐI
HEIDLÖFTA	HVORT	MÁNI	EINS UM S	FÉLAGAR GLÆSIBÍLL	SÁR TVEIR	ÓNÁÐA NUDDAST	HÓPUR Á NEFI	REGLA SLAG- BRANDUR	HÖPUR Á NEFI	Í RÖÐ STIKAÐUR
KAPPI	LÉTU	1	SKEMMDIR	KLÆÐI BLIKK	VAG					
PLAN	DEFA RIFA	ÓNÁÐA NUDDAST	HÓPUR Á NEFI	REGLA SLAG- BRANDUR	HÖPUR Á NEFI	Í RÖÐ STIKAÐUR				
ÓHEILINDI	KJAFUR FERÐBÚA	BLÁSA HIMNA	RAUS Í RÖÐ							
Í RÖÐ	ÞREYTA	3	GÖSLA MERGD	4	RÓLEGA LÖGUR					
STÖÐVUN	PRÁ FISKUR	SÆDIS- KIRTILAR FISKS AÐ	ERLENDIS							
KÆNU	TALA VÖRUMERKI	BLUNDR TÍVHLÓÐI	5	MULDUR	SKÝR- INGAR- TEIKNING					

Lausn krossgátunnar, ásamt eldri gátum og lausnum, er birt á vefnum, www.this.is/krossgatur



NÚ Á **2** STÖÐUM

# RAFVÖRU MARKAÐURINN

## MIKIÐ ÚRVAL LAMPA

Fellsmúla - Reykjavík  
Njarðarbraut - Reykjanesbæ

8W  
14W  
21W  
28W

Verð frá **995**  
UNDIRSKÁPALJÓS

14W  
21W  
28W

Verð frá **959**  
UNDIRSKÁPALJÓS

1 x 36W  
2 x 36W  
2 x 18W

Verð frá **1295**  
IÐNAÐARLAMPAR

8W  
13W

**995** **1295**  
UNDIRSKÁPALJÓS 8W UNDIRSKÁPALJÓS 13W

**3860** **2995**  
FLÚRLAMPI 60x60cm 3 x 14W FLÚRLAMPI 60x60cm 4 x 18W

### RAKAÞÉTTIR FLÚRLAMPAR

**3995** 2 x 58W  
**2995** 1 x 58W  
**3495** 2 x 36W  
**2495** 1 x 36W  
**2595** 2 x 18W

**6995**  
LJÓSATUNNA 250W OG 400W

**2995**  
SKRIFSTOFULAMPI 2 x 36W

**2260** INNFELLD LJÓS  
2 stærðir 9 litir  
Verð frá **1185** INNFELLD LJÓS

Króm og hvítt  
**1995**  
LOFTLJÓS 16W OG 28W M/PERU

Verð frá **2995**  
SPEGLALJÓS

Verð frá **995**  
SPEGLALJÓS

**9480** **995**  
ÚTIKASTARI LED ÚTIKASTARI

3 gerðir  
Verð frá **6999**  
HITALAMPI 1300W

Með tenglum  
**6995**  
VINNULJÓS GÚMMÍ 3 x 24W

150W  
250W  
400W  
Verð frá **5995**  
FLÓÐKASTARAR

150W 500W  
1000W 1500W  
Verð frá **895**  
HALOGENKASTARAR

## RAFVÖRU MARKAÐURINN

VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888  
NJARÐARBRAUT 11A - REYKJANESBÆ - SÍMI: 585 2888

## OPIÐ ALLA DAGA

Mán. til fös. kl. 9 - 18  
Laugard. kl. 10 - 17  
Sunnud. kl. 12 - 16





# Pitt hlaup þinn taktur

## Nike+ hlaupakynning

í Útilíf Smáralind Laugardaginn 7. Júní frá 12-16

- Með **Nike+** færðu hinn fullkomna hlaupafélaga
- \_Hvetur þig áfram
- \_Kemur þér yfir erfiðustu hjallana
- \_Heldur utan um allar upplýsingar um hlaupin þín
- \_Gefur þér upplýsingar um árangur þinn á meðan þú hleypur

**Kynntu þér þessa einstöku nýjung í útivist**

[nikeplus.com](http://nikeplus.com)

# Náhvalur í miðborgarkjallara



> KL 14.00

Í Nýlistasafninu munu Kristín Ómarsdóttir og Gunnhildur Hauksdóttir leiklesa ljóð eftir Jelaluddin Rumi. Mystic Foley rýnir í lófa, Hugleikur Dagsson er einnig með ljóðalestur og Sigurlaug Gísladóttir, eða Mr. Silla, stígur á svið.

## menning

menning@frettabladid.is

Nýtt sýningarrými hefur bæst við í miðbænum, en þeim Ragnheiði Kára-dóttur og Sigríði T. Tulinius, myndlistarnemum við Listaháskóla Íslands, fannst nóg komið af hvítum veggjum og stífum galleríum. Nýja rýmið heitir Íbiza Bunker og er í kjallara í Þingholts-træti 31. „Okkur langaði að sjá eitthvað nýtt og ferskt,“ segir Ragnheiður. „Markmiðið er að hafa opnanir sýninganna sem skemmtilegastar, en við opnun hvernar myndlistarsýningar eru líka tónleikar. Sumir ganga svo langt að stofna hljómsveit til að lokka fólk inn.“ Ragnheiður vonast til að samtal myndist milli eldri og yngri myndlistarmanna í kjölfarið, þar sem framsæknir listamenn á öllum aldri hafa bókað sýningar. Og eff ekki þá má alltaf fara í badminton í garðinum.

Páll Haukur Björnsson, sem er nýútskrifaður úr myndlistardeild Listaháskólans ríður á vaðið. Sýning hans heitir Tilhugur náhvalur og var opnuð í gær. „Þetta er rýmisleg kortlagning sálræns ástands,“ segir Páll, en verkið er skúlptúr. Honum til aðstoðar var raftónlistar-maðurinn Mongoose.

Spurður um sýningarrýmið segir Páll það algjörlega nauðsynlegt að hafa svona staði þar sem grasrót getur dafnað og ungir listamenn spreytt sig í óheftu umhverfi.

Alls verða haldnar sjö sýningar í galleríinu í sumar en áhugasamir geta fylgst með á [myspace.com/ibizabunker](http://myspace.com/ibizabunker). -kbs

LEIÐAR Á HEFÐBUNDNUM SÝNINGARRÝMUM Ragnheiður Kára-dóttir og Sigríður T. Tulinius  
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



## Stærsta galleríið

Sýningarrýmið Reykjavík Art Gallery, Skúlagötu 30, hefur opnað nýja og glæsilega sýningarsali, sem eru viðbót við það húsnæði sem galleríið hafði áður til umráða. Um er að ræða átta sýningarsali fyrir minni og stærri sýningar og er Reykjavík Art Gallery þar með orðið stærsta sýningargallerí landsins. Galleríið opnaði sína fyrstu sýningu í mars og hefur síðan þá haldið sýningar á verkum sex myndlistarmanna. Eftir stækkunina mun galleríið leggja höfuð-áherslu á málverkið í íslenskri

myndlist, en einnig er hugmyndin að sýna höggmyndaverk og ljósmyndir. Galleríið mun jöfnum höndum starfa sem sölugallerí ásamt rekstri sýningarsala.

Meðal þeirra listamanna sem nú eiga verk í galleríinu eru Árni Rúnar Sverrisson, Hulda Vilhjálmisdóttir, Magnús Tómasson, Ólafur Lárusson, Ómar Stefánsson, Pétur Halldórsson, Pétur Már Pétursson, Stefán Boulter og Tolli.

Reykjavík Art Gallery er opið alla daga vikunnar á milli kl. 14 og 17. -vp

## Menn í kuflum snúa aftur

Karлакór St. Basil-kirkjunnar í Moskvu heldur þrenna tónleika á Íslandi dagana 23.-25. júlí á Reykholtshátíðinni, undir stjórn Sergeis Krivobokov sem hefur stjórnað kórnum frá stofnun hans árið 1987.

„Allir kórfélagar eru langskólamenntaðir tónlistarmenn og einsöngvarar sem hafa tekið þá ákvörðun að helga líf sitt rétttrúnaðarkirkjunni. Þeir eru hver úr sinni áttinni. Einn var til dæmis söngvari í frægri rússneskri rokkhljómsveit og annar fastráðinn baritónsöngvari við óperuna í Moskvu,“ segir Steinunn Birna Ragnarsdóttir, stjórnandi Reykholtshátíðarinnar.

Steinunn segir jafnframt að kórinn sé eitt mesta undur í kórflóru heimsins og hvert sem hann komi fái hann lofsamlega dóma og barist sé um miðana.

Þó að meðlimir kórsins komi úr mismunandi áttum hafa margir þeirra verið sæmdir æðstu virðingartitlum sem veittir eru listamönnum í Rússlandi.

Kórinn var stofnaður árið 1987 en hann starfaði ólöglega í Sovétríkjunum sálugu í nokkur ár á meðan bann við kristnihaldi var við lýði allt til ársins 1991.

Fyrsta guðsþjónustan sem leyfð var í St. Basil-kirkjunni eftir langt hlé var 14. október 1991. Við þá athöfn söng karlakórinn fullmótadur undir stjórn Sergeis Krivobokov.

Í sumar heldur kórinn þriðju tónleika sína á Íslandi. Kórinn söng á Reykholtshátíð í fyrra og á Listahátíð árið 2004 en í efniskrá þeirra tónleika stóð: „Tónsviðið sem söngvararnir spanna er óvenju viðfeðmt, allt frá ofurdimmum flauelsmjúkum bössum til hárra silkebryddaðra tenóra. Saman fléttast raddirnar í hvelfdum hljómi sem fyllir konsertsali og kirkjur.“

„Tónleikar þessa kórs láta hörðustu karlmenn gráta og ekki skemmir fyrir að þeir eru ágætlega útlítandi. Ein kona sagði eftir tónleika þeirra í Reykholti í fyrra



ST. BASIL-KIRKJAN Eitt þekktasta kennileiti Moskvuborgar.



KARLAKÓR ST. BASIL-KIRKJUNNAR Bræðir hjörtun hvar sem hann er.

að þeir væru kyntröll í kuflum,“ sagði Steinunn Birna.

Reykholtshátíðin er alþjóðleg sigild tónlistarhátíð sem verður haldin í tólfta sinn í sumar. Hátíðin

er árlegur viðburður sem haldinn er síðustu helgina í júlí og mörg þekkt nöfn úr heimi klassískrar tónlistar hafa sótt hátíðina.

vidirp@frettabladid.is

**Sveitaball með Karma í kvöld**  
Stór og fjölbreyttur sérrettamatseðill öll kvöld vikunnar

**BRAVO!**



**LADDI 6-TUGUR**

Eftir Gísla Rúnar og Ladda  
Sviðsetning: Björn G. Björnsson Hljómsveitarstjóri: Hjörtur Howser

**LADDI OG FÉLAGAR KVEDJA**

Allra síðasta sýning  
annað kvöld kl. 20:00

110 uppseldar sýningar í röð  
og 60.000 þúsund gestir  
segja allt sem segja þarf.

Bravó og Borgarleikhúsið óska  
Ladda og félögum innilega til hamingju  
með þessa ótrúlegu velgengni.

Sjáumst síðar!

SÉRSTAKIR GESTIR

Steinn Ármann  
Halli  
Eggert Þorleifs

Örfáir  
miðar eftir  
á miði.is

Nánari upplýsingar á:

**BRAVO.IS**

BORGARLEIKHÚSIÐ

**MAARUD**

**Kawasaki Vélorf**

Alvöru orf á góðu verði

**PÓR HF**  
REYKJAVÍK - AKUREYRI  
Ármúla 11 - sími 568-1500  
Lónsbakka - sími 461-1070

## Ósýnileg leiklist

Stígis heitir gjörningahópur sem stendur fyrir ósýnilegum gjörningum í boði Hins hússins í sumar. Ósýnilegir gjörningar eru viðburðir sem áhorfandinn á ekkert endilega von á að séu sviðsettir, en eru auglýstir eftir á. Kjartan Yngvi Björnsson útskýrir: „Þú sérð kannski tvo menn bíða eftir strætó, sem aldrei kemur, en gerir þér ekki grein fyrir að þú ert að horfa á Beðið eftir Godot, eða hittir mann með konfektakassa á bekk, sem segir þér ævisöguna sína, en fattar ekki að þar situr Forrest Gump.“ Með þessu vill hópurinn gefa fólki færi á að blanda sér í alls konar skáldskap, komast inn fyrir fjórða vegginn. Ósýnilegir gjörningar eru alla miðviku- og



KOMA Á ÓVART Gjörningahópurinn Stígis heillar vegfarendur. MYND/RUT

fimmtudaga og eru áhorfendur hvattir til að taka þátt. -kbs



# BT

# VAXTALAUS VEISLA

**EM boltinn rúllar  
- vaxtalaus tilboð!**

## SAMSUNG

**Samsung 32" LCD Sjónvarp**  
LE 32 S81. Ný sending var að lenda af þessu vinsæla Samsung sjónvarpi. Frábær myndgæði á góðu verði. (Vörunúmer: 156072)

- 32" LCD tæki
- 1366 x 768 Pixel
- HD ready
- 7000:1
- DNIe™
- Movie og Game mode
- Mynd í mynd
- SRS TruSurround XT®
- 2x10 RMS W
- 2x HDMI
- 57,7 x 87,4 x 29,1 cm

**0%  
vextir**  
til allt að 12 mánaða



**BT LÁN**  
**9.331,-**  
12 mán. vaxtalaus

**99.999,-**

## acer

**Acer fartölva**  
AS5920G-5A3G25M1 (Vörunúmer: 159578)

- Intel Core 2 DUO T-5550
- 3GB DDR2 vinnsluminni
- 250 GB S-ATA diskur
- 15,4" WXGA Crystal Brite skjár
- Intel GMA X3100 skjástýring
- DVD brennari - dual layer
- WiFi bg, S-Video, HDMI
- Bluetooth, Firewire
- Innbyggð vefmyndavél og kortalesari
- Glossy svört - "Gemstone" hönnun
- Windows Vista Home Premium

**BT LÁN**  
**12.964,-**  
12 mán. vaxtalaus



**50%  
af töskum með  
öllum fartölvum**

**139.999,-**

## acer

**Acer fartölva**  
ASPIRE AS5920G-5A3G25B1 (Vörunúmer: 159579)

- Intel Core 2 DUO T-5550
- 3 GB DDR2 vinnsluminni
- 250 GB S-ATA diskur
- 15,4" WXGA Crystal Brite skjár
- Nvidia GeForce 8600GS 256MB skjákort
- Blu-ray drif og DVD brennari
- WiFi abg, S-Video, HDMI
- Bluetooth, Firewire
- Innbyggð vefmyndavél og kortalesari
- Glossy svart "Gemstone" design
- Windows Vista Home Premium

**BT LÁN**  
**14.780,-**  
12 mán. vaxtalaus



**159.999,-**

## MEDION

**Medion borðtölva**  
PC6765. Tilvalin alhliða vél fyrir fjölskylduna. Intel örgjörvi, 2 GB minni, 500 GB diskur og góð skjástýring. Nú geturðu unnið með stafrænu gögnin þín án erfiðleika. (Vörunúmer: 158661)

- Intel® Core™2 Duo Processor E4500
- 2,20 GHz, 2 MB L2 Cache með 800 MHz FSB
- 2048 MB DDR2-SDRAM
- 500 GB harddisk - 7200rpm SATA
- Dual Layer DVD-RW brennari
- NVIDIA® GeForce® 8400GS
- Netkort - 10/100
- 6 rása hljóðkort
- 8in1 kortalesari
- Tengi að framan: 2x USB 2.0, 1x mikrafónn, 1x headphones
- Tengi að aftan:
- 2 x PS/2, 1x LAN (RJ45)
- 4 x USB 2.0, 1x IEEE 1394 FireWire
- 1 x parallel, 1x serial
- Hugbúnaður:
- Windows Vista® Home Premium
- Microsoft® Works 9 með Office 2007 Trial

**BT LÁN**  
**7.515,-**  
12 mán. vaxtalaus

**79.999,-**



**BT LÁN**  
**13.872,-**  
12 mán. vaxtalaus

**149.999,-**



## MEDION

**Medion borðtölva**  
Ef þig vantar mjög öflugan borðvél í alla vinnslu þá er þessi málið. Intel fjögurra kjarna örgjörvi, 3gb minni, stór harður diskur og gríðarlega öflugt 8800GT skjákort með 512mb minni. Þetta er hakavélin! (Vörunúmer: 158403)

- Intel® Core 2 Quad Q6600 (2,40 GHz, 8M cache)
- 3072 MB DDR-2RAM PC5200 (667MHz)
- nVidia GeForce 8800GT (D8P-40) - 512 MB - DVI/DVI-I - HDTV-out - DX10
- 500 GB 7200 rpm SATA 8MB Cache
- DVD skrifari
- 10x DVD+R9(DL), 10x DVD-R(DL), max.20x DVD-R, 6x DVD-RW,max. 20x DVD+R
- 8x DVD+RW, 48x CD-R, 32x CD-RW - 5 DVD-RAM
- LAN 10/100/1000 Mbit
- Microsoft® Windows Vista Home Premium
- Microsoft® Works 9
- Microsoft® Office Home and Student 2007 - 60 daga prufuútgáfa
- Nero Burning ROM
- Nero Recode Copy 1:1

**BT LÁN**  
**13.872,-**  
12 mán. vaxtalaus

## > TÍSKUFRETTIR VIKUNNAR

Nýtt ilmvatn frá Gaultier Ilmvötnin frá franska hönnuðinum Jean-Paul Gaultier hafa átt mikilli velgengni að fagna og nú ætla hann að setja á markaðinn splunkunýjan dömuilm. Hann kallast „Ma dame“ eða daman mín, og einkennist af skemmtilegri blöndu appelsínu, rósar og sedrusviðs. Andlit ilmvatnsins er ofurfyrirsætan Agyness Deyn sem klæðist svörtum buxum og hvítri skyrtu í auglýsingum Jean-Baptiste Mondino. Ilmurinn er væntanlegur í verslanir þann 1 september.



# stíll

utlit@frettabladid.is



æðislega  
sumarkápu  
frá Prairies de  
Paris. Fæst  
í Kisunni,  
Laugavegi.

nýja ilm-  
vatnið frá  
Kenzo, India  
sem angar  
af exótísku  
sumri.



OKKUR  
LANGAR Í

...

gráa lakk-  
skó sem eru  
fullkomnir við  
gallabuxurnar í  
sumar. Frá Mir-  
anda, fást í Kron-  
kron, Laugavegi.



**DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA**  
Marta María Jónasdóttir

## Eru leggings smart?

Hvernig stendur á því að leggings hafa orðið að tískuflík? Þegar ég var lítil hétu þetta reyndar gammósíur og þá var ég klædd í þetta undir önnur fót svo mér yrði ekki kalt. Á unglingsárunum í kringum 1990 komst þetta í tísku og minnst ég þess að hafa átt einar röndóttar sem ég var í við stóra litríka peysu og heklaða húfu. Það er kannski skiljanlegt að frasin „þetta er svo næntís“ blómstri um þessar mundir því það er einhvern veginn ekkert smart við það tímabil. Fyrir tveimur árum fór að bera á leggingsaðinu og ég verð að játa að ég skil þetta ekki alveg því það er vandasamt að klæðast svona fatnaði og vera smart á sama tíma. Mér dettur í hug að þetta hafi helst náð vinsældum því konur vissu ekki hverju þær ættu að klæðast við pils þegar 40 den sokkabuxur hættu að vera töff.

Ég minnst þess þó að hafa fundist þetta ágætt til að byrja með en þegar ég var farin að sjá aðra hverja konu í leggings, óháð vaxtarlagi eða fatasmekk, þá fór leggings tískan svolítið að þynnast út.

Til að geta klæðst leggings niður á miðja kálfa þurfa leggirnir að vera ansi langir og einhvern veginn gengur ekki upp að láta leggingsbuxurnar ná niður að ökkla og vera svo í opnum skóm við. Tala nú ekki um þegar viðkomandi er kominn í stutt gallapils við. Það var kannski í lagi fyrir þremur árum en er nú einhvern veginn alveg runnið sitt skeið. Svo er alltaf svolítið dapurt að horfa upp á leggings og skjannhvítt hörund við strigaskó. Í þessum tilfellum bjargar brúnkukrem ekki neinu því ekki er betra að hörundið á milli leggings og striga-skónna sé heiðappelsínugult og flekkótt. Það mætti líka álykta um að trendið væri búið þegar Sex and the city-skvísurnar myndu ekki láta sjá sig dauðar í leggings.

Hvað eiga konur þá að gera fyrst leggingstímabilið er runnið sitt skeið á enda? Sjálf mæli ég með 80 den sokkabuxum. Mér finnst þær alltaf gera fótlegginn svolítið sætan og svo passa þær við allt, bæði kjóla og pils og flest skótau. Ég verð þó að játa að það er í lagi að vera í leggings í tveimur tilfellum. Ef þær eru nógu langar svo hægt sé að girða þær eins langt ofan í skóinn og hægt er þannig að rétt glitti í ristina og líka ef þær eru togaðar upp og látnar enda við hnésbót með rykkjum yfir hné. Það er skvísulegt.



KONUNGUR SMÓKING  
DRAGTARINNAR  
Yves St Laurent árið 1972.



KVENLEGT  
Dragt sem St  
Laurent hannaði  
fyrir Dior á  
sjöunda ára-  
tugnum.

FRANSKI HÖNNUÐURINN YVES SAINT LAURENT LÁTINN

## SNILLINGS MINNST

Aðfaranótt mánudags andaðist hinn merki hátískuhönnuður Yves Saint Laurent, sjöttu og eins árs að aldri. Næsta dag sagði Sarkozy forseti hann hafa „lyft tískuhönnun á æðra plan og gert úr henni listform“. Forseti Yves Saint Laurent-fyrirtækisins, Valerie Hermann, segir hann hafa „breytt reglum tískunnar og setti á hana sína ódauðlegu undirskrift“. Hermann bætti við að fyrirtækið og núverandi hönnuður þess, Stefano Pilati, myndu gera allt til að varðveita anda og arf Saint Laurents sem hóf feril sinn aðeins tuttugu og eins árs gamall hjá tískuhúsinu Christian Dior. Á þeim tíma sló hann í gegn með stuttum kápum, safari-jökkum, hlébarðamynstrum og hippalegum fatnaði, en þegar hann opnaði eigið tískuhús árið 1962 var það kvöldklæðnaður hans sem varð eftirsóttur af þeim ríku og frægu.

Leikkonan Catherine Deneuve varð hans helsta músa á sjöunda áratugnum og klæðist enn fatnaði frá YSL. Le Smoking er sennilega frægasta flík Saint Laurents sem braut sögulegt blað með því að klæða konur í karlmansföt og buxnadragtín hefur verið til í fataskápum ótal kvenna alla tíð síðan. En jafnvel þegar Yves Saint Laurent klæddi konur í jakkaföt og smóking vissi hann upp á hár hvernig ætti að láta kynþokka þeirra skína í gegn.

- amb



GLYS OG GLAMÚR  
Yves st Laurent með  
samkvæmisiunni Nan  
Kempner.



MÚSAN Leikkonan Catherine Deneuve í fatnaði YSL í kvikmyndinni Belle du Jour.

KYNNOKKAFULLT  
Konur elskuðu að  
klæðast fötum eftir  
St Laurent.

**Ódýrasti GSM síminn**

Þú færð ódýrasta GSM símann á Íslandi hjá Vodafone. Komdu strax í næstu verslun og tryggðu þér eintak.

**2.990 kr.**

Lifðu núna

vodafone



## KONUR FRAMTÍÐARINNAR:

## Frumleg snið og svartar varir hjá Yves Saint Laurent

Hönnuðurinn Stefano Pilati sendi heila herdeild af geimverulegum kvenverum niður tiskupallana fyrir haust/vetur 2008. Fyrirsætturnar voru allar með svarta hárkollu og svartan varalit og margar með örmjó svört sólgleraugu og sýndu mjög sérstök snið: víðar buxur og lagskipt pils. Að vissu leyti minntu þau á tísku niunda áratugsins en Pilati segist ekki hafa ætlað að vera undir neinum sérstökum áhrifum. „Sýningin snýst bara um að horfa á fótin, og að konurnar sem ganga í þeim verði stoltar af að sjást í þeim á götu.“ Tískuspekulantar vildu meina að Pilati, líkt og Ghésquiere sé, einn af þeim ungu hönnuðum sem taka meiri áhættu í fatahönnun og sniði fót sem fylgja ekki endilega líkamanum. Eitt er á hreinu að vetrarlína YSL er fyrir þær sem þora.

- amb



**WOLF Garten**  
Garðsláttuvélar

Þýskar gæðasláttuvélar fyrir þá sem gera kröfur um gæði

**PÓR HF**  
REYKJAVÍK - AKUREYRI  
Ármúla 11 - sími 568-1500  
Lónsbakka - sími 461-1070



## Grand HÁDEGI

Hádegishlaðborð alla virka daga. Grill á góðviðrisdögum.

Þegar vel viðrar er boðið upp á grill og veitingar í suðurgarðinum okkar. Þá er hægt að borða úti og njóta sumarsins. Grillveislur í boði fyrir hópa.

Hlaðborð kr. 2.150.-



**Grand HÓTEL**  
REYKJAVÍK

Sigtúni / S. 514 8080 / www.GRAND.is

„...fyrst á visir.is“



**visir.is**  
...ég sá það á visir.is



## AIM Festival 2008

alþjóðleg tónlistarhátíð á Akureyri dagana 12. - 16. júní 2008



Opnun AIM festival við Höepfnersbruggja hjá Siglingaklúbbi Nökkva. Valsað í háloftunum, Arngrímur Jóhannsson dansar á svifflugvél sinni stundvíslega kl 16.30. Bein útsending á Rás 2 fm 96,5

### Fimmtudagur 12. júní

Akureyrarkirkja kl 20.00  
Ferð án fyrirheits, Steinn Steinarr í 100 ár

Marína kl 21.00  
Jazzklúbbur Akureyrar  
Park Projekt, Hrund Órk Árnadóttir og Sebastian Studnitzky, Hoodangers frá Ástralíu

### Föstudagur 13. júní

Húsið kl 20.00  
bílskúrsrokk

Marína kl 21.00  
Mannakorn og Sebastian Studnitzky

Græni Hatturinn kl 21.00  
Múgrefjun og Sickbird

Græni Hatturinn kl 23.30  
Hjálmar

Vélsmiðjan kl 23.30  
Von

Sjallinn kl 00.00  
Splash Partý

### Laugardagur 14. júní

Allinn kl 20.30  
Bráðavaktin

Marína kl 21.00  
Hoodangers frá Ástralíu

Græni Hatturinn kl 22.30  
Kimi Records  
Mugison, Retro Stefson, Helgi og hljóðfæraleikararnir

Sjallinn kl 00.00  
N3

Vélsmiðjan kl 00.00  
Von

### Sunnudagur 15. júní

Ketilhúsið kl 15.00  
Víkingur Heiðar Ólafsson

Akureyrarkirkja kl 17.00  
Mótettukórinn og Vladimir Miller

### Mánudagur 16. júní

Græni hatturinn kl 21.30  
Hvanndalsbræður

Allinn kl 22.00  
Helgi og hljóðfæraleikararnir

Sjallinn kl 00.00  
Skítamóral

Saga Capital  
VIARFESTINGARBANKI

AKUREYRARSTOFA

MENNINGARRÁÐ EYVINGIS  
RARIK ER MÁTTARSTOLFI MENNINGAR | EYVING

RARIK

GEIMSTOFAN  
AUGLYSINGASTOFA / SKILTAGERD

BYR  
BYRNDIÓÐUR

VOICE

ÁSPRENT

KEA

FLUGFÉLAG ÍSLANDS  
Air Iceland

AIMFESTIVAL.IS

## > FEÐGIN FYRIR VUITTON

Feðginin Sofia og Francis Ford Coppola reyna fyrir sér á nýjum vettvangi, en þau eru fyrisætur í nýjustu auglýsingaherferð tiskuhússins Louis Vuitton. Það er hinn rómaði ljósmyndari Annie Leibovitz sem myndaði feðginin, sem eru því öllu vanari að vera hinum megin við myndavélina.

# fólk

folk@frettabladid.is



# Ólafur Darri líklegur í hlutverk Þórs

„Ólafur Darri kemur vel til greina í hlutverk Þórs, bæði fyrir innlendan markað og erlendan,“ segir Hilmar Sigurðsson, framkvæmdastjóri Caoz. Fyrirtækið undirritaði samning við þýska fyrirtækið Ulysses Films og írsku fyrirtækið Magma Production um meðframleiðslu á tölvuteiknimyndinni Þór - í heljargreipum. Samningurinn er metinn á 400 milljónir íslenskra króna en samkvæmt kostnaðaráætlun er gert ráð fyrir að hún kosti ríflega einn milljarð.

Á heimasíðu fyrirtækisins má nálgast stuttan „trailer“ eða myndbút og þar heyrast leikarinn Ólafur Darri túlka þrumuguðinn eins og honum einum er lagið. Hilmar vildi ekkert tjá sig um hvort af þessu yrði eða ekki, sagði Ólafur hafa röddina í Þór og hann væri inni í

myndinni. „Það eru náttúrulega tvö og hálf ár þangað til að myndin verður frumsýnd þannig að mikið vatn á enn eftir að renna til sjávar.“

Hilmar hræðist ekki samkeppnina við Hollywood en í undirbúningi er stórmynd um sama ás úr smíðju draumaverksmiðjunnar og hefur nafn Brads Pitt verið tengt við Þór. „Þeir ætluðu að frumsýna á sama tíma og við en samkvæmt síðustu fregnum hefur henni verið frestað um eitt ár.“ Tvær útgáfur yrðu gerðar, ein fyrir íslenskan markað á ensku. Hilmar vildi ekkert tjá sig um mögulega raddskipan í erlendu útgáfunni, sagði viðræður í gangi við

alþjóðlegar stjórnur en allt á frumstigi. Eins og mörgum ætti að vera í fersku minni þá var enginn hörgull á stór-stjórnur í teiknimyndinni Anna og skapsveiflurnar sem Caoz gerði. Monty Python-leikarinn Terry Jones var sögumaður og bæði Damon Albarn og Björk töluðu inn á myndina.



Hilmar viðurkennir að fyrirtækið búi vel að þeim samböndum en vildi að öðru leyti ekkert tjá sig um málið. Leikstjóri myndarinnar er Gunnar Karlsson en handritshöfundur er Friðrik Erlingsson.

- fgg

# Ráðherraefni Sturlu

Sturla Jónsson vörubílstjóri hefur ákveðið að stofna stjórnmalaflokk. Baráttumáðurinn ætti ekki að vera í miklum vandræðum með að fá fólk til liðs við sig og hefur lofað þjóðþekktum nöfnum á framboðslista sínum. Fréttablaðið spáir í spilun og veltir fyrir sér hverjum Sturla teflir fram sem ráðherraefnum í komandi stjórnarviðræðum.

## FORSÆTISRÁÐHERRA

Sturla Jónsson



Vörubílstjórinn verður í brúnni og hér hleypur á snærið hjá þjóðinni því hún þarf ekki að standa straum af kostnaði við einkabílstjóra því Sturla keyrir að sjálfsgöðu sjálfur.

## DÓMSMÁLARÁÐHERRA

Helgi Hóseasson



Helgi er mótmælandi Íslands, andlegur leiðtogi allra þeirra sem mótmæla og því telst hann með Sturlu og félögum. Kjörinn í starf dómismálaráðherra.

## FJÁRMÁLARÁÐHERRA

Siggi stormur

Veðurfræðingurinn er moldríkur og kann að fara með peninga. Þar að auki er Siggi mikill jeppakarl, hefur andstyggð á því



hversu dísilolían er dýr (þvert á við það sem hafði verið lofað!) og passar vel í hópinn.

## MENNTAMÁLARÁÐHERRA

Leoncie



Ný ríkisstjórn kallar á ferska vinda. Og þeir koma svo sannarlega með Icy Spicy Leoncie. Hér kemur sér vel víðsýni prinsessunnar sem mun berjast gegn rasisma sem er líkt og inngróin tánögl í þjóðarlíkamanum.

## VARNARMÁLARÁÐHERRA

Gasmaðurinn

Fyrsti ráðherra varnarmála verður vita-skuld maðurinn sem átti sviðið í Norðlingaholti. Sturla mun sýna veglyndi sitt,



fyrirgefa honum gasið og kalla hann til sem kandídat í varnarmálin.

## UTANRÍKISRÁÐHERRA

Ágúst Fylkisson



Gekk harðast fram í mótmælum bílstjóra og fær eitt feitasta djöbbið hjá Sturlu. Jafnvel þó hann hafi ekkert viljað kannast við hann eftir kjaftshögg.

## FÉLAGSMÁLARÁÐHERRA

Lára Ómarsdóttir



Fréttakonan fyrrverandi hafnaði því að verða talsmaður vörubílstjóra fyrir skemmstu en hver segir nei þegar ráðherrastóll er í auglýsingu? Lára er félagsmálatröll fín í félagsmálaráðuneytið.

## SJÁVARÚTVEGSRÁÐHERRA

Kristinn H. Gunnarsson

Sleggjan hlýtur að stökkva frá borði í Frjálslynda flokknum ef Sturla býður ráðherrastól. Hvað þá ef um stól sjávarútvegsráð-



herra er að ræða. Er þá hringnum lokað.

## LANDBÚNAÐARRÁÐHERRA

Ástþór Magnússon

Var ekki fyrsti kostur Sturlu en þegar í ljós kom að Ástþór á nafnið Lýðræðisflokkurinn, þá lá beinast við að hann fengi ráðherradóm í skiptum fyrir notkun þess.



## UMHVERFISRÁÐHERRA

Jójó



Götuspilarinn góðkenni hefur látið málefni miðborgarinnar sig miklu varða og verður ekki lengi að setja sig inn í umhverfismálin. Með Jójó stimplar Stulli sig endanlega inn hjá grasróttinni og Jójó tekur um leið við af Árna Johnsen sem hressi gaurinn með gítarinn.

## VIÐSKIPTARÁÐHERRA

Arnþrúður Karlsdóttir

Manneskja sem rekur heila útvarpsstöð þar sem „þjóðarsálin“ fær að básuna er kjörin í þessa stjórn. Löngu kominn tími til að Arnþrúður fái að ráða en ekki bara að masa.



## Opíð hús

Innritun í Menntaskólann í Reykjavík stendur yfir til 11. júní.

Nemendur sækja raf-rænt um skólavist.

Á heimasíðu skólans, [www.mr.is](http://www.mr.is), má finna frekari upplýsingar um nám og starf í skólanum.

Reynslan sýnir að nám í Menntaskólanum í Reykjavík er traustur grunnur fyrir nám á háskólastigi.

Rektor

Menntaskólinn í Reykjavík, Lækjargötu 7, 101 Reykjavík

**í Menntaskólanum í Reykjavík fyrir 9. og 10. bekinga og forráðamenn þeirra verður sunnudaginn 8. júní kl. 14-17.**

Þar kynna kennarar og nemendur skólann.

Allir eru hjartanlega velkomnir.

Nemendur velja um tvær meginnámsbrautir með fjölbreyttum kjörsviðum:

**Málabraut**  
2 nýmáladeildir  
2 formáladeildir

**Náttúrufræðibraut**  
2 eðlisfræðideildir  
2 náttúrufræðideildir

# Paul Simon kemur

„Já, nú hef ég náð samningum við alla. Paul Simon virðist vilja koma til landsins og tónleikarnir verða í Laugardalshöll 1. júlí næstkomandi,“ segir Guðbjartur Finnbjörnsson tónleikahaldari.

Fréttablaðið greindi frá því fyrir skömmu að allt stefndi í að Paul Simon kæmi ekki til tónleikahalds vegna dræmrar miðasölu. Guðbjartur gerði Paul Simon og hans mönnum grein fyrir því að erfitt væri að selja miða, bæði vegna gengisfalls og mikillar sam-

keppni við tónlistarmenn á hans reki svo sem Clapton, Dylan og Fogerty. Boltinn var hjá Simon sem nú hefur kveðið upp úr um að til Íslands vilji hann þrátt fyrir erfitt árfæri.

„Ég er búinn að endursemjja við þá sem að þessu koma með tilliti til þess að ekki munu mæta eins margir og búast hefði mátt við í fyrstu,“ Guðbjartur sem ekki vill aðspurður gefa upp hversu margir miðar hafa selst. „Ekkert nóg. En slatti. Þetta er dýr listamaður og dýrt í kringum hann. Þetta er stór hópur sem fylgir honum. Þetta er náttúrulega frábær tónlistarmaður. Ef ég þarf ekki að borga mikið með þessu og allir sáttir – þá verð ég ánægður.“



**PAUL SIMON**  
Vill ólmur koma til landsins þó stefni í að ekki seljist eins mikið af miðum á hann og vonir stóðu til um.

**GUÐBJARTUR FINNBJÖRNSSON** Er búinn að endursemjja við þá sem að tónleikunum koma og vonast nú til að sleppa lífandi frá þeim fjárhagslega.



# LOKAHELGI

Þú tekur **4** flíkur en  
borgar aðeins fyrir **2!**

**- á 40% afslætti!**

Útsölumarkaður Skeifunni 17

Opið fim. - Lau: 12 - 18 · Sun: 13 - 17

NOA<sup>®</sup>  
NOA

# 130 kettir í óskilum í Kattholti

130 kettir eru nú í óskilum í Kattholti. Ef að líkum lætur verða þrjátíu þeirra svæfðir. Inni í þessari tölu er ekki sá fjöldi kettlinga sem nú eru í umsjá Kattholts.

Sigríður Heiðberg, formaður Kattholts, segist hafa fundið fyrir miklum stuðningi í kjölfar fréttar Fréttablaðsins um óskilakettina í gær. „Þetta er mjög viðkvæmt mál eins og gefur að skilja, fólk vill koma og fá kisu en sumir nýta sér líka tækifærið og skilja kisu eftir hérna hjá okkur. En það er gott að finna fyrir því hversu margir styðja við bakið á okkur,“ segir Sigríður. Í vikunni var læða skilin eftir fyrir framan Kattholt í pappakassa með vélrituðu blaði um helstu upplýsingar. Kettlingarnir



**SKELFILEGT ÁSTAND** Sigríður Heiðberg segist hafa fundið fyrir miklum stuðningi í kjölfar fréttar Fréttablaðsins af köttum í óskilum.

ir sem prýddu forsíðu blaðsins í gær snertu viðkvæma strengi hjá mörgum en þeir fundust úti í garði við Laufásveg í Reykjavík

29. maí síðastliðinn. Læknir Kattholts svæfði móðurina skömmu síðar en kettlingarnir dafna vel. „Það var mjög sorglegt að þurfa að láta svæfa móður þeirra. Það er von okkar að þeir komist á góð heimili,“ skrifði Sigríður á heimasíðu Kattholts.

Sigríður hafði verið upptekin í allan gærdag þegar Fréttablaðið hafði samband en tölvupósturinn flæddi inn á pósthólf hennar þar sem fólk vildi fá frekari upplýsingar um stöðu óskilakatta. Sigríður hafði hins vegar ekkert heyrt frá ráðamönnum borgarinnar en Gísli Marteinn Baldursson, formaður umhverfisráðs Reykjavíkur, sagðist ætla að skoða málefni Kattholts og óskilakattanna í samtali við Fréttablaðið í gær.

**SKYLDUÁHORF FYRIR ALLA SEM HAFA GAMAN AF HRADA, BÍLUM OG TÆKNI.**

ATH. Leyfið öllum aldurshópum

ÁLFABAKKA				SELFLOSS			
SPEED RACER	kl. 2D-5D-8-10:50	L		SPEED RACER	kl. 2-5:15-8	L	
SPEED RACER	kl. 2-5	VIP		WHAT HAPPENS IN VEGAS	kl. 6	L	
FORBIDDEN KINGDOM	kl. 3-5:30-8-10:30	12		NEVER BACK DOWN	kl. 8	14	
INDIANA JONES 4	kl. 3-5:30-8D-10:40D	12		PROM NIGHT	kl. 10:45	16	
INDIANA JONES 4	kl. 8-10:40	VIP		THE HUNTING PARTY	kl. 10:20	12	
LOVE IN TIME OF CHOLERA	kl. 5:30-8:15	7		<b>AKUREYRI</b>			
NEVER BACK DOWN	kl. 10:40	14		SPEED RACER	kl. 2-5-8	L	
IRON MAN	kl. 3-5:30-8-10:30	12		IN THE VALLEY OF ELAH	kl. 10:30	16	
NIM'S ISLAND	kl. 3	L		NIM'S ISLAND	kl. 2-4	12	
<b>KRINGLUNNI</b>				FORBIDDEN KINGDOM	kl. 8-10:10	16	
SEX AND THE CITY	kl. 2-5-8-10:50	14		<b>KEFLAVÍK</b>			
SPEED RACER	DIGITAL			ZOHAN	kl. 2-5:30-8-10:20	10	
INDIANA JONES 4	kl. 1:30-4-6:30-9	12		SPEED RACER	kl. 2-5-8	L	
<b>SparBíó 550kr</b>				SEX AND THE CITY	kl. 11:00	14	

A ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MED APPELSINGULU

**NÝTT Í BÍÓ!**

Frá höfundum MATRIX kemur einhver hraðasta mynd síðari ára.

**HANN BLÆS ÞIG Í DRASLI!**

**FRÁBÆR SPENNUMYND!**

Ótrúlegar ástundbreiður sem eru óþetta á milli í fjölbreyttum, unga sem eldri.

Adam Sandler  
**ZOHAN**

88 MINUTES

★★★★★ K.H., DV	★★★★★ 24 stundir	★★★★★ - P.P., DV	★★★★★ - V.J.V., Topp5.is/FBL
★★★★★ - J.L.S., film.is	★★★★★ - S.V., MBL	★★★★★ - P.P., DV	★★★★★ - V.J.V., Topp5.is/FBL
★★★★★ - J.L.S., film.is	★★★★★ - S.V., MBL	★★★★★ - P.P., DV	★★★★★ - V.J.V., Topp5.is/FBL
★★★★★ - J.L.S., film.is	★★★★★ - S.V., MBL	★★★★★ - P.P., DV	★★★★★ - V.J.V., Topp5.is/FBL

SMÁRABÍÓ	REGNBÖGINN
ZOHAN kl. 1-3:20-5:40-8-10:30 10	88 MINUTES kl. 3-5:40-8-10:20 16
ZOHAN LÚXUS kl. 1-3:20-5:40-8-10:30	FORBIDDEN KINGDOM kl. 3-5:30-8-10:30 12
SEX AND THE CITY kl. 1-5-8-11 14	KICKIN IT OLD SKOOL kl. 3-8 7
INDIANA JONES 4 kl. 2:30-5:20-8-10:40 12	HAROLD & KUMAR ESCAPE FROM GH kl. 3-8-10:15 12
PROM NIGHT kl. 10:15 14	WHAT HAPPENS IN VEGAS kl. 5:45-10:20
WHAT HAPPENS IN VEGAS kl. 3:30-5:45-8	BRÜÐGUMINN kl. 6 ENSKUR TEXTI 7
HORTON kl. 1 ISLENSKT TAL	
BUBBI BYGGIR Í VILLTA VESTRIM kl. 1 ISLENSKT TAL	

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIDANN Á [midi.is](http://midi.is)

**Nýtt í bíó**

LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

HANN BLÆS ÞIG Í DRASLI!

Adam Sandler  
**ZOHAN**

88 MINUTES

STELPURNAR ERU MÆTTAR Á HVÍTALJADIÐ

★★★★★  
- K.H., DV

LAUGARÁS BÍÓ - SÝNINGARTÍMAR	
ZOHAN	kl. 2, 4:30, 8 og 10:10 10
SEX AND THE CITY	kl. 4, 7 og 10:10 14
INDIANA JONES 4	kl. 2, 4:30, 7 og 10 12
SPIDERWICK CHRONICLES	kl. 2 12

# 298 strákar og tvær stelpur

Um þrjú hundruð manns keppa í tölvuleikjum á gríðarstóru lanmóti sem haldið er í Egilshöll um helgina.



**LEIKJAPARTÍ** Pétur Geir Grétarsson og aðrir aðstandendur lanmótsins í Egilshöll reyna að gefa sem flestum tækifæri á að spila sem mest.

„Það eru töluvert fleiri en í fyrra,“ segir Pétur Geir Grétarsson, einn aðstandenda risastórs lanmóts í Egilshöll um helgina. Þeir hafa áður staðið fyrir lanmóti á borð við þetta í Egilshöll, auk móts sem haldið var í Háskólanum í Reykjavík. „Þetta er að okkar frumkvæði, en tölvuverslunin Kísildalur er aðalstyrktaraðilinn okkar núna, enda heitir mótið Kísildalur Open. Mótin sem við höfum haldið áður fóru á besta veg og við höfum líka reynslu af svona mótum sjálfir,“ segir Pétur.

Aðallega verður keppt í tölvuleikjunum Counter Strike og Call Of Duty. „Við erum með tíu lið skráð í Call of Duty, og fjörutíu í Counter Strike, sem er einna vinsælasti leikurinn. Keppnin er í raun mjög stór. Það eru riðlar, milliriðlar og útsláttarkeppni. Sömuleiðis erum við með „best of the worst“-keppni. Þau lið sem ekki komast upp úr riðlunum keppa sín á milli,“ útskýrir Pétur. „Það verður alls ekki þannig að fólk þurfi bara að fara heim ef

það kemst ekki áfram. Við reynum að leyfa öllum að spila sem mest, og erum til dæmis með leikjapartí líka. Þar spilum við bara það sem okkur dettur í hug,“ útskýrir hann.

Spurður hvort fólk flytji hreinlega inn í Egilshöllina á meðan á móti stendur segir Pétur allan gang á því. „Það er gistiheimili í höllinni sem er með sérstakt tilbod fyrir gesti. Svo eru margir sem sofa bókstaflega undir borðum, og einhverjir fara jafnvel út í

það að vaka alla helgina,“ segir hann.

Sú mynd vill loða við tölvuleikjamót af þessum toga að þar séu aðallega á ferðinni unglingsstrákar. Pétur segir Kísildalur Open-mótið gera lítið til að breyta þeirri mynd. „Ég held að ég hafi tekið eftir tveimur stelpum í skráningunni. 298 strákar og tvær stelpur. Fínt hlutfall,“ segir hann og hlær við.

Lanmótinu lýkur á morgun. [sunna@frettabladid.is](http://sunna@frettabladid.is)

**TILBOÐSVERÐ** SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ BORGARABÍÓ

KL.1 SMÁRABÍÓ	KL.1 SMÁRABÍÓ	KL.3 HÁSKÓLABÍÓ	KL.3 HÁSKÓLABÍÓ	KL.1 SMÁRABÍÓ	KL.1 SMÁRABÍÓ
KL.3 HÁSKÓLABÍÓ	KL.3 HÁSKÓLABÍÓ	KL.3 BORGARABÍÓ	KL.1 SMÁRABÍÓ	KL.3 HÁSKÓLABÍÓ	KL.3 HÁSKÓLABÍÓ

Sími: 553 2075 - bara lúxus

**Ódýrt í bíó**

ATH. SYND KL.2

HANN BLÆS ÞIG Í DRASLI!

Adam Sandler  
**ZOHAN**

88 MINUTES

500kr. á fyrstu sýningar dagsins

**SparBíó 550kr**

laugardag og sunnudag

SAMbio.is SAMBÍÓN

REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFLOSS

SPEED RACER kl. 2 í Álf., kl. 2 í Krínglunni, kl. 2 á sel., 2 á ak., og kl. 2 í kef.	FORBIDDEN KINGDOM kl. 3 í Álfabakka	SEX AND THE CITY kl. 2 í Krínglunni	Indiana Jones 4 kl. 3 í Álfabakka og kl. 1:30 í Krínglunni	IRON MAN kl. 3 í Álfabakka	NIMS ISLAND kl. 2 á Akureyri
--	-------------------------------------	-------------------------------------	--	----------------------------	------------------------------



REYKJAVÍK LOOKS Saga og Elísabet Alma mynda tiskutöfara á götum Reykjavíkur í sumar. MYND/ELLI

## Mynda flotta fólkið í sumar

„Það er ekkert eitt sem einkennir íslenska götutísku, heldur er bara ótrúlega mikið af flottu fólki og flottum íslenskum hönnuðum,“ segir Elísabet Alma Svendsen. Hún vinnur nú ásamt Sögu Sigurðardóttur að því að ná götutísku Reykjavíkinga á filmu. Þær byrjuðu á því 2006 en með hjálp Hins hússins geta þær nú eflt heimasíðuna og bætt inn greinum og viðtölum við hönnuði. Elísabet segir fólk jákvætt gagnvart því að láta ljósmyndu sig og mikinn áhuga á síðunni, reykjaviklooks.blogspot.com, sérstaklega meðal erlendra vafrara. Reykjavik Looks er aðeins einn fjölmargra hópa sem auðga borgina í sumar í boði Hins hússins, en Föstudags fiðrildi byrjar á föstudaginn. Í sumar mega gangandi vegfarendur sem sagt eiga von á myndatöku, séu þeir flöttir í tauinu. - kbs

## Halda áfram

„Pop up“ verslunin E-Label, sem venjulega er einungis til á netinu, hefur slegið í gegn. Verslunin er á Laugavegi 25 og stóð til að hún yrði einungis opin fram að helgi. Vegna mikilla vinsælda verður verslunin opin áfram, en ekki er ljóst hversu lengi. - kbs



25-80%  
afsláttur

Vönduð evrópsk hágæðahönnun á ótrúlega hagstæðu verði. - Gerðu góð kaup hjá okkur!


Opið:

Mánudaga - föstudaga kl. 10 - 18

Laugardaga kl. 11 - 16

**mubla**

nýbýlavegi 18 - 200 kópavogi - sími 517 2100 - www.mubla.is



KOMIN Í BÍÓ

**MISS SIXTY**  
IS IN THE CITY!!!

VIÐ BJÓÐUM **20% AFSLÁTT** AF ÖLLUM GALLABUXUM Í DAG LAUGARDAGINN 7.JÚNÍ.

FÁÐU ÞÉR MISS SIXTY GALLABUXUR OG VIÐ GEFUM ÞÉR MIÐA Á MYNDINA SEX AND THE CITY. GILDIR MEÐAN MIÐAR ENDAST



VERÐUM MEÐ TÍSKUSÝNINGU Í KRINGLUNNI Í DAG LAUGARDAGINN 7.JÚNÍ KL. 16

**MISS SIXTY**  
KRINGLUNNI

## > Stórleikir í Landsbankadeild kvenna

5. umferð Landsbankadeildar kvenna í fótbolta fer fram í dag. Valur og KR eru á toppi deildarinnar með fullt hús stiga eftir fjórar umferðir. Valur mætir Keflavík á útivelli en KR lenti einmitt í miklum erfiðleikum þar í 1. umferðinni. KR fær Stjörnuna í heimsókn en Stjörustúlkur eru í þriðja sæti deildarinnar sem stendur. Þór/KA hefur bitíð hressilega frá sér eftir stórt tap gegn Val í 1. umferð og mætir Fjölni á útivelli. Þá mæta nýliðar Aftureldingar liði HK/Víkings og Breiðablik fær Fylki í heimsókn. Allir leikirnir fara fram kl. 14.00.

**sport**  
sport@frettabladid.is



## HANDKNATTLEIKSKONAN HRAFNHILDUR SKÚLADÓTTIR: LEIKUR SINN 100. LANDSLEIK FYRIR ÍSLAND HÖND Í DAG

# Hugur í okkur að klára verkefnið með sæmd

Ísland mætir Rúmeníu á útivelli í dag kl. 16.00 í seinni leik liðanna í undankeppni EM í handbolta kvenna en Rúmenía vann fyrri leikinn með talsverðum yfirburðum, 23-37, í Laugardalshöll. Landsliðskonan Hrafnhildur Skúladóttir, sem leikur með SK Árhús í Danmörku, nær merkum áfanga í leiknum en hún leikur sinn 100. landsleik fyrir Íslands hönd í dag.

„Þetta leggst ágætlega í mig og það er mjög gaman að mæta jafn sterku liði og Rúmenía er. Þær eru þrælgóðar og lentu í fjórða sæti á HM í desember á síðasta ári og það er ekki á hverjum degi sem maður fær tækifæri til þess að spila við topp-fjögur þjóð í heiminum,“ sagði Hrafnhildur sem kvað góða stemningu í íslenska liðinu fyrir leiknum.

„Það er hugur í íslenska landsliðshópnum að gera betur en síðast og klára þetta verkefni með sæmd,“ sagði Hrafnhildur sem kvað íslenska liðið geta tekið margt jákvætt út úr



fyrri leik liðanna þrátt fyrir fjórtán marka tap.

„Fyrri hálfleikurinn í leiknum í Laugardalshöll var mjög slakur af okkar hálfu og það var auðvitað ekki gott að vera þrettán mörkum undir í hálfleik. Við náðum hins vegar að halda betur í við þær í síðari hálfleik og við verðum bara að halda því áfram sem frá var horfið þar. Það er margt jákvætt sem við getum tekið með okkur úr þessum seinni hálfleik og við verðum bara að gera það,“ sagði Hrafnhildur sem telur möguleika Íslands í seinni leiknum í Rúmeníu fyrst og fremst liggja í góðum varnarleik.

„Möguleikarnir okkar eru ekkert í sóknarleiknum á móti svona sterku liði, heldur þurfum við að verjast af grimmd og spila geðveika vörn. Góður varnarleikur gæti þannig gefið okkur möguleikann á hraðauppflaupum sem við verðum að keyra og nýta til þess að fá auðveld mörk. Þar liggur okkar helsti möguleiki á sigri,“ sagði Hrafnhildur.



**MYNDARLEGAR** Sigurvegarinn er hér í miðjunni með stóllum sínum frá Tyrklandi til vinstri og þeirri grísku til hægri.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Nýbreytni fyrir EM:

## Tékknesk feður

**EM 2008** Í ár var brugðið á þá nýbreytni að halda feðurarsamkeppni milli þeirra þjóða sem taka þátt í EM í ár. Keppnin var haldin í Þýskalandi og þótti sú frá Tékklandi fegurst fljóða. Grískir keppandinn lenti í öðru sæti og sá tyrkneski í því þriðja.

- hph

Evrópumótsveislan hefst í dag þegar Sviss mætir Tékkum áður en Portúgal og Tyrkland leika um kvöldið:

# Blásið til 23 daga fótoltaveislu í dag

**EM 2008** Roberto Rosetti dómari blæs til 23 daga fótoltaveislu klukkan 16 í dag þegar heimabjóðin Sviss mætir Tékkum í opunarleik Evrópumótsins. Síðar um kvöldið mætast Portúgal og Tyrkland.

„Leikmenn okkar hafa þroskast frá því á Heimsmeistaramótinu,“ sagði Alexandre Frei, fyrirlíði Sviss, sem vann sinn riðil á HM 2006. Svisslendingar töpuðu fyrir Úkraínu í vítaspyrnukeppni í 16-liða úrslitunum. „Ég hef trú á liðinu og ég veit að okkur hungur í árangur. Við viljum skrá okkur í sögubækurnar og nú eigum við möguleika á því í heimalandinu,“ bætti Frei við en þetta er fyrsta EM Svisslendinga.

Tékkar voru í úrslitunum 1996 og undanúrslitunum 2004 en eftir að Karel Poborsky og Pavel Nedved hættu, auk meiðsla fyrirlíðans Tomasar Rosicky, efast margir um getu Tékkna. Enginn ætti þó að afskrifa liðið. „Ég veit ekki af hverju fólk segir að við séum ekki jafn góðir og við vorum. Við höfum komist á þrjú síðustu stórmót, það sannar styrk okkar og við munum sanna hann enn á EM 2008,“ sagði David Jarolim, miðjumaður.

Vökul auga knattspyrnuá hugamanna um allan heim verða eflaust flest á Cristiano Ronaldo. Hann hefur rætt um möguleg skipti sín yfir til Real Madrid rétt fram að móti en lofar að einbeita sér að landsliðinu í júní. Það er eins gott því Portúgalar eru í erfiðum riðli.



**SÍÐASTA ÆFING** Karel Bruckner horfir hér á lærisveina sína frá Tékklandi á æfingu í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Luis Felipe Scolari veit að engan andstæðing má vanmeta en hann leggur traust sitt eðlilega á Ronaldo. „Hann er ungur leikmaður sem hefur farið í stórbrotna för í gegnum líf sitt til þessa. Í dag er hann miðpunktur liðsins okkar,“ sagði Scolari.

Margir hafa bent á að Portúgala skorti hreinræktaðan sóknarmann en Scolari blæs á að markaskorun verði vandamál. „Við höfum marga gæðaleikmenn innan okkar raða, leikmenn um allan völl sem geta skorað,“ sagði þjálfarinn.

Nihat Kahveci, leikmaðurinn sem Tyrkir treysta hvað mest á, segir að hver leikur sé eins og úrslitaleikur fyrir sína menn. „Við þurfum að spila þetta að okkar hætti. Við virðum Portúgala, þeir hafa frábært lið, en við höfum góða leikmenn hjá okkur líka,“ sagði Kahveci.

- hph

**VIÐ ELSKUM FÓTBOLTA**

**Landsbankinn**

6. umferð				
Landsbankadeild karla				
sun. 8. júní	FH	14:00	Fjölnir	
sun. 8. júní	Fram	14:00	Grindavík	
sun. 8. júní	HK	14:00	ÍA	
sun. 8. júní	Valur	14:00	Breiðablik	
sun. 8. júní	Keflavík	14:00	KR	
5. umferð				
Landsbankadeild kvenna				
lau. 7. júní	Fjölnir	14:00	Þór/KA	
lau. 7. júní	Keflavík	14:00	Valur	
lau. 7. júní	Afturelding	14:00	HK/Vikingur	
lau. 7. júní	KR	14:00	Stjarnan	
lau. 7. júní	Breiðablik	14:00	Fylkir	

Landsbankinn býður 16 ára og yngri á völinn. Sækja þarf boðsmiðann í næsta útibú Landsbankans.

LANDSBANKAÐEILDIN



**MIKIL GÆSLA** Óeirðalögreglan verður alltaf til taks.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Öryggisgæslan á EM:

## Lögreglan sendi bullum bréf

**EM 2008** Svissneska lögreglan brá á það ráð að senda þekktum knattspyrnubullum bréf þar sem þær voru vinsamlegast beðnar um að halda sér frá mótinu í Sviss og Austurríki. „Kæri herrafrú bulla“ byrjar bréfið sem sent var til yfir 300 manns.

Lögreglan hefur gefið út að ekkert ofbeldi verði liðið en sérstök fangelsi hafa verið byggð til bráðabirgða til að hýsa þá sem verða handteknir vegna óláta. - hph



**GLÆSILEGT** Hótel Portúgala er eitt af þeim bestu í heimi.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Væsir ekki um stjörnurnar:

## Lúxus á liðunum

**EM 2008** Flest bestu hótel Sviss og Austurríkis hafa verið hertekin af keppnisliðunum sextán og öllu því hafurtaski sem þeim fylgja. Portúgalar gista á Beau-Rivage sem er fimm stjörnu hótél með útsýni yfir Neuchatel-vatn og Frakkar gista á Le Mirador Kempinski á svissnesku Rívierunni með útsýni yfir Genfarvatn og frönsku Alpana.

- hph





**EFTIRSÓTTUR** Arnór Guðjohnsen staðfesti í gær að enskt lið hefði mikinn áhuga á Eiði Smára. NORDIC PHOTOS/GETTY

## Eiður Smári Guðjohnsen: Enn orðaður við ensk lið

**FÓTBOLTI** Eiður Smári Guðjohnsen var í gær enn og aftur orðaður við endurkomu í ensku úrvalsdeildina í breskum fjölmiðlum en þar eru Newcastle og West Ham sérstaklega nefnd í því samhengi. Arnór Guðjohnsen, faðir og umboðsmaður Eiðs Smára, staðfesti áhuga frá Englandi á BBC í gær. „Eitt úrvalsdeildarfélag hefur sýnt Eiði Smára sérstaklega mikinn áhuga og hann myndi klárlega skoða möguleikann á því að snúa aftur til Englands og spila í ensku úrvalsdeildinni,“ sagði Arnór. „Hann á hins vegar enn tvö ár eftir af samningi sínum við Barcelona og þó svo að tækifæri hans með liðinu hafi verið af skörum skammti á síðustu leiktíð þá liður honum og fjölskyldu hans vel í Barcelona. Hann mun því ekki rjúka til og taka neina skyndiákvörðun um framhaldið,“ sagði Arnór. - óþ



**ERFIÐUR BOLTI** Lehmann hélt þessum bolta úti. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

## EM-boltinn veldur fjaðrafoki: Markmenn hafa áhyggjur

**EM 2008** Á Evrópumótinu verður notaður nýr bolti frá Adidas sem hefur valdið markmönnum þungum áhyggjum. „Á mótinu verða skoruð mörk sem myndu ekki sjást í öðrum keppnum. Hann breytir stöðugt um stefnu og til að lenda ekki í vandræðum er öruggast að kýla boltann í burtu,“ sagði Þjóðverjinn Jens Lehmann og hafa fleiri markmenn tekið undir þetta. - hþh



**EYJAMENN** eru einir á toppnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## 1. deild karla í knattspyrnu: Eyjamenn með fullt hús stiga

**FÓTBOLTI** ÍBV er eina liðið með fullt hús stiga eftir fimm umferðir í 1. deild karla. Þeir unnu Fjarðabyggð örugglega 3-0 á heimavelli sínum í gær. Stjórnnumenn unnu góðan sigur á Þór á Akureyri, 3-0 og Leiknir Reykjavík og Víkingur frá Ólafsvík gerðu markalaust jafntefli í Breiðholtinu. Njarðvíkingar unnu KA 1-0 á heimavelli sínum og KS/Leiftur náði stigi gegn Víkingi R. á Siglufirði. Þá unnu Selfyssingar 3-1 sigur á Haukum og eru í öðru sætinu, tveimur stigum á eftir ÍBV. - hþh

Ísland á fjóra keppendur á NM í fjölþrautum í Finnlandi um helgina og þrjú unnu silfur á mótinu í fyrra:

# Eiga góða möguleika á verðlaunum

**FRJÁLSAR ÍPRÓTTIR** Ísland mun eiga fjóra keppendur í Norðurlanda-meistaramóti unglunga í fjölþrautum sem fer fram í Jyväskylä í Finnlandi um helgina og búist er við góðum árangri enda hafa þessir krakkar staðið sig vel á þessu móti undanfarin ár.

Krakkarnir koma úr fjórum félögum en þau eru Einar Daði Lárusson úr ÍR, Sveinn Elías Elíasson úr Fjölni, Guðrún María Pétursdóttir, Ármanni og Helga Margrét Þorsteinsdóttir, Breiðabliki.

Þau Einar Daði, Sveinn Elías og Helga Margrét unnu öll til silfurverðlauna í sínum aldursflokkum á þessu móti í fyrra, en þá keppti Einar Daði í flokki 17 ára og yngri,



**FJÖGUR GÓÐ SAMAN** Sveinn Elías Elíasson, Helga Margrét Þorsteinsdóttir, Guðrún María Pétursdóttir og Einar Daði Lárusson. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

en þau Sveinn og Helga keppa aftur í sömu aldursflokkum núna. Á mótinu er keppt í þremur aldursflokkum, 17 ára og yngri, 18-19 ára og 20-22 ára.

„Þrjú af þessum fjórum sem fara eiga mjög góða möguleika á að komast á pall eða sigra. Einar Daði, Sveinn og Helga unnu öll silfur í fyrra og árið þar á undan þá vann Sveinn sinn flokk og Einar varð í þriðja sæti. Þeir voru hvor í sínum flokkum í fyrra og voru þá báðir hársbreidd frá því að vinna,“ sagði Þráinn Hafsteinnsson, annar þjálfari krakkanna en þessu sinni munu þeir félagar keppa innbyrðis og því verður Íslendingaslagur um gullið í ár. - óþ

fótbolti **Coke** megin í lífinu™

Coca-Cola, Coke, the Coke side of life and the Coca-Cola contour bottle are trademarks of The Coca-Cola Company. © 2005 The Coca-Cola Company.

**Coca-Cola** EURO2008

# Þjóðverjar verða Evrópumeistarar 2008

Fréttablaðið fékk þjálfarana tólf í Landsbankadeild karla til þess að spá fyrir um þróun mála á Evrópumótinu í knattspyrnu í Sviss og Austurríki sem hefst í dag. Þjálfarnir spá sex þjóðum titlinum og flestir telja þeir að rússneska liðið komi mest á óvart.

**FÓTBOLTI** Evrópumót landsliða hefst í dag með opunarleik Svisslendinga og Tékkka í Basel og það er óhætt að segja að mikil eftirvænting sé í knattspyrnuáhugamönnum eins og jafnan þegar svo stutt er í stórmót. Þjálfarnir í Landsbankadeild karla hafa í nógu að snúast við að hugsa um sín lið en þeir gáfu sér þó tíma til þess að svara nokkrum spurningum fyrir Fréttablaðið um EM 2008.

Það má sjá á svörum þjálfaranna að það eru margar þjóðir sem hafa að þeirra mati getu og burði til þess að fara alla leið og fagna Evrópumeistaratitlinum á Ernst Happel-leikvanginum í Vín 29. júní næstkomandi.

Það verður rosaleg spennan í kringum alla leiki í c-riðlinum sem er sannkallaður dauðariðill. Þar eru heimsmeistarar Ítala, silfurlið Frakka frá síðustu HM og svo Hollendingar sem eru öll Evrópumeistarakandidatar að mati íslensku þjálfaranna. Rúmenar eru síðan fjórða liðið en þeir stóðu sig mjög vel í undankeppninni, unnu sinn riðil og eru með á stórmóti í fyrsta sinn síðan árið 2000.

Það bætir síðan enn meira á spennuna að Frakkar og Ítalar voru saman í riðli í undankeppn-



TÓLF ÁR SÍÐAN Þýskaland varð síðast Evrópumeistari árið 1996 en hefur ekki unnið leik í úrslitakeppni EM síðan. NORDICPHOTOS/GETTY

inni sem og Hollendingar og Rúmenar og þá er enginn búinn að gleyma úrslitaleik HM fyrir tveimur árum þar sem Ítalar unnu Frakka í vítakeppni. Allir spá þjálfarnir að Rúmenía sitji eftir

eftir riðlakeppnina en Holland fékk flest atkvæði af hinum þremur eða tveimur fleiri en Ítalar.

Grikkir komu mjög á óvart með því að vinna Evrópumeistaratitlinn fyrir fjórum árum en þjálfarar Landsbankadeildarinnar hafa

ekki mikla trú á þeim í ár. Aðeins einn þjálfari telur að Grikkir komist upp úr riðlinum þrátt fyrir að Grikkir hafi náð flestum stigum í undankeppninni. Það býst við enginn við framhaldi af Óskubuskuævintýrinu frá því í Portúgal fyrir fjórum árum.

Svíar og Rússar gætu sett sinn svip á keppnina ef marka má svör

## HVERJIR KOMAST Í ÚRSLITALEIKINN?

Þýskaland	7 atkvæði
Portúgal	4 atkvæði
Ítalía	3 atkvæði
Spánn	3 atkvæði
Frakkland	3 atkvæði
Holland	3 atkvæði
Tékkland	1 atkvæði
Rússland	1 atkvæði

## HVAÐA LIÐ KEMUR MEST Á ÓVART Á EM 2008?

Rússland	5 atkvæði
Svíþjóð	3 atkvæði
Portúgal	1 atkvæði
Tyrkland	1 atkvæði
Svíss	1 atkvæði
Tékkland	1 atkvæði
Pólland	1 atkvæði

## HVERJIR VERÐA EVRÓPU-MEISTARAR?

Þýskaland	4 atkvæði
Holland	3 atkvæði
Spánn	2 atkvæði
Ítalía	1 atkvæði
Frakkland	1 atkvæði
Portúgal	1 atkvæði

## HVAÐA ÞJÓÐIR SITJA EFTIR Í DAUÐARIÐLINUM?

Rúmenía	12 atkvæði
Holland	6 atkvæði
Ítalía	4 atkvæði
Frakkland	2 atkvæði

## HVERJIR VERÐA EVRÓPU-MEISTARAR 2008:

Heimir Guðjónsson, FH	Spánn
Kristján Guðmundss., Kef.	Þýskaland
Ásmundur Arnarsson, Fjölni	Ítalía
Þorvaldur Örylgsson, Fram	Portúgal
Leifur Garðarsson, Fylki	Holland
Ólafur H. Kristjánss., Breiðab.	Spánn
Gunnar Oddss., Þróttur R.	Þýskaland
Logi Ólafsson, KR	Frakkland
Willum Þór Þórsson, Val	Holland
Guðjón Þórðarson, ÍA	Þýskaland
Milan S. Jankovic, Grindav.	Holland
Gunnar Guðmundsson, HK	Þýskaland

þjálfaranna því flestir spá því að þessar þjóðir komi mest á óvart í keppninni. Rússar fá þó fleiri atkvæði og það væri þá ekki í fyrsta sinn sem lið Guus Hiddink slægi í gegn á stórmóti.

Þjálfarnir spá samtals átta þjóðum af sextán inn í úrslitaleik keppinnar en Þjóðverjar og Portúgalar fá þar flest atkvæði.

Lokaspurningin og sú stærsta var síðan um hvaða þjóð yrði Evrópumeistari. Þjálfarnir hafa mikla trú á Þýskalandi í ár. Þjóðverjum hefur ekki gengið vel á síðustu tveimur Evrópukeppnum (síðasti sigurleikur Þjóðverja í lokakeppni EM er úrslitaleikurinn 1996) en þjálfarnir telja að nú verði breyting á. Þýskaland fékk þar fjögur atkvæði, Hollendingar komu næstir með þrjú atkvæði og Spánverjar fá síðan atkvæði frá tveimur þjálfurum. [ooj@frettabladid.is](mailto:ooj@frettabladid.is)

## HVERNIG GENGUR EM-MEISTURUM GRIKKJA?

Sitja eftir í riðlakeppni	11 atkvæði
Komast í átta liða úrslit	1 atkvæði

[www.toyota.is](http://www.toyota.is)



**Toyota Kópavogi** opnar nýja aukahlutaverslun og glæsilegan sýningarsal fyrir atvinnubíla.

Við munum kynna nýjan **Dyna** vörubíl, Yaris með vsk.breytingu, ásamt Hiace og Hilux.

Við bjóðum upp á 3 mismunandi verkfærapakka frá **DeWALT** með hverjum seldum bíl að verðmæti **230.000 kr.**

**DEWALT**  
SINDRI



TODAY TOMORROW **TOYOTA**

Toyota Kópavogi  
Nýbýlavegi 6  
Kópavogur  
Sími: 570-5070

Óvíst er hvort Rúnar Sigtryggsson þjálfari Akureyri á næsta tímabili:

## Ekki boðlegt að nota einkabíla

**HANDBOLTI** Akureyri handboltafélag hyggst leysa úr fjárhagsvanda sínum með því að sníða sér stakk eftir vexti. Auglýsingatekjur fara að stærstum hluta í að borga niður háa skuld félagsins en búið er að gera upp við alla leikmenn sem áttu inni laun. Fjárhagsvandinn tekur sinn toll.

Óvíst er hvort Rúnar Sigtryggsson þjálfari liðið áfram. „Það er ekki víst að ég þjálfari og það er óvíst hverjir spila. Það er verið að vinna að þessu en það gengur hægt og áður en kemur að því að ræða þetta þarf að taka á þessum fjárhagsvanda. Það tekur sinn tíma og við vitum á hverju það bitnar. Menn hafa ekki endalausa þolinmæði til að bíða og Sveinbjörn markmaður og Ásbjörn eru þegar farnir,“ sagði Rúnar við Fréttablaðið í gær.

Ferðakostnaður er einn stærsti kostnaður deildarinnar. Hann var sjö til átta milljónir á síðasta tímabili en keyrt var með rútu í alla deildarleikina með karla- og kvennaliðið. Hann minnkar nú þar sem kvennaliðið spilar undir merkjum KA en Hannes Karlsson, formaður Akureyrar handboltafélags, segir að allra leiða verði leitað til að lækka ferðakostnaðinn. „Mark-

miðið næsta vetur er að halda honum í algjöru lágmarki. Ódýrasta leiðin er að nota einkabíla og eins og staðan er núna stefnir allt í það. Leikmenn þurfa þó ekki að keyra sjálfir,“ sagði Hannes en í síðustu umferðunum í vor keyrðu leikmenn á einkabílum suður.

Rúnar er eðlilega ósáttur við ástandið. „Það er ekki ásættanlegt að keyra þetta á einkabílum. Tekjurnar eru nægar en það hefur ekki verið spilað rétt úr hlutunum. Skuldin er þessi,“ sagði Rúnar sem er ekki í vafa um á hverju þetta kemur mest niður.

„Það eru gæði liðsins sem verða verst úti, þau minnka til muna,“ segir Rúnar sem hefur meiri áhyggjur en Hannes. „Handboltans vegna veldur þetta mér áhyggjum og persónulega er leiðinlegt hvernig þetta er orðið. Þetta er ekki í mínum höndum eða leikmanna heldur félaganna. Ef þú ætlar að ná árangri þarf að vanda til varðandi ferðamáta og umgjörð. Það er ekki síður mikilvægt en annað. Við erum eina landsbyggðarlíði sem er eftir í úrvalsdeildinni og ef þessir menn ætla að gera það þá verðum við ekki í þessu mikið lengur,“ segir Rúnar.



**BREYTINGAR** Miklar breytingar verða á leikmannahópi Akureyrar. Einar Logi Friðjónsson er á förum og gæti hann farið til útlanda. Magnús Stefánsson mun einnig yfirgefa Akureyri.

FRÉTTABLAÐIÐ/PEDROMYNDIR



**EKKI SÁTTUR** Guðjón Þórðarson er ekki sáttur við bannið sem hann var dæmdur í og segist taka dómnum illa.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Þetta er ofbeldi

Guðjón Þórðarson segist taka leikbanninu sem hann fékk illa. Hann segir dóminn vera klárt ofbeldi sem hafi áhrif á hans lífsafkomu.

**FÓTBOLTI** Eins og kunnugt er var Guðjón Þórðarson, þjálfari Skaganna, dæmdur í eins leiks bann af aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á fimmtudag. Bannið fékk Guðjón vegna ummæla sem hann lét falla eftir leik Keflavíkur og ÍA í lok síðasta mánaðar. Guðjón er fyrsti þjálfarinn í efstu deild sem settur er í leikbann fyrir ummæli.

Guðjón vildi lítið tjá sig um málið á fimmtudag en hann tjáði sig við Fréttablaðið í gær eftir að hafa skoðað dóminn og sofið á málinu.

„Ég tek þessu illa. Þeir tengja ummælin þess utan leiknum en þessi ummæli tengjast ekki leiknum samkvæmt laganna hljóðan. Þar segir að þegar dómari er genginn til búningssklefa er vettvangi lokið,“ sagði Guðjón í gær en hann getur ekki stýrt sínu liði gegn HK á sunnudag.

„Ég má ekki vera í búningssklefanum klukkutíma fyrir leik en má fara inn þegar dómari hefur gengið til klefa. Samkvæmt þessu er ekki rétt að tengja ummæli mín við leikinn því þegar þau féllu hafði ég gengið til klefa líkt og dómari og fer síðan aftur út í viðtöl,“ sagði Guðjón.

EKKI hefur verið tekið nein ákvörðun á Akranesi um hvort þeir fari lengra með málið.

henry@frettabladid.is



## „Heilbrigð efri ár - mikilvægt hagsmunamál!“

„Miklar breytingar hafa átt sér stað á almennri lýðheilsu Íslendinga síðustu áratugi. Ber þá ekki síst að þakka eftirliti með hjarta- og æðasjúkdómum, m.a. með mælingum á blóðþrýstingi og blóðfitu og viðeigandi meðferðarúræðum. Aukin þekking, almenn heilsuefning og það að fylgst er mun fyrr með almennu heilsufari fólks, hefur leitt til þess að hægt hefur verið að koma í veg fyrir eða seinka ýmsum alvarlegum áföllum.

Slíkar forvarnir stuðla ekki einungis að auknu heilbrigði á efri árum heldur einnig meiri lífsgæðum. Meiri þekking, árvekni og fjölbreytilegar meðferðarlausnir gera okkur því kleift að horfa björtum augum til langrar framtíðar án óþarfa kvilla og verkja.“

Anna Birna Jensdóttir, hjúkrunarfræðingur.

**Lyf skipta sköpum!**



## > Will Smith

Smith hefur tvisvar sinnum verið tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrir leik í aðalhlutverki en aldrei hlotið þau. Fyrst árið 2002 fyrir myndina „Ali“ en þar lék hann hnefaleikarann Muhammad Ali. Í seinna skiptið var það fyrir hlutverk í myndinni „The Pursuit of Happiness“ árið 2007. Hann leikur í myndinni Hitch sem sýnd er á Stöð 2 bíó í kvöld.



# dagskrá



## VIÐ TÆKIÐ KAREN D. KJARTANSDÓTTIR VELTIR FYRIR SÉR ÞJÓÐARÍMYND

# Tengsl Íslendinga við náttúrvernd í voða

Íslendingar telja umheiminn sannfærðan um að fólkinu hér á landi sé með eindæmum umhugað um náttúruvernd. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands og skapari hitaveitunnar að því er ímyndasérfræðingur hans segja, virðist hafa kunnigjört fjöldi þjóðhöfðingja frá því að hér aki enginn um vegi nema á vetnisbil og hús séu kynnt með heitu vatni af umhverfisástæðum einvörðungu. Já, Íslendingar eru bragðarefir.

Þá erum við iðulega tengd álfum og þykjum oft alveg ótrúlega krúttleg. Í raun má segja að þessi ímynd sé kraftaverki líkust því fátt ef nokkuð í fari Íslendinga minnir á umhverfisvernd. Við eigum að vísu bensinstöð þar sem hægt er að fylla strætóa af vetni en við eigum líka fánalega eyðslufreka og stóran bílafloata. Auk þess sem nú þykir fjöldi fólks frábær hugmynd að koma á fót olíuhreinsistöð á stóriðjulausum Vestfirðum.



Gúggli maður Íslandi í fréttasafni Goggle leitarsíðunnar sér maður að allar fréttir snúast nú um hvaladráp og ísbjarnadráp Íslendinga. Ekki þarf að taka fram að bæði dýrin þykja tákngervingar umhverfisverndar í heiminum. Út frá sjónarhorni þess sem vill skapa þjóðinni jákvæða ímynd í tengslum við umhverfisvernd þá er staða Íslendinga ægilega slæm um þessar mundir.

Þegar ég renndi yfir nýlegar umsagnir um Íslendinga á fréttasíðum heimsins í gær velti ég því fyrir mér hvers vegna engin þjóð hefði snuprað ráðamenn þjóðarinnar almennilega nýlega. Líklegasta skýringin þykir mér þó sú að fréttir veraldar af jarðskjálftunum og efnahagslífi á Íslandi hljóma svo svakalega að það kann að vera að veröldin haldi við höfum orðið að veiða hvali og ísbirni okkur til matar. Má því segja að skjálfti efnahagslífs og jarðar komi okkur undan vandræðunum í þetta skiptið.

## EKKI MISSA AF



▶ **16.45 F1 Tímataka Beint**  
STÖÐ 2 SPORT



▶ **19.10 Creature Comforts**  
STÖÐ 2



▶ **20.00 So You Think You Can Dance**  
STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.25 Bergmálsströnd (Echo Beach)**  
SJÓNVARPIÐ



▶ **22.50 Minding the Store**  
SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar**, Gurra grís, Lítill prinsessa, Herrarnenn, Bangsímón, Tumi og ég og Bitte nú!, Pip og Panik, Skúli skelfir. Hrúturinn Hreinn og Leyniþátturinn.

**10.00 Einu sinni var...** - Maðurinn

**10.30 EM 2008 - Upphitun** (e)

**11.00 Afhjúpun í Afganistan** (e)

**11.50 Saga rokksins** (2:7) (e)

**12.45 Gullmót í frjálsum íþróttum** (2:12) Uptaka frá gullmóti í frjálsum íþróttum sem fram fór á Bislett-leikvangnum í Ósló á föstudagskvöld.

**15.00 EM 2008 - Upphitun** 16.00 EM í fótbolta 2008 Bein útsending frá leik Svisslendinga og Tékká.

**17.50 Táknafréttir**

**18.00 Fréttir**

**18.23 Veður**

**18.25 EM 2008 - Upphitun**

**18.45 EM í fótbolta 2008** Bein útsending frá leik Portúgala og Tyrkja.

**20.45 Fréttayfirlit**

**20.50 Lottó**

**21.00 Sápugerðin** (Moving Wallpaper) (1:12) Bresk gamanþáttaröð um framleiðslu sápuóperunnar Bergmálsströndin.

▶ **21.25 Bergmálsströnd** (Echo Beach) (1:12) Bresk sápuópera um Susan og Daniel, fyrrverandi kærustupar í strandbænum Polnarren á Cornwall-skaga.

**21.50 EM 2008 - Samantekt**

**22.25 Múmían** (The Mummy)

**00.25 Alexander** (e)

**03.15 Útvarpsfréttir í dagskrárlök**

## BÍÓ

**06.00 Are We There Yet?**

**08.00 Not Without My Daughter** (e)

**10.00 Annapolis**

**12.00 Hitch**

**14.00 Are We There Yet?**

**16.00 Not Without My Daughter** (e)

**18.00 Annapolis**

**20.00 Hitch** Hitch ráðleggur kynbræðrum sínum um hvernig þeir eigi að bera sig að á stefnumótum. Þegar hann svo sjálfur hittir stóru ástina er hann ráðalaus.

**22.00 The Skeleton Key**

**00.00 I'll Sleep When I'm Dead**

**02.00 Trauma**

**04.00 The Skeleton Key**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Krakkarnir í næsta húsi, Gordon garðálfur, Funky Walley.

**07.45 Algjör Sveppi** Sveppi vaknar með börnunum og sýnir skemmtilegar teiknimyndir með íslensku tali.

**09.10 Íkornastrákurinn**

**09.25 Harry Potter and the Goblet of Fire** Fjórða myndin um galdratrákinn Harry Potter, byggð á bókinni Harry Potter og eld-bikarinn. Aðalhlutverk. Timothy Spall, Eric Sykes, David Tennant, Daniel Radcliffe.

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.30 Bold and the Beautiful**

**12.50 Bold and the Beautiful**

**13.30 Bold and the Beautiful**

**13.50 Bold and the Beautiful**

**14.15 Extreme Makeover. Home Edition**

**15.10 Curb Your Enthusiasm** (2:10)

**15.45 Friends** (1:24)

**16.15 Hell's Kitchen** (11:11)

**17.00 Two and a Half Men** (5:24) Fjórða serían bræðurna Charlie og Alan.

**17.25 Sjáðu** Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bióheiminum.

**17.55 Sjálfstætt fólk** Jón Ársæll Þórðarson ræðir við áhugavert fólk. um lífslaup þess og viðhorf.

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**19.10 Creature Comforts** (1:7) Þættir frá höfundum Wallace og Gromit um skrautleg dýr sem eiga í misgáfulegum samræðum sem fengnar eru að láni frá mannfólkinu.

**19.35 Primeval** (1:6) Hópur vísindamanna rannsakar hvað gerist þegar undarleg frávik í tíma eiga sér stað viðs vegar á Englandi.

**20.25 Fantastic Four** Ævintýraleg hasarmynd þar sem hópur geimfara verður fyrir geimgeislum og öðlast ofurkrafta. Aðalhlutverk: Ioan Gruffudd, Jessica Alba, Chris Evans, Michael Chiklis.

**22.10 The Descent** Hrollvekja um nokkrar vinkonur sem fara í hellaskoðun en lenda í miklum hremmingum þegar þær lokast inni. Aðalhlutverk. Shauna Macdonald, Alex Reid, Natalie Jackson Mendoza.

**23.45 Enemy Mine**

**01.15 Laws of Attraction**

**02.45 Kill Bill. Vol. 2**

**04.55 Primeval** (1:6)

**05.45 Fréttir**

**06.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ**

## SPORT

besta sætið

**10.15 PGA Tour 2008 - Hápunktar** Farið er yfir það helsta sem er að gerast á PGA-mótardöðinni í golfi.

**11.10 Inside the PGA** Skyggst á bak við tjöldin í PGA-mótardöðinni og tímabilið framundan skoðað.

**11.35 Landsbankadeildin 2008** Fylkir - Þróttur

**13.25 Formula 3** Rockingham

**13.55 Formúla 1 2008** Bein útsending frá æfingum fyrir Formúlu 1 kappaksturinn.

**15.00 Ensku bikarmörkin** Veturinn gerður upp í ensku bikarkeppninni.

**16.05 F1. Við rásmarkíð** Hitað upp fyrir Formúla 1 kappaksturinn. Spjallþáttur þar sem fjallað verður um Formúlu 1 á mannlugu nótnum.

▶ **16.45 Formúla 1 2008** Bein útsending frá tímatakunni fyrir Formúlu 1 kappaksturinn í Kanada.

**18.20 Boston - LA Lakers** Útsending frá leik í úrslitakeppni NBA körfuboltans.

**20.20 World Poker Tour Ladies Night** Þáttur um heimsmótardöðina í póker.

**21.50 Formúla 1 2008** (e)

**23.25 Bernard Hopkins-Joe Calzaghe** Útsending frá bardaga Hopkins og Calzaghe.

## SPORT 2

**15.05 EM 2008 - Upphitun** Spánn-Rússland. Liðin og leikmennirnir á EM eru kynnt til leiks.

**15.35 EM 2008 - Upphitun** Svíþjóð-Grikkland

**16.05 Bestu leikirnir** Chelsea-Arsenal

**17.50 10 Bestu - Guðni Bergsson** Annar þáttur af tíu þar sem fjallað verður um tíu bestu fótboltamenn landsins.

**18.40 Football Rivalries** Fjallað um rígg Celtic og Rangers innan vallar sem utan.

**19.35 Premier League World** Enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum hlöðum.

**20.05 1001 Goals** Bestu mörk úrvalsdeildarinnar frá upphafi.

**21.00 EM 4 4 2** Guðni Bergs og Heimir Karls renna yfir hvern leikdag á EM.

**21.30 Oliver Kahn** Heimildarmyndarþáttur um markvörðinn Oliver Kahn.

**23.00 PL Classic Matches** Tottenham - Manchester Utd.

**23.30 PL Classic Matches** Wimbledon - Newcastle, 95/96.

**00.00 EM 4 4 2**

## SKJÁREINN

**09.50 Vörutorg**

**10.50 World Cup of Pool 2007 Lokaþáttur** Heimsbikarkeppni í pool sem fór fram Rotterdam í Hollandi fyrir skömmu. Þar mætti 31 þjóð til leiks með tveggja manna lið. Þetta er í annað sinn sem þessi keppni er haldin og sigurvegarnir frá því 2006, þeir Efrén Reyes og Francisco Bustamante frá Filippseyjum freista þess að verja titilinn.

**11.40 MotoGP - Hápunktar**

**12.40 Rachael Ray** (e)

**14.10 Top Chef** (e)

**15.00 Are You Smarter than a 5th Grader?** (e)

**15.50 Kid Nation** (e)

**16.40 Top Gear** (e)

**17.40 Survivor. Micronesia** (e)

**19.10 How to Look Good Naked** (e)

**19.45 Everybody Hates Chris** (e)

**20.10 Eureka** Bandarísk þáttaröð sem gerist í litlum bæ með stórt leyndarmál. Þar hefur helstu snillingum heims verið safnað saman og allt getur gerst. (e)

**21.00 Boston Legal** (e)

**22.00 Jekyll** (e)

▶ **22.50 Minding the Store** (8.10) Raunveruleikasería þar sem grínistinn Pauly Shore freistar þess að snúa við rekstrinum á einum frægasta grínklúbba Bandaríkjanna, The Comedy Store í Los Angeles. Fjölskylda hans á og rekur klúbbinn sem hefur um árin verið fyrsti starfsvettvangur margra frægra grínista Hollywood. Nú er hins vegar allt komið í óefni og Pauly fær það hlutverk að endurvekja vinsældir staðans. Hann notar óhefðbundnar aðferðir og útkoman er bráðfyndin.

**23.15 Svalbarði** (e)

**00.15 C.S.I.** (e)

**01.05 The Eleventh Hour** (e)

**01.55 Professional Poker Tour** (e)

**03.25 C.S.I.** (e)

**04.05 C.S.I.** (e)

**04.45 Vörutorg**

**05.45 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Fréttir og Föstudagsþátturinn** Farið yfir fréttir liðinnar viku. Endurtekinn á klt. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

# SUMMAR TILBOÐ

STÚTFULL BÚÐ AF SPENNANDI SUMARTILBOÐUM



# TÖLVUTEK

Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

EITT MESTA  
ÚRVAL LANDSINS  
CREATIVE  
HVERGI BETRA  
VERÐ



**STONE**  
**1GB MP3**

Ótrúlega nettur Creative mp3 spilari með heymartölum og hleðslurafhloðu

**4.990**

## Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 19.35  
Primeval

Sérstaklega vandaðir og æsispennandi þættir um hóp vísindamanna sem rannsaka hvað gerist þegar undarleg frávík í tíma eiga sér stað víðs vegar á Englandi. Óheppileg hlíðarverkun veldur því að risaeðlur eiga nú greiðan aðgang inn í nútímann og það gerir rannsóknarhópnum mun erfiðara fyrir.



► VIÐ MÆLUM MED  
EM í fótbolta BEINT  
Sjónvarpið kl. 16.00 og  
18.45

Sjónvarpið sýnir í dag tvo leiki frá EM í fótbolta í beinni útsendingu. Fyrst er það leikur Sviss og Tékklands kl. 16.00 en seinni leikurinn er kl. 18.45 og þá spila Portúgalar og Tyrkir. Þorsteinn J. stjórnar upphitun fyrir hvern leik en einnig verður samantekt úr leikjum dagsins kl. 21.50.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.30 Árla dags	17.05 Brjóstdropar
06.50 Bæn	18.00 Kvöldfréttir
08.00 Morgunfréttir	18.24 Auglýsingar
08.05 Út um víðan völl	18.26 Betri stofan
09.03 Út um græna grundu	18.52 Dánarfregnir og auglýsingar
10.15 Mánafjöll	19.00 Bravó, bravó !
11.00 Vikulokin	20.00 Sögur af sjó og landi
12.00 Hádegisútvarp	21.00 Kvöldtónar
12.20 Hádegisfréttir	21.30 Úr gullkistunni
13.00 Krossgötur	22.12 Orð kvöldsins
14.00 Umhverfis jörðina	22.15 Loki er minn Guð: Um skáldskap Guðbergs Bergssonar
15.00 Tímakorn	23.10 Villtir strengir og vangadans
15.40 Með laugardagskaffinu	00.07 Næturtonar
16.00 Síðdegisfréttir	
16.10 Hvað á að gera við stelpuna ?	

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Lítt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

## EXTRA

15.00 Hollyoaks

15.25 Hollyoaks

15.50 Hollyoaks

16.15 Hollyoaks

16.40 Hollyoaks

19.00 Talk Show With Spike Feresten

13:22) Spike Feresten fær til sín öll stóru nöfnin í Hollywood en gestirnir taka meðal annars þátt í alls kyns grínatriðum sem eru oftar en ekki ansi langt úti.

19.30 Comedy Inc. (18:22) Sprenghlægi- legur ástralskur sketsaþáttur sem slær öllum öðrum við.

► 20.00 So You Think You Can Dance

2 Dansinn hefst á ný 23 júní á Stöð 2. Í því tilefni rifjum við upp danstaktana hjá þáttakendum úr seríu 2. Dómaramir fóru víða um Bandaríkin í leit af bestu dönsurum landsins.

21.30 So You Think You Can Dance

22.35 Entourage (9:20) Rauna- legt framapöt Vincents og félagi í Hollywood heldur áfram í verðlaunabáttum sem eru lauslega byggðir á fyrstu árum Marks Wahlbergs í bíóborginni.

23.05 The Class (9:19)

23.35 Talk Show With Spike Feresten (13:22)

00.05 Comedy Inc. (18:22)

00.30 So You Think You Can Dance 2

02.00 So You Think You Can Dance 2

03.05 Entourage (9:20)

03.30 The Class (9:19)

03.55 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

## BBC PRIME

10.00 The Weakest Link 11.00 Ballykissangel  
12.00 Ballykissangel 13.00 Ballykissangel 14.00  
Ballykissangel 15.00 Ballykissangel 16.00  
Ballykissangel 17.00 Doctor Who 17.45 Doctor  
Who Confidential 18.00 Doctor Who 18.45 Doctor  
Who Confidential 19.00 The Murder Room 20.30  
The League of Gentlemen 21.00 The League  
of Gentlemen 21.30 The League of Gentlemen  
22.00 Doctor Who 22.45 Doctor Who Confidential  
23.00 Doctor Who 23.45 Doctor Who Confidential  
0.00 The Murder Room

## DR 1

10.00 DR Update - nyheder og vejr 10.10 Boogie  
Listen 11.10 Naturens dyrebarn 12.00 Truslen  
fra dybet 12.50 Far til fire med fuld musik 14.20  
Det lille hus på prærien 15.10 Før søndagen  
15.20 Held og Lotto 15.30 Dragen 16.00 Natur  
til hele banden 16.30 TV Avisen med vejret  
16.55 SportNyt 17.10 Ganges - livets flod 18.00  
Solkongen 19.25 Kriminalkommissær Barnaby  
21.00 Conviction 21.40 Thirteen Days

## NK1

8.20 Håp i hangande snøre 8.45 Kunnskapskanalen  
2008 9.35 Aldri annet enn bråk 10.55 Fridrett:  
Golden League - Bislett Games 13.05 Isle of Wight  
2007 14.35 Drømmerollen 15.35 Perspektiv: Og  
nå: Reklame! 16.00 Barne-tv 16.30 Malena 17.00  
Lördagsrevyen 17.45 Lotto-trekning 17.55 Hvilket  
liv! 18.25 Edel vare 19.25 Sjukhuset i Aidenfield  
20.15 Louis Theroux hos en hatet familie 21.15  
Kveldsnytt 21.35 Paradiset 23.25 Dansefot juke-  
boks med chat

## SVT 1

9.50 Plus sommar 10.20 Ers Kungliga Höghet  
Westling 11.30 Ett vanligt liv 12.25 Uppdrag  
Granskning 13.25 Kören - killar sjunger inte 14.15  
Sthlm 15.00 Tre kärlekar 16.00 Bolibompa 16.05  
Disneydags 17.00 Bröderna Lejonhjärta 17.30  
Rapport 17.45 Sportnytt 18.00 Fredriksdalsteatern:  
Den stora premiären 20.15 Winston Churchill  
21.50 Rapport 21.55 Prinsessan och krigaren

# EM VEISLAN HEFST Í DAG!



4 RIÐLAR, 16 LIÐ, HRIKALEG SPENNA,  
VÖNDUÐ UMFJÖLLUN FYRIR OG EFTIR LEIK.



SVT 1  
SJÓNVARPIÐ

JÚNÍ ER TÍMINN!

## PERSÓNAN

Árni Finnson



**Aldur:** 50 ára.  
**Starf:** Formaður Náttúruverndar-samtaka Íslands, og starfa fyrir Green Peace á Norðurlöndum.  
**Fjölskylda:** Kvæntur Hrafnhildi Arnkelsdóttur, skrifstofustjóra Hagstofunnar. Pau eiga tvær dætur, Láru og Karítas.  
**Foreldrar:** Hulda Árnadóttir, fyrrverandi kennari, og Finnur Torfi Hjörleifsson, fyrrverandi dómari.  
**Búseta:** Grandavegi, Vesturbæ.  
**Stjórnumerkir:** Hrútur.

Árni Finnson harmaði að ísbjörninn í Skagafirði náðist ekki lifandi, en ísbirnir eru í útrýmingarhættu.

## Opnunartími Ölstofu og Vegamóta stytur

„Eftir yndislegan fund í ráðhúsinu fyrr í vikunni með öllum sem að þessum málum koma, meðal annarra borgarstjóra og Stefáni Eiríkssyni lögreglustjóra þar sem kom fram einlægur vilji til að leysa vandamál í sameiningu fengum við bréf þar sem okkur er gert að stytta afgreiðslutímann,“ segir Kormákur Geirhardsson, vert á Ölstofunni.

Honum, ásamt eigendum Vegamóta, hefur borist bréf frá borgaryfirvöldum þar sem þeim er gert að loka stöðum sínum klukkan þrjú um helgar en ekki hálf sex, eins og verið hefur. Samkvæmt tilskipun á þessi breyting að taka gildi hálfum mánuði frá dagsetningu bréfsins sem barst þeim á fimmtudag. Fréttablaðið hefur fjallað um ýfingar íbúa í miðborginni við veitingastaðaeigendur en eftir að reykningabannið gekk í gildi hefur hávaði við veitingastaði aukist til muna.

Lögreglustjóri hefur mælt með styttri afgreiðslutíma sem lausn á þessum vanda en veitingastaðaeigendur vilja meina að það sé engin lausn.

Það er þungt í Kormáki hljóðið vegna þessa. Hann segir þetta hnífstungu í bakið því þrátt fyrir viljayfirlýsingar þess efnis um að leysa beri vandann í sameiningu, séu boð og bönn eina sem í boði er. „Við munum berjast gegn þessu. Og þurfum að verja hundruðum þúsunda í lögfræðikostnað,“ segir Kormákur sem segir rekstrargrundvelli kipt undan staðnum með þessu. Og það sem verra er, þá mun vandinn enn vera til staðar eftir sem áður að hans mati verði þetta lendingin. „Heilbrigðis- og sam-

göngunefnd byggir þetta á skýrslum lögreglustjóra um kvartanir. Við höfum viljað skoða það nánar, teljum þessar kvartanir koma mest frá einu símanúmeri og það er hart ef ég get, ef mér býður svo við að horfa, lagt einhvern tiltekinn stað í einelti.

Hringt stöðugt í lögreglu með kvartanir og komið því svo fyrir að honum sé bara lokað. Við erum með hundrað manns í vinnu.“

- jbg

**KORMÁKUR GEIRHARDSSON** Þeir á Ölstofunni ætla að berjast gegn tilskipun um styttað opnunartíma með öllum tiltækum ráðum.



1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

## LÁRÉTT

2. sælgæti, 6. guð, 8. duft, 9. angan, 11. gelf, 12. orðtak, 14. urga, 16. klafi, 17. ennþá, 18. málmur, 20. tveir eins, 21. hófdýr.

## LÓÐRÉTT

1. fjúk, 3. kringum, 4. gróðrahyggja, 5. hamfletta, 7. sambandsríkis, 10. skraf, 13. atvikast, 15. sál, 16. pota, 19. ónefndur.

## LAUSN

andl, 16. óta, 19. nn, 5. flá, 7. alríkis, 10. mas, 13. ske, 15. lóðrétt, 1. dríf, 3. um, 4. fegimnd.

enn, 18. tñ, 20. dd, 21. asnl, 11. gá, 12. frast, 14. ískra, 16. ok, 17. lárétt, 2. buff, 6. ra, 8. mál, 9. ilm.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8

- 1 Sigurður Tómas Magnússon.
- 2 Austurríki og Sviss.
- 3 Jón Gnarr.



## ÍRIS OG MARÍA: TVEIR ÓDÝRIR VEITINGASTAÐIR VEKJA ATHYGLI

## Berja niður okrið á Laugavegi

Það er kreppa og dýrtíð. Tveir veitingastaðir á Laugavegi 22 spyrna við fótum og bjóða upp á ódýrari mat en gengur og gerist. Fólkið sem rekur staðina segist hugsa um annað en gróða. Það er sátt ef það kemur út á núlli.

„Við vorum bara búin að fá nóg af því að fá okkur samlokur og gos á 2.500 kall,“ segir Íris Dögg Konráðsdóttir, einn af eigendum 22, sem opnaði fyrir viku undir gamla nafninu. Hafði heitið Barinn um hríð. „Við erum að gera okkar besta til að standa okkur á krepputímum,“ segir Íris. „Matseðilinn er skemmtilegur og pínulítið öðruvísi en gengur og gerist og dýrasti rétturinn kostar 1.290 kr, alvöru steikarsamloka úr nautafille.“

Við hliðina er Santa María, veitingastaður í mexíkóskum stíl þar sem enginn réttur kostar yfir þúsund krónum. María Hjálmtýsdóttir rekur staðinn ásamt mexíkóskum eiginmanni sínum, Ernesto Ortiz. „Fyrst og fremst byrjuðum við með staðinn vegna þess að við tímduðum voða lítið að fara út að borða sjálf því okkur fannst allt svo hrikalega dýrt,“ segir María. „Við lítum frekar á þetta sem atvinnusköpun fyrir fjölskylduna og það góða fólk sem vill vinna með okkur. Við opnuðum ekki staðinn til að sitja sjálf heima og bíða eftir peningum í vasann. Okkur langar hvorki í Rolex né Range Rover. Ef okkur tekst að borga öllum laun og borga alla reikninga er takmarkinu náð. Við



**REYNUM AÐ STANDA OKKUR Á KREPPUTÍMUM** Íris Dögg Konráðsdóttir, ein af eigendum 22. Hún var orðin leið á því að borga 2.500 krónur fyrir samloku og gos. Nú kostar dýrasti rétturinn 1.290 krónur.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

látum allt kosta þannig að okkur finnst við vera sanngjörn og allir séu glaðir.“

Móttökur almennings hafa verið frábærar og fullt er út úr dyrum á hverju kvöldi – „enda margir orðnir leiðir á okrinu,“ segir María. „Einhverjir veitingahúsaegendur hér í nágrenninu hafa þó látið okkur vita að þeim finnst þetta ósanngjörn samkeppni við sig. En við höldum okkar striki, enda þurfum við ekki að smyrja ofan á matinn fyrir tíu milljóna króna svarthvítri og ferkantaðri innanhúshönnun. Þegar við opnuðum staðinn höldum við í sem mest af innréttunum og máluðum svo bara sjálf.“

gunnarh@frettabladid.is



**LANGAR HVORKI Í ROLEX NÉ RANGE ROVER** Ernesto Ortiz hjá Santa María þar sem allir réttir eru undir þúsundkallinum. Sannkölluð vin í eyðimörkinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Furðuleg saga gengur þess efnis að **Megas** hafi selt lagið „Ef þú smælur framan í heiminn“ í auglýsingu Toyota. Íslenska auglýsingastofan á að hafa skrifað handritið, Pegasus kvikmyndað og Megas að hafa þegið 1,3 milljón fyrir. Mun þetta þá vera fyrsta lag sem Megas selur í auglýsingu. Griðarleg



leynd er um málið og allir aðilar neita að staðfesta eitt eða neitt nema umboðsmaður Megasar, **Rúnar Birgisson**, sem segir ekkert slíkt í spilunum. Þegar Megas sé annars vegar sjá ekki í hann fyrir kjaftasögum en Rúnar eigi hins vegar fullt af óútfylltum reikningum sem hann vilji gjarnan senda út vanti einhvern lag í auglýsingu.

**Jón Gnarr** lýsti því yfir við Fréttablaðið að hann treysti sér ekki lengur í messur hjá kaþólsku kirkjunni eftir tvær Síma-auglýsingar. Andrúmsloftið væri með þeim hætti að honum myndist hann ekki velkominn. Ekki er hins vegar að sjá á vefsíðu kaþólsku kirkjunnar að henni sé eitthvað mikið í nöp við grínistann því á heimasíðu hennar er Jón Gnarr enn titlaður sem umsjónarmaður bókasölu.



**Sturla Jónsson** og félagar tilkynntu í gær stofnun Lýðræðisflokksins. Stuttu síðar steig Ástþór Magnússon fram og sagðist eiga nafnið og myndi ekki láta það af hendi. Sturla svaraði því til að annað nafn skyldi fundið og klykkti út með góðri lífsspeki: „Lífið er of stutt til þess að vera að standa í deilum.“ Það var einmitt það.

-jbg/fgg/shs



**Gefðu vatn**  
 Hjálparstarf kirkjunnar  
 www.hjelp.is

**40% AFSLÁTTUR**

**SUMARVÖRUR ÚR BASTI**  
**40% AFSLÁTTUR**

**TEKK COMPANY**

BÆJARLIND 14-16 | 201 KÚPAVOGI  
 SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | WWW.TEKK.IS

## Pólverjar sleppa íslenskri EM

Tæplega helmingur þeirra Pólverja sem búa hér á landi kys frekar að horfa á útsendingar frá heimalandi sínu af EM en útsendingar RÚV. Þetta segir Maciek Kaczynski, dyggur stuðningsmaður pólska landsliðsins og starfsmaður RVR-Kontrol. Fréttablaðið náði í skottið á Maciek og reyndi forvitnast hvernig honum litist að horfa á Evrópumótið í knattspyrnu með íslenskri lýsingu. Til að forðast allan misskilning þá er Maciek ekkert skyldur forseta landsins, Lech Kaczynski, þótt þeir beri sama eftirnafn.

„Við náum beinum útsendingum í gegnum gervihnöttinn og getum þannig fylgst með okkar mönnum,“ segir Maciek en mikil stemning er í Póllandi um þessar mundir vegna þátttökunnar á EM enda í fyrsta skipti sem liðið nær svona langt í þessari keppni.

Maciek segist hafa heyrt af því að í stærstu borgunum ætli fólk að hengja pólska fánann upp hvar sem það verður hægt. Hann íhugi jafnvel að taka upp síð landa sinna og setja pólska fánann út á svalir þegar leikir liðsins færu fram. Hins vegar er fyrsti leikurinn mjög erfiður, gegn erkifjendunum í Þýskalandi. „Þýskaland er með mjög sterkt lið en Leo Beenhakker er að gera mjög góða hluti. Ég spái því að leikurinn fari annaðhvort 1-1 eða 0-0. Við



**HORFIR Á PÓLSKU ÚTGÁFUNA** Maciek hyggst ekki horfa á Hrafnkel Kristjánsson eða Þorstein Joð heldur kys frekar pólska starfsbræður þeirra.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

megum alltént ekki tapa honum.“

Samkvæmt Hagstofunni búa tæplega níu þúsund manns hér á landi sem eru með pólskt ríkisfang. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er sú tala þó mun hærrí að mati Pólverja því inni í þeirri tölu eru ekki þeir Pólverjar sem hafa fengið íslenskt ríkisfang á undanförunum árum.

- fgg

Ómótstæðilegt sumartilboð

40% afsláttur  
af BLING húsgagnalínunni



Gerum hús að heimili

**TEKK**  
COMPANY

OPÍÐ ALLA VIRKA DAGA 10-18 OG LAUGARDAGA 10-16

BÆJARLIND 14-16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS | WWW.TEKK.IS

## MEST LESIÐ:

Háskólakennarinn játar: Vill biðja konu og börn afsökunar

Sturla stofnar Lýðræðisflokkinn

Eiður aftur í enska boltann?

Vilhjálmur P. gjóftist Guðrúnu á afmælisdegi hennar

visir.is

...ég sá það á visir.is



**BAKÞANKAR**  
Bergsteins  
Sigurðssonar

## Æran hans Geira

Héraðsdómur Reykjavíkur skar úr um í vikunni að umfjöllun tímaritsins Ísafoldar um Geira á Goldfinger hefði vegið að æru hans. Ekki hefðu verið færðar sönnur á áskanir um að á Goldfinger færi fram mansal og vændi. Geiri fékk milljón til að jafna sig.

**AUÐVITAÐ** er það sjálfsgöð krafa að færð séu sterk rök fyrir ávirðingum á borð við þær sem bornar voru á Geira í Ísafold. Hafi það ekki verið gert á dómstóll að dæma ummælin dauð og ómerk. Mér er hins vegar fyrirmunar að skilja hvornig í ósköpunum héraðsdómi tókst að komast að þeirri niðurstöðu að æra Geira beðið slíka hnekki að það kosti ekki undir milljón að rétta hana við. Ef orðspor Geira væri alþjóðlegur gjaldmiðill væri það íslenska krónan: verðlaust, til trafala og of hátt skráð.

**ÞAÐ** er nefnilega þannig að um nokkurt skeið hefur Geiri unnið ótulluga að því að skapa sér mynd ógeðfellds nektarbullueigenda með óhreint mjöl í pokahorninu sem vilar fátt fyrir sér til að ná sínu fram. Tveggja ára gamlar fréttir af handtöku Geira, eftir að hann ruddist inn á Bóhem við fimmta mann og hélt þar fólki nauðugu, benda til að þessi mynd sé ekki fullkomlega innistæðulaus. Hvort sem áskanir Ísafoldar eru sannar eða ekki, eru þær í fullu samræmi við þann orðstír sem Geiri á Goldfinger hefur leynt og ljóst getið sér.

**EKKI** er útskýrt í dómnum hvað liggur að baki upphæðinni sem Geira var dæmd, hvornig tjón hans var metið. Mögulega töldu dómarnir að áskanirnar hefðu kostað Geira viðskipti. Eflaust væri það gild röksemd ef Geiri væri eigandi Heklu eða Kaffitárs. En Geiri selur ekki bíla eða kaffi heldur hefur atvinnu af því að höfða til lægstu hvata mannsins. Eitthvað segir mér að fastagestum á Goldfinger þyki brigðslyrói um vændi og mansal engin sérstök fyrirstaða fyrir því að venja komur sínar þangað.

**DÓMURINN** er líka enn eitt dæmið um snarhækkandi miskabætur í meidyrðamálum, meðan bætur til þolenda kynferðisbrota standa í stað. Það er eins og dómarnar hafi einhvern tímunn orðið ásáttir um að þolendur kynferðisbrota skyldi bættur skaðinn með andvirði notaðs fellihýsis og við það sitji. Nú er hins vegar lag fyrir réttarkerfið að koma skikk á skaðabótamatið með því að búa til sérstakan gullfót, eða réttara sagt gullfingur; fastan ærustuðul Geira á Goldfinger sem allar miskabætur tækju mið af. Í nauðgunarmálum þyrfti bara að slá tuttugu prósent af.

# Úti á túni



MYNTA blómapottur, svart, innamál Ø32, H21,5 cm 2.490,-



SALVIA blómapottur, galvaniserað, ryðfrítt stál, innamál 25, H20 cm 695,-



SOMMAR lugtir f/kubbakerti, ýmsir litir B24xH44 cm 1.690,-/stk.



5.490,-

ÄPPLARÖ hægingastóll, gegnheill akasíuviður, sætishæð 41 cm




SKINA ljósker, rafhlöðuknúin, ýmsir litir 595,-/stk.



SOMMAR kubbakerti, röndótt, ýmsir litir Ø7, H16 cm




SOMMAR strandpokar, ýmsir litir B45xH45 cm 150,-/stk.



SOMMAR dúkahaldarar, ýmsir litir 495,-/4 í pk.



SOMMAR púðar, ýmsir litir Ø25 cm 795,-/stk.



SKINA útiseriur, 5 perur, ýmsir litir 1.790,-

## ÚTIBLÓM

Sumarblóm og pottar í miklu úrvali



1.290,-

STJÚPUR sumarblóm, 20 stk. íslensk framleiðsla 1. fl. ýmsir litir



MYNTA blómapottur rauðbrúnt, innamál Ø52, H17 cm 3.690,-



595,-

PETÚNÍA sumarblóm, ýmsir litir



595,-

LOBELÍA sumarblóm



MYNTA blómapottur Ø32, H30 cm 1.790,-



7.990,-


KARLSÖ sólhlíf, ýmsir litir B260xL260, H258 cm




ÄPPLARÖ línar, olíuborinn gegnheill akasíuviður. Fellistóll sætishæð 45 cm 4.890,-  
Felliborð L20/133xD62, H71 cm 8.990,-



SOMMAR garðpokar, ýmsir litir Ø40, H40 cm 295,-/stk.



GRENÖ hengirúm, ýmsir litir B140xL220 cm 4.990,-



SOMMAR ísskeiðar, ýmsir litir L17 cm 95,-/stk.

**GÓÐAN DAG!**  
Í dag er laugardagurinn 7. júní, 160. dagur ársins.

Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík 3.09	13.26	23.46
Akureyri 3.07	13.27	23.48

Heimild: Almanak Háskólans

Morgunmatur frá kl. 9:00 - 11:00 mánudaga - laugardaga

195,-

Kjúklingalæri með kúskús, grilluðu grænmeti og BBQ jógurtsósu

640,-

**IKEA**

Opið virka daga 10.00 - 20.00  
Opið laugardaga 10.00 - 18.00  
Opið sunnudaga 12.00 - 18.00

Veitingastaður opnaður klukkutíma fyrir en verslun

www.IKEA.is